


**SVANHILDUR EINARSDÓTTIR**

*Fjölbreytt notagildi flíkurinnar heillaði*

• tíska • börn

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**ÞORRINN**

*Þorramatur, drykkir og hátíðabúningar*

Sérblað um þorrann

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**ÁRNI RÚNAR HLÖÐVERSSON**

*Ætlar að kæra lögregluna*

Sárt að fá kylfur í bakið fyrir friðsöm mótmæli

**FÓLK 46**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. janúar 2009 — 20. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR



**Jákvæðari viðhorf**

Q-félag hinsegin stúdenta fagnar tíu ára afmæli um þessar mundir.

**TÍMAMÓT 26**

**Sérgáfur til góðs**

Thorkil Sonne vill nýta krafta einhverfra á vinnumarkaði.

**TILVERA 14**

**Mikil spenna**

Tilnefningar til Óskarsverðlaunanna verða kynntar í dag.



**KVIKMYNDIR 34**

**Ungur og efnilegur**

Hinn fjórtán ára Valur Orri Valsson hjá Njarðvík er yngsti leikmaður úrvalsdeildarinnar í körfubolta.



**ÍÞRÓTTIR 42**

## VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR** Í dag verður víða norðaustan hvassviðri eða stormur, hvassast suðaustan til og síðan norðvestan til síðdegis. Rigning eða slydda suðaustan og austan til, snjó- eða slydduél nyrðra annars úrkomulítið.

**VEÐUR 4**



**VIÐ STJÓRNARRÁÐIÐ Í GÆR** Geir H. Haarde forsætisráðherra þurfti liðsinni lögreglu við að komast frá Stjórnarráðinu í gær. Talið er að um þúsund mótmælendur hafi verið samankomnir og héldu þeir uppi kröfu um að boðað yrði til kosninga án tafar. Geir afboðaði fund með blaðamönnum sem fara átti fram um kaffileytið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Krafa um stjórnarslit og kosningar í vor

**Samfylkingarfélagið í Reykjavík vill slíta ríkisstjórnarsamstarfinu. Innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins eykst krafa um að flýta kosningum. Forsætisráðherra segir glapræði að efna til kosninga nú. Mótmælt er víða um land.**

**STJÓRNMÁL** Harðri andstöðu við ríkisstjórnarsamstarfið var lýst á fjölmennum fundi Samfylkingarfélagsins í Reykjavík í gærkvöldi. Þingmenn jafnt sem almennir flokksmenn sögðu rétt að kjósa í vor.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, og Lúðvík Bergvinsson þingflokksformaður vilja báðir að kosið verði í vor. Raunar er meirihluti þingflokksins þeirrar skoðunar.

Geir H. Haarde forsætisráðherra er á öðru máli. Hann telur mikið glapræði að efna til kosninga nú enda standi ríkisstjórnin í stórræðum. Geir segir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra hafa staðfest við sig í símtali í gær að stjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar væri ekki í hættu.

Á fundi þingflokks Sjálfstæðisflokksins í gær voru margar hliðar pólitíska og þjóðfélagslega ástandsins ræddar. Þótt þingmenn væru sammála um að óábyrgt væri

> Það væri gríðarlegt ólán fyrir allan almenning í landinu ... Kosningar í vor væru mikið glapræði.
>
> **GEIR H. HAARDE**
> FORSÆTISRÁÐHERRA

að boða til kosninga nú eru sumir þeirra þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að tímasetja kosningar. Með því væri mögulegt að koma á ró í samfélaginu. Í Kastljósi Sjónvarpsins í gærkvöldi sagði Geir ekkert mæla gegn því að kjósa næsta vetur.

Geir hefur verið gagnrýndur af samflokksmönnum sínum fyrir að beita sér ekki fyrir breytingum á yfirstjórn Seðlabanka og Fjármálaeftirlits.

Á fundi Samfylkingarfélagsins í Reykjavík sagði Lúðvík Bergvinsson nauðsynlegt að gera mannabreytingar í stofnunum tveimur.

Formaður Framsóknarflokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, sagði í gær flokk sinn reiðubúinn að verja minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna falli, gegn því að efnt verði til kosninga fyrir aprílok. Samfylkingin hefur ekki áhuga á slíku stjórnarsamstarfi en Steingrímur J. Sigfússon fagnaði hugmyndinni.

Áfram var mótmælt af krafti við Alþingi í gær þar sem talið er að vel á þriðja þúsund mótmælendur hafi komið saman.

Mótmælendur tóku sér einnig stöðu við Stjórnarráðið þar sem Geir H. Haarde, forsætisráðherra þurfti aðstoð lögreglu við að komast frá Stjórnarráðinu.

Á níunda tímanum í gærkvöldi kom hópur mótmælenda saman við Þjóðleikhúsið þar sem Samfylkingarfélagið í Reykjavík fundaði um framtíð stjórnarsamstarfsins.

Rætt verður um stöðu efnahagsmála og horfur á vinnumarkaði á þingfundi sem hefst klukkan hálf ellefu í dag.

**- bþs** / **sjá síður 4, 6, 8 og 10**

Stjórnarráðið í gær:

## Mótmælendur veittust að Geir

**STJÓRNMÁL Mótmælendur veittust að bíl Geirs H. Haarde forsætisráðherra við Stjórnarráðið í gær. Þeir hentu eggjum í bifreið hans og kröfðust þess að boðað yrði til kosninga án tafar.**

**Geir þurfti aðstoð lögreglu við að komast af bílastæði sínu. Aðspurður viðurkenndi Geir að sér hafi verið brugðið við ágang fólksins.** **- shá**







**SPURNING DAGSINS**



*Kristín, eru þetta góð teikn?*

„Já, það eru ýmis teikn á lofti."

Kristín Ragna Gunnarsdóttir teiknari hlaut Dimmalimm, íslensku myndskreytiverðlaunin, fyrir myndskreytingu bókarinnar Örlög guðanna.

Viðskiptaráðherra setur reglugerð varðandi milliinnheimtu:

# Þak sett á innheimtukostnað

**NEYTENDUR** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur undirritað reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Hingað til hefur ekki verið þak á þeirri upphæð sem innheimtufyrirtæki, til dæmis Intrum eða Momentum, hafa getað sett á innheimtu sína.

„Þetta er langþráður áfangi og þetta baráttuatriði ýmissa forvera minna næst loks í gegn. Það er sérstaklega mikilvægt í því árferði sem nú er. Það þekkja það margir að lágar skuldir detta í innheimtu og við það hafa tugir þúsunda bæst ofan á upphæðina. Nú er komið hámark á þessa upphæð," segir Björgvin. „Þetta er réttarbót fyrir neytendur og skjól gagnvart fólki."



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Hefur undirritað reglugerð um hámark á innheimtukostnað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samkvæmt reglugerðinni má aðeins taka 900 krónur fyrir skyldubundna innheimtuviðvörun frá innheimtuaðila, eftir gjalddaga kröfu. Mismunandi upphæðir má leggja á önnur milliinnheimtubréf; allt frá 1.250 krónum til 5.500 fyrir hærri kröfur.

Samkvæmt lögunum á skuldari rétt á að fá innheimtuviðvörun gegn vægu gjaldi eftir gjalddaga. Því má ekki lengur hefja löginnheimtu, til dæmis með greiðsluviðvörun með háum kostnaði, strax eftir að krafa er komin í vanskil.

Reglugerðin tekur gildi 1. febrúar. - kóp

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

## Kemur heim í lok vikunnar

**STJÓRNMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, er væntanleg til landsins nú í vikulokin.**

**Ingibjörg hefur undanfarna viku dvalist á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi. Þar gekkst hún undir aðgerð þar sem sýni voru tekin vegna heilaæxlis og hluti þess jafnframt fjarlægður. Í tilkynningu frá Samfylkingunni er aðgerðin sögð hafa heppnast vel.**

**Ingibjörg verður lögð inn á Landspítalann þar sem læknar munu taka ákvörðun um framhald á meðferð hennar.** - hhs

Eins árs fangelsi:

## Misþyrmingar og nauðgun

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í eins árs fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að svipta unnustu sína frelsi, ráðast á hana og nauðga henni. Níu mánuðir voru skilorðsbundnir.**

**Hann var ákærður fyrir að fara inn í íbúð þar sem hún var gestkomandi, toga hana út úr íbúðinni og inn í bíl sem hann ók síðan á brott. Síðan misþyrmdi hann konunni með ýmsum hætti, dró hana meðal annars á hárinu eftir möl og gangstétt, upp stiga og inn í íbúð hennar. Þar veittist hann enn að henni með líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi.**

**Hann á að greiða konunni rúmlega 600 þúsund í skaðabætur.** - jss

Sjávarútvegsstefna ESB:

## Ísland leggi endurskoðun lið

**EVRÓPUMÁL** Framkvæmdastjórn ESB hefur boðið sjávarútvegsráðuneytinu að skipa íslenskan fulltrúa til að taka þátt í endurskoðun sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu sambandsins. Þetta kom fram í máli Michaels Köhler, háttsetts fulltrúa á skrifstofu Joe Borg sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórninni, á málfundi um sjávarútvegsstefnu ESB og Ísland sem haldinn var á vegum Háskólans á Bifröst á Grand Hótel í gær.



**MICHAEL KÖHLER**

Svonefnd „grænbók" um næstu endurskoðun stefnunnar á að koma út í apríl. Köhler sagði að framkvæmdastjórnin vildi að fulltrúi frá Íslandi tæki þátt í þessu endurskoðunarstarfi. - aa

# Sakna Ingólfs mest

**Ungt par frá Þýskalandi og danskur vinur þeirra leigðu íbúð í húsinu við Klapparstíg sem varð eldi að bráð á dögunum. Þau búa nú á gistiheimili Hjálpræðishersins. Þau segjast helst sakna Ingólfs, kattar sem týndist í brunanum.**

**FÓLK** „Það er ekki beint burðugt á okkur ástandið núna. Við eigum enga peninga, engin föt og þar fram eftir götunum. En svona er lífið. Helst af öllu viljum við finna köttinn okkar, hann Ingólf, aftur, en honum týndum við í öllum látunum þegar eldurinn kom upp," segir Phillip Krah, sem ásamt Maju Feierabend, unnustu sinni, og Mark Hymøller, vini þeirra, leigðu íbúð í húsi við Klapparstíg sem varð eldi að bráð aðfaranótt 16. janúar síðastliðinn. Þau höfðu flutt inn í íbúðina fjórum dögum fyrir eldsvoðann.

Þremenningarnir búa þessa dagana á gistiheimili Hjálpræðishersins, en þar fengu þau einnig inni fyrsta mánuðinn eftir að þau fluttust til Íslands í byrjun október. Í millitíðinni störfuðu þau Phillip og Maja á sveitabýli nálægt Selfossi, en nú vinna þau öll á veitingastöðum í höfuðborginni.

Að sögn Phillips hafði parið undirbúið flutninginn hingað til lands í rúmt ár, en þau ólust bæði upp í litlu þorpi nálægt borginni Hildburghausen í miðhluta Þýskalands. Mark á hins vegar rætur sínar að rekja til Sønderborg í Danmörku. „Það hafði lengi verið draumur okkar að búa á Íslandi. Þetta er frábært land og náttúrufegurðin einstök. Svo kunnum við vel að meta íslenska popptónlist og það minnkaði ekki löngunina," segir Phillip og hlær.

Hann viðurkennir að hafa orðið lafhræddur þegar hann var vakinn og sagt að eldur væri laus í húsinu. „Við höfðum rétt svo tíma til að grípa vegabréfin okkar og svo þurftum við að hlaupa út úr húsinu. Allt sem við áttum brann, líka reiðufé sem við höfðum fengið í laun frá veitingastaðnum, því við höfðum ekki stofnað bankareikning á þeim tíma. Nú er bara að vona að hagur okkar vænkist á næstunni."





**ERFITT ÁSTAND** Þau Phillip, Maja og Mark misstu allt sem þau höfðu með sér til Íslands í brunanum á Klapparstíg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kettinum Ingólfi kynntist Phillip og Maja á sveitabýlinu þar sem þau unnu og tóku hann með sér til Reykjavíkur. „Okkur fannst svalt að nefna þennan frábæra kött eftir manninum sem fyrst settist að á Íslandi. Hann fannst ekki eftir brunann og við erum viss um að hann er enn á lífi. Við söknum hans mjög mikið og vonum að hann finnist sem allra fyrst," segir Phillip, og biður lesendur sem gætu hafa orðið varir við Ingólf að hafa samband í síma 862-9498.

kjartan@frettabladid.is



**SÁRT SAKNAÐ** Kötturinn Ingólfur er sex mánaða gamall, með hvítar loppur og hvítan blett á hálsinum.



**HAMID KARZAI** Gagnrýndi herlið Vesturlanda við þingsetningu í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnvöld í Afganistan:

## Vilja hafa meiri áhrif á herliðin

**AFGANISTAN, AP** Stjórnvöld í Afganistan vilja fá að ráða meiru um starfsemi herliðs Atlantshafsbandalagsins í landinu.

Afganistanstjórn hefur sent NATO drög að samkomulagi, sem felur í sér að hún þurfi að samþykkja starfsreglur, fjölda og staðsetningu NATO-hermanna í landinu.

Hamid Karzai, forseti Afganistans, ítrekaði í gær gagnrýni sína á Bandaríkin og önnur herveldi, sem hafa herlið í Afganistan, fyrir að hafa ekki hætt loftárásum á almenning í landinu, eins og hann hefur krafist. Hann ítrekaði jafnframt að sigur gæti aldrei unnist án stuðnings almennings. - gb

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Vopnað rán í Lyfju

Karlmaður vopnaður eggvopni framdi rán í Lyfju í Lágmúla laust fyrir klukkan 20 í gærkvöldi. Maðurinn ógnaði starfsfólki og hafði á brott með sér lyf. Lögreglan leitar mannsins.

**SVÍÞJÓÐ**

### Konur flykkjast í lögregluna

Nokkur tímamót verða í Svíþjóð í mars þegar konur verða í fyrsta sinn fleiri en karlar í lögregluskóla landsins. Alls hefur 81 kona og 77 karlar skráð sig til náms.


FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Burt úr bænum
Hópaferðir fyrir öll tilefni



Upplýsingar:
Sími 570 3075
hopadeild@flugfelag.is


Barack Obama lét hendur standa fram úr ermum fyrsta daginn í embætti:

# Guantánamo lokað innan árs

**BANDARÍKIN, AP** Fyrsti dagur Baracks Obama í embætti Bandaríkjaforseta var annasamur. Hann kallaði saman helstu ráðgjafa sína í bæði efnahagsmálum og hermálum til að fjalla um þau erfiðu verkefni, sem blasa við strax í byrjun embættistíðar hans.

Fyrsta ákvörðun Obama í embætti var reyndar tekin strax á þriðjudaginn, þegar hann bað dómara í sérdómstólum Bandaríkjahers á Kúbu um að fresta öllum réttarhöldum yfir föngunum í herstöð Bandaríkjanna við Guantánamo-flóa í 120 daga. Sá tími verður væntanlega notaður til að koma málefnum þessara fanga í aðra farvegi.

Frestunin „hefur í raun þau áhrif að stöðva réttarhöldin, líklega fyrir fullt og allt", sagði William Kuebler, lögmaður eins fanganna.

Aðstandendur sumra fórnarlamba hryðjuverkanna 11. september sögðust andvígir allri frestun á réttarhöldunum, en mannréttindasamtök fögnuðu þessu.

Í gær bárust síðan fréttir af því að Obama hefði í hyggju að loka þessum umdeildu fangabúðum innan árs.

Strax í gærmorgun hringdi Obama í Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, til að lýsa yfir eindregnum vilja sínum til að vinna að friði fyrir botni Miðjarðarhafs. Síðar um daginn hringdi hann í Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, í sömu erindagjörðum. - gb



**BÆNASTUND Í DÓMKIRKJU** Samkvæmt venju var eitt fyrsta verk Obama í embætti að mæta í bænastund ásamt Joe Biden varaforseta, eiginkonum þeirra beggja og Bill og Hillary Clinton. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Sími
Netið
Sjónvarp

**Allt við suðumark**

Umkringdu forsætisráðherra:

## Geir vonar að allir nái áttum

Mótmælendur umkringdu bíl Geirs H. Haarde forsætisráðherra við Stjórnarráðið í gær. Þeir köstuðu eggjum í bílinn og börðu hann að utan þar til lögregla skakkaði leikinn og Geir ók burt. Hann segir að sér hafi brugðið.

„Ég viðurkenni það fúslega að mér brá. Þetta var ekki skemmtilegt upplifun.“

Geir vonar að þetta sé ekki vísir að því sem koma skal. „Við erum nú vön því hér á Íslandi að sýna samborgurunum virðingu og leyfa fólki að komast óhindrað ferða sinna. Ég vona svo sannarlega að það verði ekki breyting á því og að allir nái áttum í þessu máli.“ - bs

Illugi Gunnarsson:

## Fjármálakerfið er í forgangi

**„Ef það tekst ekki að koma bankakerfinu í eðlilegt horf á næstu mánuðum þá dýpkar kreppan, gjaldþrotum fjölgar og atvinnuleysið verður enn meira,“ segir Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Hann segir viðreisn bankanna stærsta verkefnið áður en gengið verður til kosninga.**

**Illugi segir að stjórnin eigi að sitja á meðan hún telur að hún geti unnið landinu gagn. Hins vegar kæmi það honum á óvart ef hún starfaði út kjörtímabilið. „Það er heldur engin ástæða til að streða við það í sjálfu sér.“ Hann segir að þrátt fyrir aðgerðir til að hjálpa heimilunum í landinu sé mikið enn ógert þar. „Það er líka kaldur raunveruleiki að það verður ekki hægt að hjálpa öllum. Það er það hörmulegasta í þessu öllu saman.“** - shá

Formaður Frjálslynda flokksins:

## Vill upplýsingar fyrir kosningar

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, telur rétt og eðlilegt að fyrir liggi skýrsla nefndar Alþingis sem rannsakar aðdraganda og orsök falls bankanna áður en gengið verði til kosninga. Þjóðin þurfi upplýsingar áður en hún kýs.

Guðjón segir ástandið í þjóðfélaginu slæmt en Alþingi og ríkisstjórn – hvort heldur sú er situr eða þjóðstjórn – þurfi að einhenda sér í að setja lög sem stuðli að því að verja heimilin og atvinnulífið. - bþs



**VIÐ STJÓRNARRÁÐIÐ** Aðsúgur var gerður að Geir H. Haarde forsætisráðherra í gær þegar hann yfirgaf Stjórnarráðið. Mótmælendur eltu Geir að forsætisráðherrabílnum sem komst ekki frá Stjórnarráðinu fyrr en lögreglan hafði rýmt leið fyrir bílinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Glapræði að kjósa í vor

**Forsætisráðherra segir ríkisstjórnarsamstarfið ekki í hættu og telur það ábyrgðarleysi að boða til kosninga. Ekki sé ástæða til að bregðast við mótmælum síðustu daga. Hann hvetur fólk til þess að róa sig.**

Það væri „mikið glapræði“ að efna til kosninga nú, að mati Geirs H. Haarde forsætisráðherra. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fundaði í Valhöll í gær. Að sögn Geirs var um hefðbundinn þingflokksfund að ræða en ekki viðbrögð við atburðum síðustu daga. „Við erum að vinna okkar störf eins og gert er ráð fyrir.“

Spurður hvort ríkisstjórnarsamstarfið væri í hættu sagði Geir svo ekki vera, það hefðu þau Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, staðfest í samtali fyrr um daginn.

Geir telur það ábyrgðarleysi að boða til kosninga eins og sakir standa. „Það væri gríðarlegt ólán fyrir allan almenning í landinu, fyrir þá sem hugsanlega eru að missa vinnuna, fyrirtækin sem eru að berjast í bökkum, því það væri ekki hægt að klára stóru málin sem snúa að bönkunum, erlendum lánardrottnum og öllum þeim verkefnum sem framundan eru. Að hlaupa frá því núna til að kalla á kosningar í vor væri mikið glapræði.“

Um mótmælin í gær og í fyrradag sagði Geir að hann teldi ekki ástæðu til að grípa til sérstakra aðgerða til að koma á ró; fólk hafi fullan rétt á að mótmæla, en brjóti fólk af sér sjái lögreglan um það. „Lögreglan hefur staðið sig afar vel í þessum erfiðu aðstæðum, sýnt mikla þolinmæði og stjórnvisku, finnst mér, og við vonum að hún haldi áfram að ráða við sín verkefni.“

Geir gerir lítið úr áhrifum mótmælanna á störf Alþingis; þingið hafi haldið sínu striki á þriðjudag og fundað meðan ástæða þótti til. Fundi hafi hins vegar verið frestað í gær til þess að geta betur undirbúið umræðu um efnahagsmál í dag. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins verður haldinn um aðra helgi. Geir segir það óbreytt að hann ætli að gefa kost á sér í formannsembætti. Hann hefur ekki áhyggjur af því að mótmælendur setji strik í reikninginn. „Við vitum ekkert hvernig það verður. Ég held að það þurfi allir að reyna að róa sig niður í þessum efnum. Þó að fólk hafi fullan rétt á því að mótmæla þá er það ekki við hæfi að gera aðsúg að valdastofnunum samfélagsins eins og gert hefur verið.“ bergsteinn@frettabladid.is

## Samflokksmenn þrýsta á Geir

Innan úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins heyrist:

- Að stjórnarslit sem og tímasetning kosninga hafi verið rædd á þingflokksfundinum í gær. Umræður í samfélaginu séu einfaldlega þess eðlis að ekki hafi verið hjá því komist.
- Samdóma niðurstaða fundarins var að það væri óábyrgt að boða til kosninga við þær aðstæður sem eru í samfélaginu og ríkisstjórnin verði að beina kröftum sínum að tvennu. Viðreisn fjármálakerfisins og aðgerðum sem sniðnar verða að þörfum heimilanna. Þegar þeirri vinnu er lokið sé hins vegar eðlilegt að ræða um kosningar.
- Mikil spenna sé á milli stjórnarflokkanna en samband formannanna, Ingibjargar og Geirs, sé gott og þau ræðist við reglulega.
- Sívaxandi óánægja innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins með að forsætisráðherra hafi ekki beitt sér fyrir breytingum á embættismannakerfinu, og er þar vísað til Seðlabanka og Fjármálaeftirlits. Það hafi veikt stöðu formannsins og jafnframt séu slíkar breytingar forsenda áframhaldandi stjórnarsamstarfs.
- Vegna óróa í samfélaginu, sem hefur kristallast í mótmælaaðgerðum undanfarna daga, sé nauðsynlegt að skýra fyrir fólki hvort og hvenær boðað verði til kosninga. Þar komi til greina að menn komi sér saman um dagsetningu kosninga; að öðrum kosti muni alda mótmæla rísa enn hærra.
- Samverkamenn Geirs hafa þrýst mjög á hann að bregðast við á sýnilegan hátt.
- Ekki sé endilega þörf á mikilli endurnýjun í þingflokknum í heild en ráðherraliðið muni klárlega taka miklum breytingum.

\- shá

LOKADAGAR
RISAÚTSÖLUNNAR
Í DAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**STORMASAMT**
Í dag verður víða stormasamt á landinu og sýnu hvassast suðaustanlands, á miðhálendinu og síðan á Vestfjörðum og norðvestan til síðdegis. Á morgun og hinn verður áfram norðaustanstormur á Vestfjörðum og víða norðvestan og vestan til með snjókomu eða slyddu. Suðvestanvert landið verður almennt úrkomuminnst næstu daga.



**Á MORGUN**
18-25 m/s norðvestan og vestan til annars 8-15 m/s

**LAUGARDAGUR**
18-23 m/s á Vestfjörðum og Snæfellsnesi annars 5-13 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Amsterdam | 7° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 7° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 10° |
| New York | 2° |
| Orlando | 16° |
| Ósló | 1° |
| París | 10° |
| Róm | 12° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Mesta útsöluúrvalið

## Vorum að bæta við nýjum vörum

## fatnaður og skór

verð aðeins

# 250-3000 kr

**Bolir 250-2000 kr.**
**Peysur 1000-3000 kr.**
**Buxur 1000-3000 kr.**
**Skór 1000-3000 kr.**

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## Allt við suðumark

Þingforseti frestaði fundi:

# Vonast eftir vinnufriði

„Ég taldi nauðsynlegt að eiga fund með formönnum stjórnmálaflokkanna til að fara yfir fyrirhugaða umræðu [í dag], sem verður skýrsla forsætisráðherra,“ segir Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis um frestun þingfundar í gær. Hann fundaði tvisvar í gær, fyrst með formönnum þingflokka um morguninn og svo með formönnum stjórnmálaflokkanna eftir hádegi.


STURLA BÖÐVARSSON

Hann segir ástæðu fyrir frestun þingfundar tvíþætta. Annars vegar hafi starfsfólk þingsins þurft næði til að koma öllu í röð og reglu. Þá hafi hann talið mikilvægt að þingmenn fengju tíma til að undirbúa sig undir umræðu dagsins í dag. Auk þessa hafi verið skipulagðir þingflokksfundir í gær.

Aðspurður hvort hann telji að mótmælin haldi ekki áfram í dag og muni trufla þingfund segir Sturla: „Ég vona að þó að mótmælin séu hávær og mikilvæg, þá fáum við frið til að sinna skyldum okkar hér innandyra.“ - ss


**GAS** Valdbeiting íslenskra lögreglumanna vekur athygli erlendra fjölmiðla.

Ísland í heimsfréttum:

# Piparúðinn vekur athygli

**„Lögreglan beitir piparúða á íslenska mótmælendur“ er fyrirsögnin á frétt Reuters-fréttastofunnar um mótmælin á Austurvelli.**

**Fréttir af mótmælunum birtust í mörgum helstu fjölmiðlum heims, þar á meðal á vefsíðum breska útvarpsins BBC og bresku dagblaðanna Guardian, Times og Telegraph. Þá var sagt frá mótmælunum víða á Norðurlöndum, svo sem í finnska og norska ríkisútvarpinu.**

**Skýrt er frá því að eitt til tvö þúsund manns hafi safnast saman fyrir utan Alþingishúsið, barið þar á potta og pönnur og tuttugu manns hafi verið handteknir.** - gb / ghs


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ELDAR Á AUSTURVELLI** Til harðra mótmæla kom á Austuvelli í gær, annan daginn í röð, þar sem mótmælendur kröfðust afsagnar ríkisstjórnarinnar og að boðað yrði til kosninga. Ólíkt mótmælunum á þriðjuaginn fóru mótmælin í gær að mestu fram framan við Alþingishúsið og á Austurvelli enda hafði lögreglan lokað Alþingisgarðinum.

# Samfylkingin þiggur ekki boð Framsóknar

**Framsóknarflokkurinn býðst til að verja vinstri stjórn falli verði kosið fyrir 25. apríl. Formaður Vinstri grænna fagnar og segir flokkinn tilbúinn í ríkisstjórn. Samfylkingin segist ekki ræða við aðra á meðan hún er í stjórnarsamstarfi.**

„Við bjóðumst til að leysa úr málum með þessum hætti og koma þannig á ríkisstjórn sem getur tekið á málum,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sem í gær bauðst til að verja ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna falli á meðan kosningar yrðu undirbúnar. Það er háð því að kosið verði fyrir 25. apríl.

Sigmundur Davíð segir að í raun séu Framsóknarmenn að bjóðast til að höggva á hnútinn. Svo virðist sem ríkisstjórnin sé strand. „Einnig viljum við að boðað verði til stjórnlagaþings sem semji nýja stjórnarskrá og að svo verði gengið til kosninga ekki seinna en í lok apríl.“ Sigmundur Davíð segir einhug í þingflokki Framsóknarflokksins um að bjóða þessa leið. Hann segir ljóst að stór hluti samfylkingarmanna sé mjög ósáttur við ríkisstjórnarsamstarfið.


SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Við erum náttúrulega í samstarfi með Sjálfstæðisflokknum og því samstarfi hefur ekki verið slitið og því ekki tímabært að ræða þetta núna. Hins vegar er athyglisvert að þeir skuli lýsa því yfir og hafa á okkur mikið traust og við fögnum því,“ segir Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingar. Hann segir ekki verða rætt við aðra á meðan núverandi samstarfi stendur.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, fagnar tilboði Framsóknarflokks. „Þetta samrýmist okkar meginkröfu um að kosið verði sem fyrst. Ég fagna því að Framsóknarflokkurinn taki af skarið með að hann vilji kosningar. Það hefur verið okkar meginkrafa allan tímann. Þetta endurspeglar þá skoðun flestra að kosningar séu óumflýjanlegar; það sé ekki spurning um hvort heldur hvenær. Einhvern veginn þarf að haga stjórnun landsins á meðan og það er ágætt að afstaða Framsóknarflokks liggur fyrir.“

„Geir H. Haarde, forsætisráðherra, segir stjórnina standa traustum fótum. Hann er ekki hissa á tilboði Framsóknar. „Mér finnst ekkert skrítið að nýr formaður í Framsóknarflokki vilji láta til sín taka með einhverjum hætti strax. Maður skilur þetta út frá því sjónarmiði. En það gildir sem ég sagði áðan að það væri mikið ábyrgðarleysi að ætla að stefna þjóðinni í kosningar á næstu vikum.“

olav@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

Silja Bára Ómarsdóttir:

# Margar leiðir eru færar

„Engin lýðræðisleg stjórn getur sleppt því að svara jafn umfangsmiklum mótmælum og hafa verið í gangi,“ segir Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt við Háskóla Íslands. Hún segir ríkisstjórninni ýmsar leiðir færar til að bregðast við kröfum almennings.


SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR

Forsætisráðherra geti sagt af sér og í kjölfar þess rjúfi forseti þing og boði til kosninga. Ríkisstjórnin geti kallað minnihlutann til samstarfs og myndað þjóðstjórn. Önnur leið sé að mynda bráðabirgðastjórn sem sitji fram að boðuðum kosningum. Aðrir möguleikar geti falist í myndun neyðarstjórnar og/eða minnihlutastjórnar.

„Ef við setjum þetta í samhengi við Bandaríkin jafngilda mótmælin á þriðjudag því að tvær milljónir manna hefðu mótmælt fyrir utan þinghúsið. Ríkisstjórnin verður að bregðast við þessum þrýstingi.“ - hhs


**Peningabréf Landsbankans**

**OPINN FUNDUR**
**Laugardalshöll fimmtud. 22. jan. kl. 20:00**

**Réttlæti.is,** samtök sem berjast fyrir réttlátu uppgjöri á Peningabréfum Landsbankans, boða til opins fundar **fimmtudaginn 22. janúar kl. 20.**

Fundarstaður:
**Íþróttahöllin í Laugardal, inngangur A, salur 1**

Fundarefni m.a.:
Stutt kynning á starfsemi **RÉTTLÆTIS.is**
**Hilmar Gunnlaugsson** hrl. fer yfir lagalegu hliðina.
Fyrirspurnir o.fl.

**rettlaeti@rettlaeti.is - www.rettlaeti.is**


Meirihluti þingflokks Samfylkingarinnar hefur sagst vilja kjósa í vor:

# Líkur á vorkosningum aukast

Meirihluti þingflokks Samfylkingar hefur, ýmist nú eða fyrir áramót, sagst vilja kosningar í vor. Um leið verða efasemdaraddir um núverandi stjórnarsamstarf háværari meðal þingmanna flokksins. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður flokksins, sagðist í gær vilja kjósa í vor. „Kosningar eru nauðsynlegur liður í þeirri uppbyggingu sem nú fer í hönd,“ segir Ágúst.

Stjórnarsamstarfið var rætt á þingflokksfundi flokksins í gær. Lúðvík Bergvinsson sem er formaður þingflokksins segir að taka eigi hugmyndir varaformannsins um vorkosningar til skoðunar. „Það var mikill einhugur um það að vinna þjóðinni eins vel og nokkur er kostur, hlusta á hana og fylgja hennar ráðleggingum.“

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segist skilja kröfu almennings um kosningar. „Ríkisstjórnin hefur unnið sér inn reiði almennings með því að standa ekki við þær hreinsunaraðgerðir sem menn hafa viljað; til dæmis hvað varðar Seðlabankann og þá sem bera ábyrgð á bankahruninu.“

Þingmennirnir Karl V. Matthíasson og Guðbjartur Hannesson sögðust í samtali við Fréttablaðið vera opnir fyrir kosningum í vor. Áður höfðu Björgvin G. Sigurðsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Katrín Júlíusdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Ellert B. Schram öll tekið í svipaðan streng. - kóp, ss


**AÐ LOKNUM ÞINGFLOKKSFUNDI** Lúðvík Bergvinsson segir einhug um að fylgja ráðleggingum þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

www.bnb.is

www.toyota.is

# + 2 SÆTI

## SÉRVALDIR BNB BÍLAR MEÐ TVEIMUR AUKASÆTUM TIL EVRÓPU



Með völdum bílum fylgja tveir flugmiðar* til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu – að eigin vali.

* Flugvallarskattar ekki innifaldir.

Kíktu á bnb.is og skoðaðu alla bílana sem geta komið þér til Evrópu.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Corolla S/D**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 09.06 Ekinn: 49.000 km
Verð: 1.660.000 kr. Skr.nr. EF-266
Betra verð 1.450.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 56.000 km
Verð: 1.470.000 kr. Skr.nr. OL-495
Betra verð 1.290.000 kr.

GÆÐABÍLL



**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.05 Ekinn: 54.500 km
Verð: 1.180.000 kr. Skr.nr. GK-979
Betra verð 990.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Prius EXE m/leðri**
1500 Bensín/rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 12.07 Ekinn: 17.600 km
Verð: 3.590.000 kr. Skr.nr. NR-U30
Betra verð 3.290.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Avensis S/D sol**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 09.07 Ekinn: 12.800 km
Verð: 2.730.000 kr. Skr.nr. TT-Z00
Betra verð 2.490.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Land Cruiser GX**
3000 Dísel 6 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 59.000 km
Verð: 4.590.000 kr. Skr.nr. OB-161
Betra verð 4.190.000 kr.

GÆÐABÍLL



**Toyota Corolla Verso**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 08.05 Ekinn: 46.600 km
Verð: 2.240.000 kr. Skr.nr. HB-683
Betra verð 1.990.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Auris**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 65.000 km
Verð: 1.830.000 kr. Skr.nr. DO-875
Betra verð 1.590.000 kr.

**Hvað er Úrvalsbíll?**
Er í verksmiðjuábyrgð.
12 mánaða viðbótarábyrgð.

**Hvað er Gæðabíll?**
Er ekki í verksmiðjuábyrgð.
3 mánaða viðbótarábyrgð.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

| Toyota Kópavogi | NÝTT ÚTIBÚ Betri Notaðir Bílar | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Kletthálsi 2 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 570-5220 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 44794 01.2009

## Allt við suðumark

# Hroki ríkisstjórnarinnar

**„Ég er hér að mótmæla þeim hroka sem ríkisstjórnin sýnir**



**endalaust,“ segir Páll Gestsson mótmælandi. „Friðsöm mótmæli ganga ekki endalaust. Mér finnst kominn tími til að láta þingmenn heyra það og leiðin til þess er að hafa háreysti og læti svo þingmenn heyri.“**

# Meðvitundarlaus ríkisstjórn

„Ég er búin að segja ríkisstjórninni upp. Nú eru liðnir hundrað dagar frá hruninu og lítið sem ekkert hefur gerst, óhæfan viðgengst enn þá. Þetta er í fyrsta skipti sem ég mótmæli. Mér blöskraði svo atgangur lögreglunnar í gær að nú er ég komin,“ segir Berglind Birgisdóttir.



# Við viljum ríkisstjórnina burt

**„Ég er hér af sömu ástæðum og fólkið sem hefur safnast saman**



**undanfarna hundrað daga,“ segir Kristján Skúlason. „Við viljum koma ríkisstjórninni burt, fá kosningar og leyfa fólkinu að ráða hvaða ákvarðanir verða teknar. Ef það þarf byltingu þá verður svo að vera. Ég held því áfram að mæta þar til eitthvað gerist.“**

# Vörusvik

„Ég er hér til að heimta kosningar. Ég kaus Samfylkinguna á sínum tíma og mér finnst að það hafi eiginlega verið vörusvik. Ég er með pottlokið og sleifina í skólatöskunni þannig að þegar ég er ekki í skólanum þá er ég hér að mótmæla. Ég held að þessi mótmæli séu það áhrifaríkasta sem við höfum gert hingað til,“ segir Jónína Borgþórsdóttir. - ovd





FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ALÞINGISHÚSIÐ VARIÐ** Eggjum og málningu var kastað í lögreglumenn sem stóðu vörð um Alþingishúsið í gær auk þess sem einhverjir mótmælendur hræktu á lögreglumenn. Mótmælin fóru lengst af fram við Alþingishúsið og var talið að á tímabili hafi um tvö þúsund manns verið á svæðinu.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FRÁ AUSTURVELLI** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk liðstyrk frá öðrum lögregluembættum.

**AÐSÚGUR AÐ FORSÆTISRÁÐHERRA** Þegar mótmælendur fréttu af Geir H. Haarde forsætisráðherra í Stjórnarráðinu færðust mótmælin þangað. Lögreglumenn fylgdu ráðherra út úr Stjórnarráðinu og brugðust við af hörku þegar mótmælendur létu ófriðlega við bifreið ráðherra. Eftir um klukkustundar mótmæli við Stjórnarráðið fluttust mótmælin svo aftur á Austurvöll. Í Dómkirkjunni fór útför fram og af tillitssemi við aðstandendur frestuðu mótmælendur aðgerðum þar til útför var lokið. Mótmælin hófust aftur með því að mótmælendur sungu Öxar við ána og svo hélt slátturinn áfram.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SKÝR SKILABOÐ** Mótmælendur kröfðust þess að ríkisstjórnin segði af sér.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TRUMBURNAR SLEGNAR** Mótmælendur mættu með ýmis verkfæri sem þeir nýttu til að valda sem mestum hávaða.

betri kaup

-það hagkvæmasta sem við bjóðum í prentun

A5 Bæklingar

4 síður - 1000stk 38.943kr*



LÆGRA VERÐ - SÖMU GÆÐI

Vörulýsing: 150g pappír prentaður í fullum lit, brotinn. Vinnslutími er alltaf 4 virkir dagar. Frá þriðjudegi til föstudags og svo föstudegi til miðvikudags. Skila þarf gögnum til Odda fyrir kl. 12:00 á skiladegi og þarf prófórk að vera samþykkt fyrir kl. 14:00 sama dag. Varan er tilboðin á afgreiðslulager Odda að Höfðabakka 7. *Verð er gefið upp án 24,5% vsk. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Prentsmiðjan Oddi ehf., Höfðabakka 3-7, 110 Reykjavík
sími 515 5000, www.oddi.is

ODDI

Lögreglustjóri segir störf við erfiðar aðstæður kalla á áfallahjálp og stuðning:

# Þetta er ómanneskjulegt álag

Þeir lögreglumenn sem stóðu vaktina lengst við Alþingishúsið í fyrradag og aðfaranótt miðvikudagsins voru að í allt að tuttugu klukkustundir, að sögn Stefáns Eiríkssonar, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu.

„Þetta er ómanneskjulegt álag. En við höfum það hlutverk að standa þarna og sinna okkar störfum,“ segir lögreglustjóri. „Við reynum að þjálfa okkar mannskap þannig að hann sé undir þetta búinn. Við reyndum að hvíla menn eftir föngum, þannig að enginn væri allan tímann í fremstu línu. Við eigum ekki að þurfa að fara yfir tólf til fjórtán tíma vaktir.“

Spurður um aðstoð við lögreglumenn eftir að þeir hafa staðið vaktina við aðstæður eins og undanfarna daga segir Stefán það einn stærsta þáttinn í stjórnun í mannfjöldastjórnunarhópi að stjórnandinn og mennirnir í hópnum hafi til að bera þann styrk og þá sjálfstjórn sem til þurfi hverju sinni. „Ef eitthvað óvenjulegt gerist þá er unnið á því eftir á,“ útskýrir Stefán. „En það er hluti af þjálfun þessara lögreglumanna að þeir missi ekki stjórn á sér, fari ekki fram úr sjálfum sér og fylgi skýrt þeirri línu sem mörkuð hefur verið og hlýði þeim fyrirmælum sem gefin eru um valdbeitingu og annað.“

Stefán segir að eftir störf við erfiðar aðstæður séu bæði fyrir hendi hefðbundin áfallahjálp og félagastuðningur við lögreglumenn.

„Menn draga lærdóm af hverju verkefni og laga það sem betur má fara. Það er einn liðurinn af mörgum í þessu starfi að vinna úr þessari erfiðu reynslu fyrir hvern og einn lögreglumann.“

Spurður um hvort einhverjar ráðstafanir séu fyrir hendi hjá lögreglu fari starfsaðstæður versnandi á næstu dögum vegna stöðunnar í samfélaginu segir Stefán svo vera.

„Það er ljóst að þetta kallar á aðstoð frá öðrum lögregluliðum. Það er okkar helsta úrræði. Þá gerum við breytingar á verkefnum lögreglumanna og færum til hliðar verk sem mega bíða. Hið góða við lögregluliðin í landinu er að þau vinna sem ein heild. Því eru allir boðnir og búnir til að senda fólk til aðstoðar þar sem er aflögufært.“

Stefán segir ekki vera til umræðu nú að auka búnað lögreglunnar. - jss


ÚTSALA
REKKJUNNAR
20-60%
AFSLÁTTUR!
Þrýstijöfnunar-svampsrúm
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
KOSTAR NÚ
99.300 kr.
RÚMSTÆÐI MEÐ
LAXTEX HEILSUDÝNU
ALLT AÐ
40%
AFSLÁTTUR
COMODO
Svefnsófi
Verð áður 398.950 kr.
KOSTAR NÚ
279.265 kr.
SÆNGURVER
30%
AFSLÁTTUR
Verð frá
3.710 kr.
FJÖLSTILLANLEG
HEILSURÚM
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR
SVEFNSÓFAR
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR
Verð frá
38.000 kr.
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Verð áður 155.455 kr.
KOSTAR NÚ FRÁ
89.900 kr.
HEILSUKODDAR
30%
AFSLÁTTUR
Verð frá
5.530 kr.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

Allt við suðumark

# Farið verður yfir valdbeitinguna

**Lögreglustjóri segir að athugað verði hvort lögreglumenn hafi gengið of langt í valdbeitingu, en ljósmyndir virðast benda til þess. Lögreglumennirnir verði þá kærðir til ríkissaksóknara. Reglur um valdbeitingarheimildir eru ekki aðgengilegar almenningi.**

„Að sjálfsögðu fer lögreglan yfir atburði síðustu daga og finni hún dæmi um að lögreglumenn hafi farið yfir strikið, verður kæru eða ábendingu komið til ríkissaksóknara. Þetta segir Stefán Eiríksson lögreglustjóri.

Hann var spurður um ásakanir um harðræði lögreglu í mótmælunum og sérstaklega mál Páls Hilmarssonar ljósmyndara sem ætlar að kæra lögreglukonu sem mun hafa sprautað í andlit hans og fleiri manna, án þess að það hefði sýnilegan tilgang.

„Ég þekki það ekki, en ég er alveg sannfærður um það að menn eiga fjölmargar myndir af því sem þarna gerist og það er eflaust hægt að setja það í slæmt ljós,“ segir Stefán.

Aldrei líti huggulega út þegar lögregla neyðist til að beita valdi og það geri hún ekki nema nauðsynlegt sé. Um slíka valdbeitingu gildi skýrar reglur. Spurður um þessar reglur, það er hvenær og hvernig lögregla megi beita valdi, segir Stefán að þær séu ekki aðgengilegar almenningi. Talið sé nauðsynlegt vegna öryggis lögreglumanna að þær séu ekki á allra vitorði og úrskurðarnefnd um upplýsingamál hafi staðfest þá túlkun.

Páll Hilmarsson hefur lýst því hvernig lögreglukona ein stóð í öruggri fjarlægð frá mótmælendum bak við grindverk. Hún hafi svo gengið að grindverkinu fyrirvaralaust og sprautað yfir fólkið. Þetta hafi verið gert þrisvar án viðvörunar.

Fleiri mótmælendur hafa lýst óþyrmilegri valdbeitingu löggæslumanna, en aðrir í hópi þeirra benda á að lögreglan sé fámenn og ekki undir slík fjöldamótmæli búin. Tiltölulega fáir hafi særst og lögreglan því staðið sig vel miðað við aðstæður.

**klemens@frettabladid.is**



**GANGSTÍGURINN RUDDUR** Ljósmyndari fær hér að kynnast úðanum, en hann var meðal mótmælenda sem var verið að ýta út af gangstíg í Alþingisgarðinum. Mótmælendur hafa spurt hvernig og við hvaða aðstæður megi réttlæta notkun slíkra tóla, en reglur um valdbeitingu lögreglu eru leyndarmál. MYND/JÓHANNES GUNNAR SKÚLASON



**SÉÐ INN GANGSTÍGINN** Lögreglukonan virðir hér fyrir sér kvikmyndatökumann, sem fékk síðar úðann yfir sig. Henni virðist ekki standa ógn af honum. MYND/PÁLL HILMARSSON



**GAS** Hér sést hvernig konan teygir sig út yfir grindverkið og úðar á þá sem fyrir neðan eru. MYND/PÁLL HILMARSSON




**Greiðslur úr IHM sjóði SÍK**

**SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda** auglýsir eftir umsóknum um greiðslur úr IHM sjóði félagsins.
Rétt til umsókna eiga sjálfstæðir kvikmyndaframleiðendur sem framleitt hafa kvikmyndir sem sýndar hafa verið í sjónvarpi á tímabilinu frá 1986 – 2007.
Umsóknir berist fyrir 15. febrúar til:
**SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda.**
**Túngötu 14, P.O. Box 5367, 125 Reykjavík**
eða með tölvupósti á *sik@producers.is*
Nánari upplýsingar, reglur og umsóknareyðublöð eru á vefsíðu
**SÍK – www.producers.is**

SÍK Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda
Association of Icelandic Film Producers

Fíkniefni á Vestfjörðum:

# Mun meira magn fíkniefna

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Vestfjörðum lagði hald á mun meira magn af fíkniefnum á árinu 2008 en fimm árin þar á undan.**

**Árið 2008 lagði lögreglan hald á rúmlega 800 grömm af fíkniefnum. Til samanburðar hefur lögreglan í umdæminu lagt hald á um 220 grömm af fíkniefnum að meðaltali á ári hverju, undanfarin fimm ár.**

**Mest af efnunum, sem lagt var hald á í fyrra, voru kannabisefni. Einnig var hald lagt á E-töflur, amfetamín og lítilræði af kókaíni og ofskynjunarefnum. Þess ber að geta að hér eru ekki talin með lyf og sterar.** - ovd

Foreldrar óttast og kvarta undan nábýli við dæmdan kynferðisbrotamann:

# Óttast barnaníðing í hverfinu

**LÖGGÆSLUMÁL** Foreldrar í Sandgerði óttast að Ágúst Magnússon, dæmdur barnaníðingur, sé að setjast að í bænum. Þá hafa foreldrar í Breiðholti kvartað við lögreglu vegna búsetu hans í hverfinu.

Um átta leytið í fyrrakvöld fengu tvær mæður í Sandgerði símtal frá manni sem kvaðst heita Ágúst Magnússon. Hann sagðist vera dæmdur barnaníðingur og honum bæri skylda til að láta vita af sér þar sem hann væri að flytja í hverfið þeirra. Þetta kom fram á vefsíðunni www.245.is, sem ber yfirskriftina Lífið í Sandgerði, í gær.

Í fyrradag höfðu foreldrar í Breiðholti hins vegar samband við lögregluna í Breiðholti til að kvarta undan sama manni, að því er Fréttablaðið fékk staðfest. Ekki fæst uppgefið hjá fangelsismálayfirvöldum hvar maðurinn býr nú um stundir.



**ÁGÚST MAGNÚSSON** Foreldrar óttast nábýli við hann.

Maðurinn upplýsti einnig, í samtölum sínum við mæðurnar í Sandgerði, að hann hefði byrjað á því að ganga í hús í hverfinu, en þar sem honum hefði verið illa tekið hafi hann ákveðið að hringja frekar í fólk. Hann hringdi úr leyninúmeri, að því er fram kemur á vefsíðunni.

„Það bendir allt til þess að þarna sé á ferðinni ljótur hrekkur,“ segir Selma Hrönn Maríudóttir, annar umsjónarmanna www.245.is. - jss

Ný vinnumarkaðsúrræði:

# Bætur greiddar samhliða starfi

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuleitendur geta tekið þátt í sérstökum átaksverkefnum, frumkvöðlastörfum og sjálfboðastörfum samhliða því að fá greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt reglugerð sem Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hefur sett. Reglugerðin tekur einnig á búferlastyrkjum, atvinnutengdri endurhæfingu og fleiru.

Meginmarkmið reglugerðarinnar er að sporna gegn atvinnuleysi, auðvelda atvinnuleit og stuðla að tengslum þess við atvinnulífið og skapa leiðir til að bæta möguleika sína til atvinnuþátttöku á nýjan leik. - ovd



**MÓTOKROSSHJÓL** Vinsæl íþrótt sem ætlað er nýtt svæði á Reykjanesi.

Umhverfisnefnd Voga:

# Óttast mengun af mótorhjólum

**SVEITARSTJÓRNIR** Umhverfis- og skipulagsnefnd Voga óttast að fyrirhugað mótorhjólasvæði á Reykjanesi hafi neikvæð áhrif á framtíðarvatnstökusvæði nálægt Snorrastaðatjörnum.

Þótt grunnvatnslíkanið, sem fylgir tillögunni, geri ráð fyrir að meginstraumar grunnvatns fari undir Stapann til norðurs er ekki hægt að tryggja að hluti þess berist ekki lengra til austurs, sérstaklega þegar horft er til þess að sprungustefnan er til norðausturs. Þetta er líka spurning um trúverðugleika þess að vatn í Vogalandi sé með öllu ómengað og þannig í hæsta gæðaflokki,“ segir umhverfisnefndin sem kveður að mengunarvarnir þurfi að vera sérlega strangar, meðal annars með tilliti til meðhöndlunar efna og olíuvara. - gar

Kosið rafrænt til sveitastjórna:

# Tilraun verður gerð árið 2010

**STJÓRNSÝSLA** Unnið er að undirbúningi tilraunar með rafrænar sveitarstjórnarkosningar árið 2010. Kjósa á rafrænt í tveimur sveitarfélögum. Ekki er ákveðið í hvaða sveitarfélögum.

Í frétt frá samgönguráðuneytinu segir að til margs þurfi að líta; breyta þurfi lögum til að heimila rafræna kjörskrá og rafræna kosningu. Þá þurfi að tryggja að útilokað verði að tengja saman kjósanda og atkvæði hans.

Starfshópur á vegum hins opinbera vinnur að undirbúningi. - bþs

## NOREGUR

### Tekinn með þorsk

Íslenski togarinn Venus var á mánudagsmorguninn tekinn með ólögleg veiðarfæri fyrir utan Finnmörku í Noregi og færður inn til Hammerfest. Um borð í togaranum fundust 50-60 tonn, aðallega af þorski. Skipstjórinn varð að greiða 15 þúsund norskar krónur í bætur, eða nokkur hundruð þúsund íslenskra, og útgerðin 150 þúsund norskar, eða um 3 milljónir íslenskra.

## SVÍÞJÓÐ

### Hjónabönd samkynhneigðra

Samkynhneigðir geta gengið í hjónaband, samkvæmt frumvarpi sem þrír stjórnarflokkar hafa lagt fyrir sænska þingið. Hjónabönd samkynhneigðra verða leyfð frá 1. maí hljóti frumvarpið samþykki þingsins.






**ELDUR Í KÍNA** Það logaði glatt í þessari 26 hæða skrifstofubyggingu í Foshan í Guangdong-héraði í Kína. Það tók fjórar klukkustundir að slökkva eldana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barroso segir erfitt að fagna þótt gasið streymi til Evrópu:

# Úkraínustjórn fagnar sigri

**BRUSSEL, AP** Úkraínustjórn fagnaði í gær sigri á Rússum í gasdeilunni, sem varð til þess að skrúfað var fyrir gas til Evrópuríkja í tvær vikur.

Júlía Tímósjenkó, forsætisráðherra Úkraínu, segir að náðst hafi mjög hagstæðir samningar við Rússa. Rússar náðu því fram að gasverð til Úkraínu hækkar nokkuð, en á móti fá Úkraínumenn hærri greiðslur fyrir flutning á gasi til Evrópuríkja um gasleiðslur landsins.

„Það er mjög erfitt að fagna því sem aldrei hefði átt að gerast,“ sagði hins vegar José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, á þriðjudag þegar gas tók að streyma til Evrópusambandsríkja frá Rússlandi í gegnum leiðslur Úkraínu.

Hann segir gasskortinn síðustu tvær vikurnar sýna að Evrópusambandið verði að fjárfesta í eigin orkuöryggi. Ekki sé hægt að treysta Úkraínumönnum til að koma gasinu til skila.

Sum þeirra Evrópuríkja, sem bjuggu við gasskort meðan Úkraínumenn og Rússar deildu, hafa hótað lögsókn gegn báðum löndunum til að fá skaðabætur.

Um fjórðungur af því gasi, sem notaður er í Evrópusambandsríkjum, kemur frá Rússlandi, og um 80 prósent af gasinu frá Rússlandi berst í gegnum úkraínskar gasleiðslur. - gb



**GASSTREYMIÐ KANNAÐ** Tæknimaður í Rússlandi fylgist með pípunum.

Mikil ásókn í nám Keilis:

# Þrefalt fleiri umsóknir í ár

**MENNTUN „Við mátum stöðuna þannig að margir horfðu fram á gjörbreyttar aðstæður nú í byrjun árs, og ákváðum því að fresta nýju námi sem átti að hefjast strax eftir áramót fram í lok janúar. Svo virðist sem við höfum metið stöðuna rétt,“ segir Runólfur Ágústsson, framkvæmdastjóri Keilis.**

**Hátt á fjórða hundrað umsóknir bárust um nám á vormisseri. Er það þreföldun á við í fyrra. Keilir býður upp á margvíslegt nám á framhalds- og háskólastigi, meðal annars aðfaranám á vegum HÍ fyrir þá sem ekki hafa lokið stúdentsprófi. - kg**

## HEILBRIGÐISMÁL

### Kanna riftun leigusamnings

Bæjarstjórn Sandgerðis hyggst láta lögfræðing kanna stöðu bæjarins gagnvart ríkinu sem rift hefur leigusamningi vegna sérhannaðs húsnæðis fyrir heilsugæslu í Sandgerði. Þá hefur bæjarstjóri óskað eftir fundi með heilbrigðisráðherra varðandi Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og skipulag heilbrigðismála á Suðurnesjum.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Kannabisræktun í Laugardal

Lögreglan stöðvaði kannabisræktun í húsi í Laugardalshverfinu um miðjan dag í fyrradag. Við húsleit fundust rúmlega tíu kannabisplöntur á lokastigi ræktunar. Lagt var hald á nokkra gróðurhúsalampa.

Eitt síðasta verk Bush Bandaríkjaforseta í embætti:

# Ný norðurskautsstefna

**BANDARÍKIN** Meðal síðustu embættisverka George W. Bush Bandaríkjaforseta var að móta nýja stefnu Bandaríkjanna gagnvart Norðurheimskautssvæðinu, sem á næstu árum og áratugum verður væntanlega aðgengilegra en áður vegna hlýnunar jarðar.

Í stefnunni eru skilgreindir helstu hagsmunir Bandaríkjanna á norðurslóðum, þar á meðal öryggishagsmunir, og Bandaríkjastjórn segist ætla að vinna að því að tryggja þessa hagsmuni, ýmist upp á eigin spýtur eða í samstarfi við önnur ríki sem eiga hagsmuna að gæta í þessum heimshluta.

Meðal annars er gert ráð fyrir að Bandaríkin staðfesti loks hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem gerður var árið 1982 og tók gildi árið 1994 þegar 60 ríki, þar á meðal Ísland, höfðu staðfest hann.

Talið er fullvíst að miklar auðlindir sé að finna undir hafsbotni Norðurskautsins, bæði olíu, gas og málma, sem Bandaríkin hyggjast gera tilkall til ekki síður en önnur ríki, sem eiga land að Norðurhöfum. Vinna við stefnumótunina hefur staðið yfir í bandaríska stjórnkerfinu í tvö ár, en fimmtán ár eru liðin síðan Bandaríkin gáfu síðast út sambærilega stefnuyfirlýsingu. - gb



**NIÐURGREIÐSLUR** Það liggur beint við að skera niðurgreiðslur ríkisins til landbúnaðarins í því ástandi sem nú ríkir, segir hagfræðingur og sérfræðingur í fjármálum ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# Takk fyrir stuðninginn!

Þúsund þakkir fyrir þátttöku í jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar. Söfnunin stendur út janúar svo enn má taka þátt. Veldu þá leið sem er auðveldust fyrir þig:

- Greiða heimsendan gíróseðil. Framlag þitt skiptist á aðstoð heima og erlendis.
- Fara á **framlag.is**. Þú velur málefnið sem framlag þitt rennur til.
- Gefa gjafabréf á **gjofsemgefur.is**. Þú velur málefnið.
- Hringja í söfnunarsímann **907 2002**. Þú gefur til innanlandsaðstoðar
- Hringja í söfnunarsímann **907 2003**. Þú gefur til aðstoðar erlendis.
- Leggja inn á reikning **1150 26 50886**, kt. 450670-0499

Hjálparstarf kirkjunnar
help.is

ÞÚSUND ÞAKKIR!

TBWA\REYKJAVÍK \ SIA \ 904014


# Segir ólíklegt að laun lækki

**Ólíklegt er að ríkið freisti þess að lækka laun opinberra starfsmanna að mati hagfræðings. Auðveldara sé að skera niðurgreiðslur til landbúnaðar, auka álögur á útflutningsgreinar og hækka skatta.**

**EFNAHAGSMÁL** Erfið staða ríkissjóðs kallar á harkalegar niðurskurðaraðgerðir hins opinbera á næsta ári. Þórólfur Matthíasson, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands og sérfræðingur í fjármálum ríkisins, segir liggja beint við að skera niður greiðslur til landbúnaðarins og auka álögur á útflutningsgreinar.

Leyfa verður hagkerfinu að sjá til sólar áður en hið opinbera fer í harkalegan niðurskurð, að mati annars sérfræðings sem Fréttablaðið ræddi við í gær. Það sé til dæmis mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og ástæða þess að sjóðurinn sætti sig við hallarekstur á ríkissjóði til að byrja með.

Ekki er líklegt að þörfin fyrir niðurskurð hjá ríkinu leiði til þess að ríkið reyni að lækka laun hjá opinberum starfsmönnum, umfram það sem þau lækka með almennri kaupmáttarrýrnun, segir Þórólfur.

Ríkið semur við stóran hóp félaga opinberra starfsmanna, og útilokað að hægt verði að semja við þau um launalækkun, segir Þórólfur. Ef lækka eigi launin á annað borð þurfi lagasetningu til, og það verði aldrei gert fyrr en eftir að samið hafi verið á almennum markaði. Það geti dregist fram eftir árinu.

Heildarútgjöld ríkisins á árinu 2009 eru áætluð 555,6 milljarðar króna. Þar af er launakostnaður áætlaður um 123,5 milljarðar króna, eða um 22 prósent.

Launakostnaður í fjárlögum er 4,4 milljörðum króna lægri í fjárlögum en í upphaflegu frumvarpi, en Þórólfur segir líklegra að þeim samdrætti verði náð með því að skera niður yfirvinnu en með því að lækka launataxta opinberra starfsmanna.

Auðveldara er að fara aðrar leiðir til að minnka halla ríkissjóðs. Þannig mætti auka tekjur hins opinbera, segir Þórólfur. Þá bendir hann á að greiðslur vegna búvöruframleiðslu séu áætlaðar tæplega 10,2 milljarðar króna á árinu 2009. Þar liggi beint við að skera niður.

Þá liggi einnig beint við að hækka álögur á útflutningsfyrirtæki, sem njóta veikingar íslensku krónunnar. Þau séu í allt annarri stöðu en fyrir nokkrum mánuðum. Einnig mætti hugsa sér að hækka veiðigjald í sjávarútvegi og leggja kolefnislosunargjald á álver.

Miklar líkur eru á því að hækka þurfi skatta á almenning, enda svigrúm til þess eftir að persónuafsláttur var hækkaður nýverið, segir Þórólfur. Þá sé eðlilegt að leggja á sérstakan hátekjuskatt og hækka fjármagnstekjuskattinn.

brjann@frettabladid.is

# NÓATÚN

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl




# ALLT FYRIR ÞORRAVEISLUNA


25% afsláttur

Úr kjötborði

2.998 kr. kg

**Lambafille með fituönd**
Verð áður 3.998


34% afsláttur

Úr kjötborði

998 kr. kg

**Grísakótilettur**
Verð áður 1.498


25% afsláttur

899 kr. kg

**Nóatúns saltkjöt, blandað**
Verð áður 1.198




199 kr. pk.

**Efstibær kartöflur**
Gullauga, 1,5 kg


199 kr. kg

**Rófur**
Í lausu




235 kr. pk.

**Kötlu**
Kartöflumús




119 kr. stk.

**Frútína**
Létt ávaxtajógúrt




399 kr. pk.

**Chicago Town pizza**
2 tegundir




299 kr. pk.

**Metropole**
Kaffipúðar




129 Kr. stk.

**Líf**
Maískorn




299 Kr. stk.

**Kútter síld**
2 tegundir




69 kr.stk.

**Egils Pilsner**
0,5 lítri




279 kr.stk.

**Valencia súkkulaði**
2 tegundir

| Austurveri, Reykjavík | Grafarholti, Reykjavík | Hamraborg, Kópavogi | Hringbraut, Reykjavík | Nóatúni 17, Reykjavík | Austurvegi, Selfossi |
|---|---|---|---|---|---|
| Mán. – Fös. 10-20 | Mán. – Fös. 10-21 | Mán. – Fös. 10-20 | Mán. – Fös. 10-21 | Mán. – Fös. 10-20 | Mán. – Fös. 10-20 |
| Lau. 11-20 | Lau. 11-20 | Lau. 11-19 | Lau. 11-20 | Lau. 11-19 | Lau. 11-19 |
| Sun. 11-20 | Sun. 11-20 | Sun. 11-19 | Sun. 11-20 | Sun. 11-19 | Sun. 11- 19 |

EXPO • www.expo.is

## „ORÐRÉTT“

### *Koma tímar, koma ráð*

**„Formenn flokksins hafa ekki verið launaðir fram að þessu, en þetta er bara eitthvað sem við þurfum að skoða.“**

SIGFÚS I. SIGFÚSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FRAMSÓKNARFLOKKSINS, ER EKKI VISS HVORT NÝKJÖRINN FORMAÐUR FLOKKSINS FÁI GREITT FYRIR STARFIÐ.

**Fréttablaðið, 21. janúar**

### *Hæfilegar væntingar*

**„Obama er sá kandídat sem ég taldi bestan fyrir Bandaríkin og veröldina alla.“**

GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON, FORMAÐUR FRJÁLSLYNDRA, ER SÁTTUR VIÐ BARACK.

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BRYNDÍS GUNNLAUGSDÓTTIR, FORMAÐUR SUF:

## *Lífið snýst um Framsóknarflokkinn*

„Þetta var alveg hreint frábær helgi,“ segir Bryndís Gunnlaugsdóttir, formaður Sambands ungra framsóknarmanna, dösuð og sæl að loknu nýafstöðnu flokksþingi framsóknarmanna sem hún tók ríkan þátt í. „Undanfarnir tveir mánuðir hafa alfarið snúist um undirbúning flokksþingsins og hef ég því lítið gert annað. Núna er bara afslöppun fram undan.“

Bryndís segir ótrúlegan kraft hafa einkennt helgina þegar hundruð framsóknarmanna komu saman og er himinlifandi með hvernig allt gekk upp fyrir utan „þessi tæknilegu mistök“. Á hún þar við þegar Höskuldur Þór Þórhallsson var fyrir mistök fyrst kynntur sem formaður flokksins í stað Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, réttkjörins formanns.

„Þarna náðum við framsóknarmenn að stilla saman strengi. Við komum okkur saman um stefnu í Evrópumálum og erum með nýja og glæsilega forystu. Grasrótin sýndi að hún vill breyta til og fá nýja stefnu í Framsóknarflokkinn, eða öllu heldur fara aftur í það sem flokkurinn stendur fyrir; ungmennafélagshugsun, atvinnusköpun og samvinnu.“

Bryndís segir lífið snúast um Framsóknarflokkinn þessa dagana og því lítið annað sem komist að fyrir utan körfubolta sem hún æfir með íþróttafélaginu Ármanni.

„Núna ætla ég bara að slappa af og safna orku. Svo er ég að fara í aðgerð á föstudaginn vegna íþróttameiðsla og mun taka mér vikufrí í kjölfarið til að jafna mig. Það er gott að nýta tímann til að jafna sig eftir flokksþingið og aðgerðina,“ segir Bryndís sem gerir helst ráð fyrir því að horfa á sjónvarpið þessa viku og þá aðallega bíórásina.



## SJÓNARHÓLL

**EMBÆTTISTAKA OBAMA**



**MARGRÉT MARGEIRSDÓTTIR,** formaður Félags eldri borgara í Reykjavík.

### *Til góðs fyrir mannkynið*

„Ég fagna því að þessi maður skuli vera að komast í þetta embætti,“ segir Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara, um embættistöku Baracks Obama, 44. forseta Bandaríkjanna.

„Hann boðar nýja tíma og fólk virðist fagna mjög að hann skuli vera á leiðinni í þetta embætti. Þetta eru gríðarleg viðfangsefni sem bíða hans. Eins og heimurinn er nú í dag þá bindur maður vonir við að hann muni láta gott af sér leiða.“

Um fyrirrennara Obama í embætti, George W. Bush, segir Margrét hann tæpast hafa stuðlað að friði í heiminum. „Enda sýna skoðanakannanir í Bandaríkjunum að hann nýtur lítilla vinsælda. En maður er að vonast til að þarna verði breytt um stefnu bæði í Bandaríkjunum og eins í alþjóðamálum því þetta er nú eitt valdamesta embætti veraldar. Sá sem situr í þessu embætti getur beitt áhrifum sínum og þessi nýi forseti beitir þeim vonandi til góðs fyrir mannkynið.“





Fjármálaráðgjöf fyrir þig

KAUPÞING

Kynntu þér málin á www.kaupthing.is, hafðu samband í síma 444-7000 eða komdu við í næsta í útibúi Kaupþings.


# Sérgáfur einhverfra nýtast í

**Thorkil Sonne kynntist heimi einhverfra þegar hann eignaðist einhverfan son. Hann komst að því að fá tækifæri í atvinnulífinu bjóðast einhverfum einstaklingum og tók ráðin í sínar hendur, stofnaði fyrirtækið Specialisterne.**



**EINHVERF BÖRN GETA MÖRG NÝTT SÉR BÆÐI SÉRKENNSLU OG ALMENNA KENNSLU** Sonur Thorkils, Lars, er til dæmis í sérskóla fyrir einhverfa en sækir tíma í stærðfræði og tungumálum í venjulegum skóla. Myndin er úr heimildarmyndinni Sólskinsdrengurinn.

„Sonur minn Lars greindist með einhverfu fyrir níu árum síðan, þriggja ára gamall. Þegar ég fór að skoða hvaða möguleika hann ætti í framtíðinni þá fannst mér þeir sorglega litlir,“ segir Thorkil Sonne. Eftir að hafa kynnt sér einhverfu fékk Thorkil þá hugmynd að stofna fyrirtæki sem nýtti hæfileika einhverfra, sem eru til að mynda miklir einbeitingarhæfileikar, miklir hæfileikar til að taka eftir smáatriðum og miklir hæfileikar til þess að hugsa á kerfisbundinn hátt.

Niðurstaðan varð fyrirtækið Specialisterne sem hann stofnaði fyrir fimm árum. „Segja má að starfsemi Specialisterne sé tvíþætt, annars vegar þjálfum við starfsfólk með einhverfu, kynnumst þeim og komumst að hæfileikum þeirra. Hins vegar tökum við að okkur ýmiss konar verkefni fyrir fyrirtæki, öryggisprófanir og hugbúnaðarprófanir svo dæmi séu tekin.“

Verkefnin sem Specialisterne taka að sér henta einhverfum einstaklingum vel, betur en venjulegu fólki sem skortir yfirleitt hæfileikann til þess að einbeita sér lengi og leita að smáatriðum. „Einhverfir eiga yfirleitt í erfiðleikum með félagslegu hliðina og geta ekki unnið í hópvinnu eins og mikil áhersla er á í atvinnulífinu,“ segir Thorkil en leggur áherslu á að hæfileikar einhverfra geti einmitt nýst einkar vel í atvinnulífinu, aðalatriðið snúist um að finna leið til að virkja þá.

Sjálfur hafði Thorkil unnið í tölvugeiranum í fimmtán ár áður en hann sagði starfi sínu lausu til að stofna Specialisterne. „Þess vegna vissi ég að í þeim geira væri að finna verkefni sem myndu henta einhverfum mjög vel.“

Byrjunin gekk brösuglega enda segist Thorkil hafa stokkið peningalaus út í djúpu laugina án þess að þekkja til fyrirtækjareksturs. Einnig tók tíma að sannfæra atvinnulífið um að einstaklingar með „fötlun“ gætu unnið verkefni jafn vel eða betur en „venjulegt“ fólk. „Fyrirtæki höfðu þá hugmynd að ekki þyrfti að greiða sömu laun fyrir verkið,“ segir Thorkil en Specialisterne er fyrirtæki rekið á samkeppnisgrundvelli og nýtur engra styrkja.

### Fyrirtækinu gengur vel

55 starfsmenn vinna hjá Specialisterne, þar af 40 einhverfir. Þar fyrir utan eru 25 einhverfir einstaklingar í þjálfun hjá fyrirtækinu. Thorkil segir lykilatriði við vinnuna með einhverfum að undirbúa verkefnin vel og gefa starfsmönnunum skýr fyrirmæli. Reyndin hafi síðan verið að flest verkefnin eru unnin hjá fyrirtækjunum, sem hafi komið á óvart vegna lélegrar félagsfærni einhverfra. „En fólkið sem við vinnum fyrir er yfirleitt mjög ánægt með samstarfið og segjast til dæmis læra af mikilli vinnugleði okkar starfsmanna.“

Specialisterne hefur vakið mikla athygli um heim allan og nú þegar eru í undirbúningi svipuð fyrir-



**THORKIL SONNE** Ferðast um heiminn og kynnir fyrirtækið Specialisterne.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÍSLENSKIR SÉRFRÆÐINGAR Á DÖFINNI



**HJÖRTUR GRÉTARSSON**

Forstjórar íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja eru heillaðir af nálgun Specialisterne en Thorkil Sonne kynnti fyrirtækið fyrir þeim þegar hann var staddur hér á landi. Að sögn Hjartar Grétarssonar, formanns Umsjónarfélags einhverfra, voru fulltrúar Skýrr, Nýherja og Hugur-x mjög hrifnir af starfsemi Specialisterne, sáu að íslensk upplýsingatæknifyrirtæki gætu nýtt sér þjónustu þannig fyrirtækis og bætt sína mannauðsstjórnun, bætt þjóðfélagið og síðast en ekki síst fengið góða sérfræðivinnu fyrir sín fyrirtæki.

Hjörtur segir stjórn Umsjónarfélags einhverfra hafa ákveðið að vinna að því að stofna sjálfseignarstofnun eftir hugmyndafræði Specialisterne. „Markmiðið verður að þjálfa 30 einstaklinga á hverju ári á næstu fjórum til fimm árum og skapa fimmtán þeirra vinnu á ári. Þetta eru einstaklingar sem hingað til hafa verið atvinnulausir og ekki fengið tækifæri,“ segir Hjörtur sem vill fá fleiri aðila með í samstarf, Vinnumálastofnun og tæknifyrirtæki. „Við höfum fjármögnun í startið og þá er bara að hefjast handa með verkefnið.“

## FJÖLDI DAGA

■ Áhugamenn um Excel vita kannski ekki allir að ef reitur er skilgreindur þannig í forritinu að hann geymi dagsetningu, og tölustafurinn núll því næst sleginn inn í reitinn, þá fæst dagsetningin 0.1.1900 (núllti janúar 1900). Auk þess heldur Excel að árið 1900 hafi verið hlaupár, sem það var ekki. Þetta rugl má nota til að finna út hversu margir dagar voru á 20. öldinni. Þá lætur notandinn eins og 20. öldin hafi byrjað í upphafi ársins 1900 og endað í lok ársins 1999, slær inn 31. desember 1999 og breytir því í tölu. Sú tala sýnir fjölda daga á 20. öld.



Aðeins fjórir af 38 starfandi djáknum landsins eru karlmenn:

# Minnast lítt á þann frá Myrká

Gunnar Einar Steingrímsson var vígður til djákna 4. janúar síðastliðinn og var þar með kominn í hóp fjögurra karlmanna sem gegna slíku starfi hér á landi. Alls eru djáknarnir 38 talsins.

Hann vígðist til Grafarvogskirkju í Reykjavík og annast barna- og unglingastarf þar. „Það má segja að þetta sé ný stétt,“ segir Gunnar Einar. „En djáknastarfið skiptist í það sem við köllum í kærleiksþjónustu og síðan fræðslustarf.“ Þegar minnst er á djákna dettur eflaust mörgum í hug sá á Myrká en hvernig má þá vera að djáknar skipi nýja stétt? „Hann var eiginlega eins og hringjari þannig að þótt titillinn sé sá sami er starfssviðið gjörólíkt.“ Djáknafélagið var stofnað árið 1995 og djáknanám hófst við guðfræðideild Háskóla Íslands árið 1993.

Orðið djákni er dregið af gríska orðinu „diakonos“ sem þýðir þjónn og segir Gunnar Einar fara vel á því. Aðspurður hvort börnin og unglingarnir sem hann „þjónar“ spyrji mikið um kollega hans á Myrká segir hann: „Það eru sumir sem kannast við söguna en fáir sem hafa orð á þessu. Eflaust af ótta við að styggja nývígða djáknann,“ segir hann og hlær við.

- jse



**DJÁKNINN Í GRAFARVOGSKIRKJU** Gunnar Einar Steingrímsson djákni segir starf djáknans snúast um þjónustu enda er orðið dregið af gríska orðinu „diakonos“ sem þýðir þjónn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# vinnu



## VIÐ SKIPTUM MÁLI

*Vissir þú að allt að eitt prósent af fólki er á einhverfurófinu?
*Vissir þú að margir sem eru á einhverfurófinu og þurfa að kljást við vandamál sem því fylgja fá ekki stuðninginn sem þeir þurfa vegna þekkingarskorts í samfélaginu?
Vissir þú að atvinnulífið þarf í auknum mæli lausnir á verkefnum sem krefjast sérfræðikunnáttu?
Vissir þú að manneskja með einhverfu er sérfræðingur frá náttúrunnar hendi og þannig fyrirtaks viðbót við atvinnulífið?

Tekið af vef Specialisterne, www.specialisterne.dk

tæki í nokkrum löndum. Í desember á síðasta ári stofnaði Thorkil sjóð sem nú rekur fyrirtækið og hann ætlar að einbeita sér að því að kynna verkefnið. Hann hitti einmitt fulltrúa viðskiptalífsins í stuttri heimsókn hér á landi en hingað er hann kominn líka til þess að sjá myndina Sólskinsdrengurinn sem hann kemur fram í.

Sonur Thorkils er í dag tólf ára, afburðanámsmaður með mjög gott minni, hann er í sérskóla en sækir stærðfræði- og enskukennslu í almennum skóla, hann þolir illa áreiti á skilningarvitin, ljós til dæmis og er viðkvæmur fyrir fötum og eins og margir einhverfir á hann á í erfiðleikum með félagsfærni. Hvernig skyldi faðir hans sjá framtíð Lars núna?

„Lars er að minnsta kosti strax farinn að tala um spenntur þegar hann fer að vinna hjá Specialisterne,“ segir Thorkil og hlær en bætir við að markmiðið sé auðvitað ekki að allir einhverfir vinni hjá fyrirtæki á borð við Specialisterne heldur að fyrirtæki geri sér grein fyrir að það sé hægt að nýta starfskrafta og hæfileika einhverfra við sérstök verkefni.

sigridur@frettabladid.is


ÍSLENSKA SIA.IS KAU 44539 01/09

Fjármálaráðgjöf fyrir þig




Kynntu þér úrræðin

KAUPÞING

Starfsfólk Kaupþings aðstoðar þig við allt sem tengist fjármálum heimilisins og breyttum aðstæðum og leitar hentugra úrræða fyrir þig ef þarf.

- Heimilisbókhald
- Stöðumat
- Netdreifing/útgjaldadreifing
- Úrræði í greiðsluerfiðleikum
- Sparnaðarleiðir
- Lífeyris- og tryggingamál

Kynntu þér málin á www.kaupthing.is, hafðu samband í síma 444-7000 eða komdu við í næsta í útibúi Kaupþings.

**FRÉTTASKÝRING:** ESB og sjávarútvegur 5. hluti

# Álitamálin fjölmörg og flókin

Fjölmörg álitamál eru uppi varðandi hugsanlega aðild Íslands að ESB. Svavar Hávarðsson leitaði svara við grundvallarspurningum um undanþágur í aðildarviðræðum, um lagasetningarvaldið, hugmynd um sérstakt stjórnunarsvæði og fullveldið.

## *Hugmynd Halldórs reifuð*

Sameiginleg sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins varð til í tengslum við aðildarviðræður Norðmanna, Breta, Íra og Dana árið 1970. Í kjölfar stækkunar efnahagslögsögu árið 1977 voru settar sérstakar reglur um hafsvæði utan 12 mílna en innan sameiginlegrar lögsögu aðildarríkjanna. Veiðiskip aðildarríkjanna geta veitt á þessu svæði að því tilskyldu að þau hafi fengið úthlutað kvóta. Kvótum er úthlutað til einstakra ríkja og er þar byggt á reglunni um hlutfallslegan stöðugleika.

Sjávarútvegsstefnan hefur verið endurskoðuð öðru hvoru, síðasta endurskoðun tók gildi um áramótin 2002 og 2003. Meðal nýjunga sem þar var boðið upp á var stofnun svæðisstjórnunarráða sem skulu ná til hafsvæða undir stjórn minnst tveggja aðildarríkja. Svæðisstjórnunarráð setja sér sínar eigin verklagsreglur. Þannig er einstökum ráðum gefið víðtækt umboð til að móta viðfangsefni sín og verklag.

**Hugmynd Halldórs**

Örfáum mánuðum áður en ákvæðin um svæðisstjórnunarráðin tóku gildi hafði Halldór Ásgrímsson, þá utanríkisráðherra Íslands, stungið upp á því að íslenska fiskveiðilandhelgin yrði skilgreind sem stjórnunarsvæði, kæmi til þess að Ísland gerðist aðili að ESB.

Í sameiginlegri skýrslu norsku utanríkismálastofnunarinnar og Alþjóðamálastofnunar HÍ sem kom út á árinu 2003 er gerð tilraun til að tengja hugmynd Halldórs um skilgreininguna á landhelgi Íslands sem sérstaks fiskveiðistjórnunarsvæðis annars vegar og hugmyndina um svæðisstjórnunarráð hins vegar. Skýrsluhöfundar gengu útfrá því að Noregur og Ísland yrðu nokkurn veginn samferða inn í ESB. Þar með opnaðist sá möguleiki að löndin tvö kæmu á stofn sérstöku svæðisstjórnunarráði fyrir norðaustanvert Atlantshaf.

Svæðisstjórnunarráðið væri ESB stofnun og skýrsluhöfundar leggja til að ráðið fái framseldar valdheimildir sem ella lægju hjá ráðherraráðinu, þar með talið heimildir til að ákvarða heildarafla á íslensku og norsku hafsvæði. Skýrsluhöfundar gera ráð fyrir að atkvæðavægi í ráðinu ráðist af hlutdeild hvors lands í veiðum úr viðkomandi stofni. Þannig myndi Ísland fara með 100 prósent atkvæðanna um veiðar úr íslenska þorskstofninum og Noregur færi með 100% atkvæðanna um veiðar innan norskrar lögsögu norðan 62°N.



ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON PRÓFESSOR Í HAGFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

**Framsal valdheimilda**

Hægt væri að semja um framsal valdheimilda frá ráðherraráðinu til svæðisstjórnunarráðsins í aðildarviðræðum. Það þyrfti að sannfæra samningamenn ESB um að fyrirkomulagið gæti aukið líkindi á að almenningur í löndunum tveimur felldi sig við aðildarsamning í allsherjaratkvæðagreiðslu. Það þyrfti einnig að sannfæra samningamenn ESB um að fyrirkomulagið stangaðist ekki á við sameiginlegu fiskveiðistefnuna, en gæti orðið gagnleg viðbót við hana.

Svæðisstjórnunarráðsfyrirkomulagið gæti sniðið helstu agnúana af sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni séð frá sjónarhóli Íslendinga og Norðmanna. Þó yrði ekki komist hjá að afnema bann við fjárfestingum erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi. Íslensk stjórnvöld ættu þó auðvelt með að takast á við vandamál sem því kynnu að tengjast með einhliða aðgerðum, t.d. með því að hækka svokallað veiðigjald eða með því að kalla inn hluta úthlutaðs kvóta og bjóða upp árlega.

## *Tilfærsla lagasetningarvaldsins*

Ef Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu og undirgengst sameiginlega sjávarútvegsstefnu sambandsins færist lagasetningarvald varðandi fiskveiðar frá Alþingi Íslendinga til stofnana ESB. Það er ráðherraráð ESB sem fer með lagasetningarvaldið en framkvæmdastjórnin og evrópska þingið gegna þar einnig hlutverki. Í ráðherraráðinu ræður aukinn meirihluti, eða 255 atkvæði af 345. Þannig þarf meira en 90 atkvæði til að koma í veg fyrir að mál nái fram að ganga. Líkur hafa verið leiddar að því að ef Ísland gengi í ESB þá fengjum við 3 atkvæði í ráðherraráðinu. Þannig hefði lagasetningavald varanlega verið framselt til ESB. Ekki þarf mjög frjótt ímyndunarafl til að sjá hvar lönd þar sem fiskveiðihagsmunir eru litlir „fjárfesta“ með atkvæðisrétti sínum þegar til atkvæða kemur og ríki með áttfalt vægi atkvæða í öðrum málum sem varða þau meira hafa andstæða hagsmuni við Ísland. Hið svokallaða Lúxemborgarsamkomulag, sem kveður á um að aðildarríkin skuli í þeim tilvikum þar sem ákvörðun varðar mikla hagsmuni eins eða fleiri aðildarríkja, leitast við að ná samkomulagi sem öll aðildarríkin geti sætt sig við innan skynsamlegs frests er of veikt til að tryggja hagsmuni Íslands.



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI LÍÚ

**Framsal valdsins**

Oft er talað um að það sem helst myndi breytast við framsal valdsins til ESB sé að ákvörðun um hámarksafla flyttist til sambandsins. Því er gjarnan bætt við að þeim sem vilja að Ísland gerist aðili að sambandinu að þetta skipti litlu máli þar sem væntanlega yrði farið að tillögum Íslendinga. Framsal lagasetningavalds varðandi fiskveiðar varðar miklu fleira en ákvörðun um hámarksafla þó að það skipti miklu máli. Það þýðir einfaldlega að ESB getur tekið hvaða ákvarðanir sem því sýnist um málefni okkar, þ.m.t. hvort við megum yfirleitt veiða ákveðnar fisktegundir, hvenær, hvar, með hvernig skipum og veiðarfærum. ESB er andstætt hvalveiðum okkar Íslendinga. Það er ekki vegna þess að sambandinu eigi ekki að vera ljóst að hvalveiðar okkar eru sjálfbærar. Hvernig myndu 3 atkvæði Íslands tryggja að ekki færi eins um önnur málefni og hvalveiðarnar þegar fram líða stundir?

**Deilistofnar**

Vald til að gera samninga um stjórn og skiptingu veiðiréttar um deilistofna færi frá Íslandi til ESB við inngöngu. Hér er um að ræða tegundir eins og karfa, grálúðu, loðnu, norsk-íslenska síld, kolmunna og makríl. Það er ljóst að það hefur skipt sköpum um árangur okkar í samningum þessa stofna að við höfum sjálf farið með forræðið. Oft er því haldið fram að reglan um hlutfallslega stöðugar veiðar sem nú er í reglugerð ESB myndi tryggja hagsmuni Íslands. Í fyrsta lagi þá er unnt að breyta þessari reglugerð með auknum meirihluta í ráðherraráðinu þó að menn geti deilt um hversu líklegt er að það gerist á næstunni. Í öðru lagi þá vinnur þessi regla í sumum tilvikum gegn hagsmunum okkar og er þar nærtækast að benda á makrílinn þar sem ESB ætlar okkur afar rýran hlut.

Ef Ísland gerist aðili að ESB færist forsvar á vettvangi fiskveiðimála hjá alþjóðastofnunum eins og Sameinuðu þjóðunum frá Íslandi til ESB. Það hefur sýnt sig að forræði Íslands á eigin málum hefur skipt sköpum á þeim vettvangi eins og öðrum. Af hverju er það æðsta takmark hvers einstaklings og hverrar þjóðar að ráða málum sínum sjálf?

## *Fiskurinn og fullveldið*

Einkum tvennt hefur verið talið standa í vegi fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu, annars vegar glötun fullveldis og hins vegar afsal á yfirráðum yfir fiskimiðunum, sjávarútvegur og sjálfstæðið. Málið er þó öllu flóknara.

**Sjálfstæðið**

Í fyrsta lagi er Ísland nú þegar komið á bólakaf í Evrópusamrunann í gegnum EES og Schengen og er í reynd eins konar aukaaðili að sambandinu án þess þó að hafa aðkomu að stofnunum þess og ákvarðanatöku, sem á flestum sviðum snertir Íslendinga með jafn beinum og afgerandi hætti og íbúa aðildarríkjanna. Evrópusambandið er einstakt í flóru alþjóðastofnana að því leyti að aðildarríkin hafa með skuldbindandi hætti sameinast um lausn tiltekinna viðfangsefna. Samt sem áður er ESB lítið meira en vettvangur fyrir samstarf ríkja, þjóðréttarleg staða breytist ekki og aðildarríkin ákveða sjálf til hvaða sviða samstarfið nær og hvernig því skuli hagað.

Allt frá því að fullveldið færðist inn í landið 1918 hefur vernd þess verið grundvallarmál í íslenskum stjórnmálum, þó er eins og skilningur manna á inntaki þess hafi ekki fylgt þeirri þjóðfélagsþróun sem orðið hefur undanfarin ár, áratugi og aldir. Lengst af fól fullveldið einvörðungu í sér réttinn til yfirstjórnar innanlands, innri hlið, en samfara snaraukinni hnattvæðingu efnahagslífs, stjórnmála og menningar hefur ytri hlið fullveldisins, rétturinn til að taka þátt í samstarfi ríkja á alþjóðavettvangi, vaxið að mikilvægi. Viðfangsefni nútímasamfélaga ná langt út yfir landamæri ríkjanna og því hafa aðildarríki ESB kosið að deila fullveldi sínu til að ná betur utan um sameiginleg mál, svo sem á sviði umhverfisverndar og skipulags fjármálamarkaða.

**Sjávarútvegurinn**

Í öðru lagi hefur andstaða við sjávarútvegsstefnu ESB verið fyrirferðarmikil, sem er í sjálfu sér merkilegt, því fyrir um áratug kom þáverandi sendiherra ESB gagnvart Íslandi fram með stórmerkilegar hugmyndir um hvernig unnt væri að gera fiskimið Íslands að sérstöku stjórnsýslusvæði innan ESB, þannig að yfirráðin yfir auðlindinni yrðu með sama hætti og áður í höndum íslenskra stjórnvalda. Fordæmi fyrir álíka sérlausn má finna í aðildarsamningum flestra ESB-ríkja. Sú staðreynd að íslensk stjórnvöld hafa ekki viljað láta reyna á slíka lausn í aðildarviðræðum bendir til þess að eitthvað annað en efnahagshagsmunir í sjávarútvegi hafi staðið í vegi fyrir ESB-aðild.



EIRÍKUR BERGMANN DÓSENT OG FORSTÖÐUMAÐUR EVRÓPUFRÆÐASETURS

Rökin fyrir vernd sjávarútvegsins snúa því einnig að vernd fullveldisins. Í sjálfstæðisbaráttunni var bóndinn tákn fyrir sjálfstæði þjóðarinnar en smám saman tók sjómaðurinn við af bóndanum. Íslendingar háðu landhelgisstríð um yfirráðaréttinn yfir hafinu, þar sem barist var um sjálfan grundvöll efnahagslegs sjálfstæðis Íslands. Helgimyndir þjóðarinnar og sjómannsins tvinnast svo saman í sjómannasöngva sem um leið urðu eins konar ættjarðarsöngvar. Fiskurinn í sjónum er því einhvers konar táknmynd fyrir sjálfstæða íslenska þjóð.

Hugsanleg aðild að Evrópusambandinu er því ekki aðeins hreint efnahagsmál sem hægt er að reikna út í exel-skjali heldur snýr hún einnig að tilfinningalífi þjóðarinnar og skilningi hennar á fullveldi landsins.

## *Undanþágur til Íslands?*

Undanþágur eða aðlögunarákvæði koma ekki að gagni varðandi mikilvægustu hagsmuni og réttindi þjóðarinnar í hugsanlegum aðildarsamningi Íslendinga að Evrópusambandinu. Þetta snertir m.a. sjávarútveginn. Fjöldamörg atriði koma til álita varðandi undanþágur og aðlögun, en slíkt á ekki við um grundvallarhagsmuni eða þjóðréttindi.

**Vandað skal til verka**

Mjög mikilvægt er að vandað verði til hugsanlegs aðildarsamnings. Ákvæði aðildarsamnings hafa varanlegt gildi og verður ekki breytt einhliða af hálfu ESB án samþykkis aðildarríkisins, nema þá tekið sé fram að um tímabundið ákvæði sé að ræða.

Eðlilegt er að í hugsanlegum aðildarsamningi Íslands að ESB verði vísað til svonefndrar nálægðarreglu, til ákvæða um stöðug hlutföll, til reglna um svæðisráð, til Lúxembúrgarsamkomulagsins, til ákvæða um kvótahopp, og til ákvæða aðalsáttmála ESB um sérstöðu og sjálfræði Azoreyinga, Madeirabúa og Kanaríeyinga í sjávarútvegi. Á sama hátt er eðlilegt að önnur fordæmi, til dæmis frá Írlandsmiðum, Hjaltlandsmiðum og Möltu, verði nýtt í aðildarsamningi Íslands.

Réttmætt er að vísa til fleiri slíkra ákvæða og reglna sem þegar eru fyrir hendi á vettvangi ESB. Þar á meðal skiptir miklu að vísað verði til ákvæða nýjustu útgáfu aðalsáttmála ESB um fortakslausan einhliða úrsagnarrétt aðildarríkis. Sama er að segja um ákvæði í bókun með aðildarsamningi Finna um forgangsrétt heimamanna á Álandseyjum. Sambærileg ákvæði eru í bókun með aðildarsamningi Dana og Maltverja.

En það nægir ekki að vísa aðeins til þessara ákvæða og reglna. Það er nauðsynlegt að tekið verði skýrt fram hvaða skilningur er lagður í ákvæðin við gerð aðildarsamningsins. Með slíkum hætti öðlast sá skilningur varanlegt gildi. Þannig geta Íslendingar tryggt m.a. að útlendingar hafi ekki veiðirétt í íslenskri lögsögu, að fiskveiðistjórnunarkerfið sé innanríkismál Íslendinga, og að útlendingar geti ekki eignast ráðandi hlut í fyrirtækjum.



JÓN SIGURÐSSON LEKTOR VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

Það kann að reynast greiðara að tryggja tillit til landsaðstæðna, fjarlægða og fámennis í landinu með almennu ákvæði um ráðandi hlut í fyrirtækjum, landareignum og fasteignum almennt, heldur en aðeins í einni atvinnugrein. Í samningi Finna um Álandseyjar er ekki ákvæði um að útiloka útlendinga, heldur um að tryggja forræði þeirra sem hafa lögheimili og fasta búsetu á eyjunum.

**Mikilvæg hagsmunamál**

Jafnvel þótt þetta allt fáist fram verða eftir ýmis mikilvæg hagsmunamál sem koma til álita í hugsanlegum aðildarsamningi Íslands. Nefna má stöðu Íslendinga gagnvart samningum um úthafsveiðar og deilistofna, og ennfremur gagnvart ákvörðunum um leyfilegan heildarafla og friðanir. En ef vel reiðir af um þau atriði sem hér eru nefnd ofar má vera að Íslendingar geti fallist á sameiginlega málsmeðferð um heildarafla og friðanir.

Auk þessara atriða sem snerta sjávarútveginn þarf að huga að hagsmunum Íslendinga og þjóðréttindum varðandi önnur svið. Þar má nefna landbúnaðinn, gjaldeyris- og peningamál, orkulindir, og síðast en ekki síst fullveldi og þjóðmenningu.



**SPRENGI TILBOÐ**

FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

# Helgar SPRENGJA

## Líkamsrækt

22. - 25. janúar



34.990 ~~42.479~~

**Þrekhjól**
YK B-15
3899524



19.990 ~~23.849~~

**Þrekhjól**
YK B-19
3899530



62.990 ~~73.625~~

**Göngubretti**
JDB-1300
3899532



27.990 ~~33.292~~

**Fjölþjálfi**
YK B-23
3899531



3.990 ~~4.990~~

**Magaþjálfi**
YK-A09, sýnir fjölda æfinga, tíma og hitaeiningar
3899547



1.990 ~~2.249~~

**Æfingasett**
YK-TS303, 2x1 kg. lóð, 2x grip, sippuband
3899537



379

**Sippuband**
3899539



749

**Aerobic teygja**
SCE01
3899549



999

**Rúllusett + bakki**
25 sm
7014822




10 ltr 3.999

**Veggmálning**
beinhvítt, gljástig 7
7119800

# Rugl verð

## Græna torgið
í Skútuvogi



20% afsláttur

Kryddjurtir



20% afsláttur

Birkisafinn er náttúrulega vatnslosandi og virkar vel á húð hár og neglur

Birkilexír, 200 ml

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

**Verð á 1 kílói af ýsuflökum**




# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR ÞJÓÐFRÆÐINGUR

## *Trabantinn var mikill kostagripur*



„Verstu kaupin mín voru sennilega þegar ég ákvað að kaupa nýjan gírkassa í átta ára gamlan mitsubishi sem ég átti,“ segir Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur. „Bíllinn sjálfur var auðvitað vond kaup því hann bilaði svo snemma. En svo keypti ég nýjan gírkassa og vélin í bílnum hrundi viku síðar.“

Bíllinn var svarblár og fallegur að sögn Ólínu sem þóttist þó merkja slæman fyrirboða þegar hún sá hann fyrst. „Þetta var um og upp úr 1990, ég var nýorðin borgarfulltrúi fyrir Nýjan vettvang. Siggi keypti bílinn og þegar hann kom á honum akandi inn götuna sá ég það sem hafði farið framhjá honum að á bílplötunni stóð XD. Það boðaði ekki gott,“ segir Ólína hlæjandi. „Bestu kaupin miðað við efni og tilgang kaupanna er trabantinn sem ég keypti veturinn 1981. Hann entist og entist, komst allt í snjó og var mikill kostagripur. Ég hef ekki fest tilfinningar við neinn annan bíl eins og þennan trabant sem við áttum í mörg ár.“

Ólína segir einn eiginleika bílsins öðrum fremur hafa gert hann svona eftirminnilegan. „Á þessum bíl var maður alveg fyrirlitinn í umferðinni, svínað á mann og annað. Þeim mun sætari var sigurinn þegar bíllinn þjakkaði sig fram úr öðrum við erfið aksturskilyrði.“

# GÓÐ HÚSRÁÐ
## KANILDUFT Á HELLUNA

■ *Guðjón Helgason sjónvarpsmaður mælir með kanildufti á helluna til að ryðja sterkri lykt úr húsinu.*



„Þegar maður er búinn að elda lyktsterkan mat, til dæmis hangikjöt eða eitthvað með hvítlauk, þá er kanildufti stráð yfir helluna strax og slökkt er á henni og þá ryður það hinni lyktinni burt. Maður fær kanillykt í húsið og hún dofnar mun fyrr,“ segir Guðjón Helgason, fréttamaður á Stöð 2, og segir trixið svínvirka. „Mér er sagt að þetta virki líka á skötuna.“


# ÞORRI

VELJUM ÍSLENSKT




## Þorri landsmanna vill holla næringu og það strax í dag!

Gæðafiskur bitafiskur og harðfiskur kemur þar ferskur inn.

Sölustaðir
Tíu-ellefu, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupfélag V-Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Heilsubúð Náttúrulækningafélags Íslands.

GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA



Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið


**Neytendur:** Upplagðs krepputækis er sárlega saknað

## *SodaStream-laust land*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

SodaStream er tæki sem ætti að blómstra nú í kreppunni. Svo er þó aldeilis ekki, það er ófáanlegt. *„Ég hringdi út um allt og fékk alls staðar sömu svör: Tækin eru uppseld á Íslandi og hafa ekki verið til síðan um vorið 2008,“* skrifar kona í Hafnarfirði. *„Í Byggt og búið var mér tjáð að hringt væri til þeirra nánast daglega vegna fyrirspurna um SodaStream. Af hverju ætli þessi skortur starfi?“*

Guðjón Guðmundsson hjá Vífilfelli svarar: *„Ástæðu tækjaskortsins má rekja til þess að ísraelskir aðilar keyptu SodaStream-fyrirtækið fyrir skömmu. Fljótlega í kjölfarið urðu öll samskipti erfiðari. Þegar panta átti inn tæki síðastliðið vor komu engin tæki, en skömmu síðar krafa um óheyrilega háar umboðsgreiðslur mörg ár aftur í tímann sem engum var kunnugt um. Við getum á engan hátt sætt okkur við þessa kröfu, enda á hún sér ekki stoð að mati lögfræðings okkar. Málið hefur verið í meðferð lögfræðinga síðan þá og því miður hillir ekki enn undir niðurstöðu. Sáttatillögur hafa verið sendar, en þeim hefur ekki verið svarað. Ljóst má því vera að varan verður ekki fáanleg hjá okkur á næstu mánuðum, því miður. Við fyllum enn á þau hylki sem eru í umferð, en höfum ekki getað keypt inn ný hylki undanfarna mánuði af sömu ástæðu.“*



Vífilfelli hefur verið með SodaStream síðan 2001 en þar áður seldi Sól Víking tækið. SodaStream er selt um allan heim og er víðar en hér sveipað nostalgískri áru því vinsældir tækisins voru mestar á 8. og 9. áratugnum. Síðasta áratuginn hefur áherslan í kynningu SodaStream frekar verið að segja tækið gera heilsudrykki en gosdrykki. Sölu á bragðefnum var hætt á Íslandi árið 2004.

**MATUR & NÆRING** RAGNHEIÐUR HÉÐINSDÓTTIR

## Íslenskt bygg til manneldis



Miklar framfarir hafa orðið í kornrækt á Íslandi á síðasta áratug. Bygg er nú ræktað í öllum landshlutum og bændur hafa náð betri tökum á ræktuninni en áður. Íslenskir vísindamenn hafa unnið að markvissum kynbótum á byggi til að það henti betur íslenskum aðstæðum. Síðast en ekki síst hefur veðurfar undanfarinna ára verið kornrækt hagstætt. Því hefur byggrækt tekið stórstígum framförum á síðustu árum og er árlega framleitt hér umtalsvert magn af þroskuðu byggi. Fram að þessu hefur íslenskt bygg svo til eingöngu verið notað í skepnufóður en á allra síðustu árum hefur áhugi á notkun byggs til manneldis stóraukist.

Íslenskir sérfræðingar hafa á undanförnum árum rannsakað bygg, með tilliti til notkunar í matvæli, í samstarfi við íslensk matvælafyrirtæki. Komið hefur í ljós að byggmjöl hentar ágætlega til brauðgerðar í bland við hveiti. Baksturseiginleikar byggs eru þó nokkuð lakari en hveitis og því hentar það ekki eitt og sér í hefðbundin hefuð brauð. Aftur á móti er hægt að nota bygg eingöngu í ýmsar bökunarvörur eins og flatkökur og kökur. Þá hefur náðst prýðisárangur með íslenskt bygg sem hráefni til bjórgerðar. Íslenskt bankabygg (heil byggkorn) hefur fengist á neytendamarkaði í nokkur ár. Það hentar vel sem meðlæti með mat, sem hráefni í grauta, salöt og út í súpur og síðast en ekki síst er það ákaflega bragðgott. Íslenskt byggmjöl til brauðgerðar fæst nú bæði í neytendaumbúðum og stórsekkjum. Hveitimyllan Kornax gerði nýlega samning við Ólaf Eggertsson, bónda á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, um að dreifa fyrir hann möluðu byggi til bakara og á neytendamarkað.

Bygg er auðugt af trefjaefnum. Meðal annars inniheldur það mikið af svokölluðum beta-glúkónum sem eru vatnsleysanleg trefjaefni. Mun meira er af beta-glúkónum í byggi en hveiti en þessi efni eru talin geta lækkað kólesteról í blóði og dregið úr sveiflum á blóðsykri. Þá er í byggi hátt hlutfall flókinna kolvetna (sterkju) og það er auðugt af ýmsum vítamínum, steinefnum og andoxunarefnum.



Mikill áhugi er fyrir byggbakstri meðal íslenskra bakara og hafa félagsmenn í Landssambandi bakarameistara bundist samtökum um að hefja bakstur úr íslensku byggi. Fyrir því eru aðallega tvær ástæður, annars vegar að auka hollustu brauða og hins vegar að auka nýtingu innlendra hráefna og spara með því gjaldeyri og styrkja stöðu íslensks vinnuafls og innlendrar framleiðslu.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKUR ALI KJÚKLINGUR 40% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
598 kr.kg. MERKT VERÐ 998 KR. KG.
40% AFSLÁTTUR
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
1798 kr.kg. MERKT VERÐ 2998 KR.KG.
Ýsubitar
98
BÓNUS BRAUÐ Í SNEIÐUM
SÓLKJARNA & RÚGKJARNABRAUÐ
7 SNEIÐAR 98 kr.
398
KF NÝTT KJÖTFARS
398 kr.kg.
569
KS FROSINN LAMBABÓGUR
569 kr.kg. MERKT VERÐ 759 KR.KG.
795
BÚHNYKKUR FROSNIR ÝSUBITAR
ROÐ & BEINLAUSIR
795 kr.kg.
179
KF RÓFUSTAPPA 350g 179 kr.
498
HÁKARL Í BITUM FRÁ BJARNARHÖFN
100g 498 kr.
159
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ HVÍTT 159 kr.
1998
BÓNUS SOÐIÐ HANGIKJÖT
Í SNEIÐUM 1998 kr.kg.
298
KS FROSIN LAMBASVIÐ 298 kr.kg.
59
Egils
EGILS PILSNER & EGILS GULL 500 ml 59 kr.
30% AFSLÁTTUR
GOÐA SOÐIN LAMBASVIÐ
482 kr.kg. MERKT VERÐ 689 KR.KG.
259
BÓNUS KLEINUR
XL 6 STK 259 kr.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
OPIÐ FIMMTUDAG 12.00 TIL 18.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 65 **Velta:** 132 milljóni

| | |
|---|---|
| **OMX ÍSLAND 15** | **OMX ÍSLAND 6** |
| 319 **-1,59%** | 881 **-2,05%** |

MESTA HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ATLANTIC PETR.** | -7,41% |
| **BAKKAVÖR** | -5,05% |
| **STRAUMUR** | -3,13% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,00 +0,00% ... Atlantic Airways 168,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 -7,41% ... Bakkavör 1,88 -5,05% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,30 +0,00% ... Føroya Banki 112,00 -2,18% ... Icelandair Group 13,25 +0,00% ... Marel Food Systems 66,20 -2,79% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,24 -3,13% ... Össur 96,50 -1,43%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Brown velur íslenskt

Væringar við Íslendinga vegna Icesave skuldbindinga virðast ekki trufla bresku stjórnsýsluna þegar að því kemur að sýna ráðdeild í rekstri. Þannig flaug Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, á vegum einkaþotuleigunnar IceJet á tvo stutta fundi með Nicolas Sarkozy, forseta Frakkklands, í París og Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, í Berlín á miðvikudaginn fyrir viku. Heimildir blaðsins herma að með í för hafi verið eiginkona forsætisráðherrans, fjórir aðstoðarmenn og lífverðir. Tvær flugfreyjur þjónuðu farþegum en venjan mun að hafa aðeins eina um borð.

Jón Ingi Jónsson, framkvæmdastjóri IceJet, var ekki fáanlegur til vitals um málið og sagði vinnureglu félagsins að tjá sig ekki um viðskiptavini. Félagið á fjórar einkaþotur og gerir tvær út frá Lundúnum.



### Skál fyrir breytingum

Víða er taktmunur í mannlífinu um þessar mundir. Fólk krefst breytinga við Austurvöll og vill fá að kjósa upp á nýtt. Annars staðar láta menn slíkan óróa ekki trufla sig. Þannig undirbúa laganemar nú sína eigin sönglagakeppni (Orovision, eftir nafni félags þeirra Orators og svo Eurovision) á morgun, föstudag. Upphitun hefst klukkan fimm síðdegis, fyrir nema á öðru til fimmta ári, með kokteilsamsæti í boði Sjálfstæðisflokksins. Samsætið verður í Valhöll í Reykjavík. Laganemarnir tala um að mæting í fordrykk efli skráningu í söngkeppnina. Einn sagði þetta þó óþægilega nærri því að „spila á fiðlu meðan Óslóartréð brennur“.



## Nýr við stýri SmartLynx



**ÓMAR BENEDIKTSSON**

Ómar Benediktsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri SmartLynx í Lettlandi, dótturfélags Icelandair Group.

Hann tekur við af Eugene O'Reilly sem gegnt hefur starfinu tímabundið. O'Reilly fer aftur til starfa sem aðstoðarframkvæmdastjóri Icelease, annars dótturfélags Icelandair, að því er segir í tilkynningu.

Ómar lætur af starfi sem varaformaður stjórnar Icelandair Group á aðalfundi í mars. **- jab**

## Metvelta á skuldabréfamarkaði

Velta á skuldabréfamarkaði nam 17,9 milljörðum króna í gær.

Þetta er mesta velta ársins en annað eins hefur ekki sést síðan ríkið tók yfir bankana snemma í október í fyrra.

Næstmesta veltan sem sést hefur eftir árið á markaðnum nemur í kringum sextán milljörðum króna.

Meðalvelta ársins fram til þessa nemur um 9,2 milljörðum króna á dag, samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni.

Talið er að aukninguna í gær megi rekja til fyrirhugaðrar skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs á morgun, sem vega á upp á móti fjárþörf hins opinbera vegna mikils halla á fjárlögum í ár. **- jab**



**AF MARKAÐNUM** Velta á skuldabréfamarkaði hefur aldrei verið meiri en í gær. Á sama tíma féll nýja Úrvalsvísitalan um 2,1 prósent. Hún endaði í 864,15 stigum og hefur aldrei verið lægri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Landsbankinn hjálpar deCode

**Nýi Landsbankinn (NBI) hefur keypt skuldabréf deCode fyrir 1,4 milljarða króna. Kári Stefánsson segir um skammtímalausn að ræða. Leitað var til allra stóru bankanna.**

„Nú gefst okkur nægilegt ráðrými til að semja á yfirvegaðan hátt um framtíð fyrirtækisins. Þetta hefur engin úrslitaáhrif á það hverjir koma til með að fjármagna það til framtíðar,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri deCode, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar.

Fyrirtækið tilkynnti í gær að það hafi selt Landsbankanum skuldabréf fyrir ellefu milljónir Bandaríkjadala. Þetta jafngildir um 1,4 milljörðum íslenskra króna.

Skuldabréfin eru safn bréfa, útgefin af ýmsum aðilum í Bandaríkjunum, og deCode hefur átt um nokkurra ára skeið.

Með sölunni fylgdu þeir skilmálar að deCode skuldbindur sig til að kaupa bréfin aftur fyrir árslok auk þess sem Landsbankinn getur krafist þess að fyrirtækið kaupi þau aftur á sama tíma.

DeCode hefur glímt við erfiða lausafjárstöðu síðustu misseri og var ráðist í uppstokkun, sölu eigna sem ekki tengjast kjarnastarfsemi og uppsögnum starfsfólks á seinni hluta nýliðins árs. Illa hefur gengið að selja eignir í núverandi árferði. Samkvæmt skilmálum skuldabréfasölunnar mun stefnt að því fyrir lok árs.

Kári segir viðræður við evrópska og bandaríska fjárfesta langt komnar og sé hann bjartsýnn á að þeim ljúki innan þriggja mánaða og muni þá kröftugir og fjársterkir aðilar bætast við eigendahóp deCode.

Eftir því sem næst verður komist leitaði deCode til Landsbankans, Glitnis og Kaupþings um að koma fyrirtækinu til aðstoðar með kaupum á skuldabréfum þess. Heimildir blaðsins herma að bönkunum hafi ekki þótt það fýsilegur kostur, en nokkur pólitískur þrýstingur hafi verið á að einhver bankanna tæki það að sér. Fyrirtækið hefur áður notið nokkurrar velvildar stjórnvalda hér, samanber lög sem samþykkt voru 2002 um ríkisábyrgð á skuldabréf útgefnum af DeCode.

Kári segir deCode hafa vissulega leitað eftir því að selja skuldabréfin öðrum fjármálafyrirtækjum áður en gengið var til samninga við Landsbankann. Ekkert sé við slíkt að athuga, að hans sögn. **jonab@markadurinn.is**



**HÚS ÍSLENSKRAR ERFÐAGREININGAR** DeCode, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, hefur leyst úr skammtímavanda með sölu á safni skuldabréfa.

# Glitnir lækkar vexti

Glitnir lækkaði í gær vexti á bæði út- og innlánum.

„Með þessu hafa kjörvextir óverðtryggðra skuldabréfa hjá Glitni lækkað um 2,85 prósent, eða úr 21,85 prósentum í 19 prósent, frá 28. október síðastliðnum. Þá hafa algengustu yfirdráttarvextir lækkað um 2,05 til 3,5 prósent hjá bankanum og vextir á algengustu sparnaðarreikningum lækkað á bilinu 0,5 til 2,5 prósent á sama tíma“, segir í tilkynningu bankans. Þar kemur fram sem dæmi að vaxtakostnaður á yfirdráttarláni í Námsvild bankans lækki um rúmar 36 þúsund krónur á ári og um 25 þúsund hjá einstaklingum í svonefndri Gullvild hjá bankanum. **- óká**

## Forstjóri settur til hliðar

Stjórn bresku íþróttavöruverslunarinnar JJB Sports greindi frá því í fyrradag að forstjóranum, Chris Ronnie, hefði verið vikið tímabundið frá störfum.

Ástæðan er rannsókn stjórnar JJB á því hvers vegna Ronnie sat á þeim upplýsingum að Singer & Friedlander, banki Kaupþings í Lundúnum í Bretlandi, hefði gert veðkall í hlut hans og Existu í versluninni og tekið hann til sín.

Singer & Friedlander er í greiðslustöðvun og sitja nú skilanefndir frá PriceWaterHouseCoopers og Ernst & Young á hlutnum.

Ronnie keypti ásamt Existu 29 prósenta hlut í JJB um mitt ár 2007 fyrir 190 milljónir punda, jafnvirði 24 milljarða íslenska króna, á þávirði.

Kaupendur höfðu ákveðna áætlun á borðinu um viðsnúning í rekstri JJB en náðu ekki að hrinda henni í framkvæmd áður en þrengingar í bresku efnahagslífi settu strik í reikninginn.

Gengi hlutabréfa í JJB hrundi í september í fyrra og stóð við upphaf viðskiptadagsins í gær í 7,3 pensum. Það er rúmlega 97 prósenta rýrnun á virði hlutafjár síðan Exista og Ronnie komu í hluthafahópinn. **- jab**

LANDIC PROPERTY



HLUTHAFAFUNDUR LANDIC PROPERTY HF.

Hluthafafundur Landic Property hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins, Kringlunni 4–12 í Reykjavík, fimmtudaginn 29. janúar nk. og hefst kl. 10.00.

DAGSKRÁ:

1. **Tillaga um fækkun stjórnarmanna úr sjö í fimm.**
2. **Tillaga um að veita stjórn umboð til áframhaldandi vinnu við stefnumótun félagsins og aðgerða tengdum þeim.**
3. **Önnur mál.**

**Tillögur stjórnar Landic Property hf. til hluthafafundar félagsins þann 29. janúar 2009.**

**Liður 1:**
Tillaga er lögð fram um breytingu á grein 4.1. þannig að stjórnarmönnum verði fækkað úr sjö í fimm.

**Liður 2:**
Eins og fram kom í tilkynningu frá félaginu þann 5. desember sl. þá vinnur félagið að mótun á nýrri stefnu fyrir félagið vegna mjög erfiðra rekstrarskilyrða. Í því ljósi er lögð fram eftirfarandi tillaga fyrir hluthafafundinn:

Tillaga er gerð um að hluthafafundur Landic Property hf., haldinn 29. janúar 2009, samþykki vegna erfiðra rekstrarskilyrða, að veita stjórn félagsins heimild til þess að vinna áfram að stefnumótun félagsins sem felur í sér endurskipulagningu og mögulega sölu eigna sem ekki falla að nýrri stefnu þess. Skal heimild þessi gilda út árið 2009.

**Liður 3:**
Önnur mál, löglega upp borin.

Framangreindar tillögur liggja frammi á skrifstofu félagsins til frekari kynningar fyrir hluthafa. Enn fremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins www.landicproperty.com frá sama tíma.

**Reykjavík, 21. janúar 2009,**
**Landic Property hf.**

# Allt í Þorraveisluna

*í einni ferð*

OPIÐ til 20 alla daga



20% afsláttur við kassa

**ÞORRABAKKI FYRIR 1-2, 600g**

- Ný lifrarpylsa
- Sviðasulta
- Flatkökur
- Rúgbrauð
- Smjör
- Hangikjöt
- Rófustappa
- Súr lifrarpylsa
- Lundabaggi
- Bringur
- Hrútspungar

ÞORRABAKKI 600g
1.199 kr/pk.
Merkt verð 1.499.-



fremstir fyrir bragðið
30% afsláttur við kassa
1.189 kr/kg
Merkt verð 1.698.-

**Súrir lundabaggar**



fremstir fyrir bragðið
30% afsláttur við kassa
1.917 kr/kg
Merkt verð 2.738.-

**Súrir hrútspungar**



fremstir fyrir bragðið
30% afsláttur við kassa
972 kr/kg
Merkt verð 1.388.-

**Súr lifrarpylsa**



fremstir fyrir bragðið
30% afsláttur við kassa
1.749 kr/kg
Merkt verð 2.498.-

**Sviðasulta**



399 kr/stk.

**Ora Þorrasíld**



20% afsláttur við kassa
2.124 kr/kg
Verð áður 2.655.-

**Eyjabiti** harðfiskur



89 kr/stk.
Verð áður 107.-

**MS mysa** 1 ltr.



3 fyrir 2

**Laxasneiðar** álegg



279 kr/stk.
Verð áður 399.-

**Ora rófustappa**



129 kr/stk.
Verð áður 164.-

**Smjör 250 g** saltað og ósaltað

OPIÐ allan sólarhringinn í Skeifunni — 24 Skeifan

Gildir til 25. janúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Örlagatímar fram undan:

## Þjóð með eymd í arf

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Nú eru orð dýr, tími gjálfurs og ásakana liðinn: nú er kominn tími til yfirvegaðra aðgerða á lýðræðislegum grunni svo komið verði til móts við almenning. Nú verður að endurnýja og endurheimta traust á löggjafarþingið, endurnýja umboð til framkvæmdavaldsins. Nú verður með ábyrgum og yfirlýstum hætti að snúa við þeirri sundrung sem óskilamenn hafa kallað yfir þjóðlífið.

Almenningur sættir sig ekki lengur við óskýr svör svifaseinna stjórnvalda. Mótmælin á torgum njóta víðtækrar samúðar um allt þjóðlífið og trygglyndi við lög og rétt fer dvínandi. Stjórnvöld eru hrunin af valdastólum þótt þau haldi enn fast í brotin. Ríkisstjórn er ekki lengur til setunnar boðið. Spurningin er aðeins hver vill rjúfa: heimta félagsmenn Samfylkingar af forystusveit að stjórnarsamstarfi verði slitið strax? Lýtur Sjálfstæðisflokkurinn hinni almennu kröfu um kosningar, gefur eftir, og tekur þá orrustu? Verður samráð um það milli allra stjórnmálaflokka á þingi að boða til kosninga? Og hverjir eiga þá að halda um stjórnvöl framkvæmdavaldsins meðan kosningar ganga yfir? Allar þessar spurningar eru brennandi.

Hvaða líkur eru á að núverandi sveit alþingismanna fái frekara brautargengi í undirbúningi kosninga? Í vændum er sársaukafull uppskipun í þingmannasveit og að leitað verði logandi ljósi að nýjum kröftum til að vinna flokkunum sem mest fylgi. Í öllum flokkum verður krafan um uppgjör hávær, nema helst hjá Vinstri grænum. Verulegar líkur eru á fleiri framboðum sem byggja á veikum og þröngum hugmyndalegum grunni. Og þá er eftir annasöm og tilfinningasöm kosningabarátta sem mun taka á stórum málum: Evrópusambandsaðild, skuldauppgjöri, tiltekt í embættismannastétt og skýran og réttlátan frágang þeirrar fjármálaóreiðu sem komið hefur þjóðinni á kaldan klaka. Nýs þings bíður vinna við nýja stjórnarskrá sem tryggir jafnan kosningarétt. Og í því umróti kemur til álita að breyta hlutverki forseta.

Huga verður að hlut núverandi forseta á þeim dögum sem fram undan eru: þrjár ferðir hans til Katar á síðasta ári í för með Kaupþingsmönnum „til að auka samvinnu milli þarlendra manna og Kaupþings“ hafa ekki farið hátt en veikja óneitanlega stöðu hans um þessar mundir. Kjósi þingflokkar á næstu dögum að veita embættismannastjórn starfsfrið til kosninga kemur í hlut forsetans að finna menn til þeirra starfa sem verður vandasamt verk: hver vill ganga inn í þann eld þótt þjóðarheill kalli?

Engar líkur eru á að almennum mótmælum linni: um aðra helgi má búast við að landsfundur Sjálfstæðisflokksins verði haldinn umkringdur mótmælendum sem krefja flokkinn um ábyrgð á frjálshyggjustefnunni sem hér hefur beðið svo hroðalegt skipbrot. Við flokknum blasir að fram undan eru stóraukin afskipti ríkisvaldsins, atvinnustarfsemi og einkaframtak sem laskað er til langframa og hlutabréfamarkaður sem er hruninn.

Fram undan er heitur vetur þar sem pólitískar öldur munu rísa hátt: gæfan gefi okkur stillingu og vit til að komast í gegnum þá hríð með hreinskiptum umræðum um hvernig samfélag við viljum byggja hér á ný. Á rústum þess gamla.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mótmælin mega ekki ganga of langt

„Öll mótmæli í lýðræðisríki eru eðlileg. En þau mega ekki ganga svo langt að þau fari að snúast upp í andhverfu sína …“ sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra í Morgunblaðinu í gær. En hvað verður um mótmæli sem stigmagnast og snúast upp í andhverfu sína? Verða þau að meðmælum?



### Hvaða uppivöðsluseggi á forsetinn við?

Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, sá ekki ástæðu til að slíta þingfundi jafnvel þótt „uppivöðsluseggir“ létu öllum illum látum, eins og hann orðaði það sjálfur. Líklegast átti hann við „uppivöðsluseggina“ sem voru fyrir utan þingið en það er svo spurning hvort hinir sem eru inni á þingi hafi áhrif á störf þess. Að minnsta kosti sýndu þingmenn Vinstri grænna tilburði í þá átt að þeir ætluðu ekki að láta nokkur bönd binda sig í geðshræringunni. Ekki frekar en Helga Sigrún Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, sem væntanlega mun blóta þorrann sem gengur í garð á morgun.

### Aldrei aftur Framsókn

Bjarni Harðarson, fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, hefur nú alveg snúið baki við sínum gamla flokki. Ástæðan er sú að Framsóknarflokkurinn gaf grænt ljós á aðildarviðræður við ESB en slíkt er Bjarna þyrnir í augum sama hvaða fyrirvarar séu settir fyrir slíkum viðræðum. Kannski vill Bjarni að ESB verði tekið sömu tökum og tóbak, sem samkvæmt lögum er bannað að fjalla um í fjölmiðlum nema til að vara sérstaklega við skaðsemi þess.



jse@frettabladid.is

# Stjórnarskráin og ESB



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Meira um stjórnarskrá

Þegar Alþingi samþykkti EES-samninginn á sínum tíma, varð niðurstaða þingsins sú eftir miklar rökræður, að ekki væri þörf á að breyta stjórnarskránni. Þessi niðurstaða lá ekki í augum uppi, þar eð EES-samningurinn fól í sér víðtækt – og frá mínum bæjardyrum séð velkomið – framsal á fullveldi Íslands. Orðalagið „framsal á fullveldi“ er að sönnu arfur frá fyrri tíð og á ekki vel við í síminnkandi heimi. Betur færi á að tala um að deila fullveldi sínu með öðrum líkt og við gerum með glöðu geði, þegar við göngum í hjónaband. Enn betur fer á að tala um að deila valdheimildum ríkisins með öðrum ríkjum. Evrópusambandið hvílir á hugsjóninni um sameiginlegar lausnir á sammálum og sérlausnir á sérmálum. Þau mál, sem geta ekki talizt einkamál hverrar þjóðar fyrir sig, þarf að leysa í sameiningu, en þó þannig, að sérstaða hverrar þjóðar sé virt. Landamærin milli sammála og sérmála eru ekki föst, þau fljóta. Þessi mörk þurfa að færast til, þegar Íslendingar semja við ESB um útvegsmál, þar eð fiskimiðin við Ísland varða hag heillar þjóðar (sjávarafurðir námu þó ekki nema sjö prósentum af landsframleiðslu 2006) og ekki bara hagsmuni einstakra byggða líkt og háttar um útveginn annars staðar innan ESB. Smáríkjum hefur vegnað vel innan ESB. Grænland er eina landið, sem hefur séð sér hag í að yfirgefa ESB.

Sumir þeirra, sem tryggðu EES-samningnum brautargengi á Alþingi á sínum tíma, tefldu fram þeim rökum, að fullveldisafsalið samkvæmt samningnum væri ekki svo stórfellt, að það kallaði á stjórnarskrárbreytingu, en þegar röðin kæmi að hugsanlegri aðild að ESB, myndi þurfa að breyta stjórnarskránni. Þessi rök voru ekki fyllilega sannfærandi. Fullveldisafsalið samkvæmt samningnum var í fyrsta lagi umtalsvert. Í annan stað var fyrirheitið um stjórnarskrárbreytingu síðar, þegar röðin kæmi að ESB, ef til vill óþarft eins og ég lýsti á þessum stað fyrir viku. Óbreytt stjórnarskrá virðist leyfa inngöngu í ESB samkvæmt rúmri túlkun á þeim greinum stjórnarskrárinnar, sem máli skipta, og samlestri við dönsku stjórnarskrána, sem er fyrirmynd okkar stjórnarskrár. Greinarnar tvær (19. og 20. gr.), sem Danir bættu inn í stjórnarskrá sína 1953 til að greiða fyrir nánu Evrópusamstarfi síðar, snerust ekki um, hvort Danir gætu ákveðið að ganga í ESB, heldur hvernig. Grein, sem fyrir var í dönsku stjórnarskránni (3. gr.), þótti ekki standa í vegi fyrir inngöngu Dana í ESB. Þessi grein í dönsku stjórnarskránni er samhljóða 2. grein í okkar stjórnarskrá, sem við hljótum því að geta lagt sama skilning í og Danir. Enda þótt einfaldur meiri hluti Alþingis gæti eftir þessum lögskilningi samþykkt aðild Íslands að ESB, væri hyggilegra að leggja málið í bindandi dóm þjóðarinnar til að taka af öll tvímæli um lögmætið. Til þess þarf ekki stjórnarskrárbreytingu. Hitt er eftir sem áður rétt, að stjórnarskráin þarfnast endurskoðunar, ekki sízt í ljósi þeirra djúpu bresta, sem fjármálakreppan nú hefur afhjúpað. Eru þeir, sem biðja nú um breytta stjórnarskrá vegna aðsteðjandi umsóknar um aðild að ESB, að biðja um, að forsendur ákvörðunarinnar um aðildina að EES 1994 án stjórnarskrárbreytingar séu endurskoðaðar? Ekki endilega. Aðildin að EES fól í reynd í sér umfangsmeira afsal valdheimilda en aðild að ESB myndi fela í sér nú til viðbótar; skrefið, sem þá var stigið, var stærra. Innan EES þurftu Alþingi og ráðuneyti að breyta lögum og reglum í stórum stíl: það var tilgangurinn. Alþingi komst að þeirri niðurstöðu, að stjórnarskráin leyfi svo víðtækt afsal valdheimilda. Í lagalegu tilliti er aðild að ESB þó í eðli sínu ólík aðild að EES. Aðild að ESB þýðir, að stofnanir ESB fá lagasetningarvald á Íslandi og dómstóll ESB fær bindandi dómsvald, en hvorugu er til að dreifa innan EES. Hvort tveggja yrði að minni hyggju Íslandi til framdráttar líkt og öðrum aðildarlöndum. Margir lögfræðingar og allir stjórnmálaflokkar landsins líta svo á, að eðlismunurinn á ESB og EES kalli á stjórnarskrárbreytingu. Mér sýnist sú staðreynd, að aðild að ESB myndi í reynd kalla á minna framsal valdheimilda til viðbótar en aðildin að EES gerði, veita hugsanlegt færi á inngöngu í ESB að óbreyttri stjórnarskrá, enda er stjórnarskrá okkar rýmri en stjórnarskrá Danmerkur eins og lýst er að framan. Þessi skoðun, ef rétt reynist, reisir skorður við tilraunum andstæðinga ESB-aðildar til að misnota stjórnarskrána til að drepa málinu á dreif. Fólkið í landinu þarf samt að fá að eiga síðasta orðið um málið frekar en Alþingi.

# Háskólasjúkrahús

UMRÆÐAN

Jóhannes M. Gunnarsson skrifar um heilbrigðismál



JÓHANNES M. GUNNARSSON

Jón Gunnarsson alþingismaður birti grein í Fréttablaðinu 19. janúar undir fyrirsögninni „Hátæknisjúkrahús“. Þar lýsir hann efasemdum um að byggt verði „hátæknisjúkrahús“ í Vatnsmýrinni og að nær væri að efla og sérhæfa starfsemi stærri sjúkrahúsa á nokkrum stöðum á landinu. Hlutverk Landspítala og sjúkrahússtarfsemi almennt nú á dögum þarf að skýra.

Landspítali er eina skilgreinda háskólasjúkrahúsið hér á landi og hefur sem slíkt það hlutverk að veita þjónustu í nær öllum viðurkenndum sérgreinum með áherslu á rannsóknir, þróun og kennslu í hinum ýmsu greinum heilbrigðisvísinda, þar með talið starfsþjálfun og framhaldsnám. Meðferð sjúklinga, kennsla og rannsóknir eru samþætt í daglegum störfum á háskólasjúkrahúsum. Kennsla og þjálfun stúdenta þarf stóran og fjölbreytilegan sjúklingahóp og auk þess krefjast þróun og rannsóknir ákveðinnar stærðar (critical mass). Þetta, ásamt vaxandi sérhæfingu, var meginástæða fyrir því að nauðsynlegt var talið að sameina sjúkrahúsin í Reykjavík. Alþjóðlega viðurkennt framhaldsnám hér er útilokað án sameinaðra krafta.

Nýbygging sameinaðs spítala var það fyrirheit sem sátt varð um meðal lækna við sameininguna þar sem með því væri stofnað til nútímalegs háskólasjúkrahúss landsmanna sem hefði nægjanlega burði sem slíkt hvað varðar stærð, fjölbreytileika í þjónustu og vísindalegan grunn. Engu síður er Landspítali lítill sem háskólasjúkrahús. Flest þeirra 100 húsa sem Landspítali starfar nú í á 16 stöðum eru hönnuð fyrir meira en hálfri öld. Viðhald og endurbygging þeirra er mjög dýr. Þrátt fyrir þau fjárútlát fullnægja þessi hús aldrei þörfum nútímans.

Rekstur sjúkrahúss í nýju húsi sem tekur mið af gagnreyndri þekkingu við hönnun spítala sparar 8-10% af rekstrarfé, auk þess liggur 2-3% sparnaður í því að ná starfsemi Landspítala á einn stað. Um er því að ræða 4-5 milljarða króna árlegan sparnað miðað við rekstrarkostnað spítalans á liðnu ári. Þessir útreikningar hafa verið kynntir fjárlaganefnd Alþingis. Við höfum hvorki siðferðilegan rétt til að draga sjúklinga á bættum og öruggari aðbúnaði né efni á því að kasta þessu fé á glæ með því að bíða.

*Höfundur er verkefnisstjóri við nýtt háskólasjúkrahús.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

til afgreiðslu af lager

# Innréttingar í öll herbergi hússins

## - glæsileg og vönduð vara

eitt hagstæðasta verð á markaðnum

ÁFRAM FRÁBÆR TILBOÐ 2009

## ELDHÚS

*Innifalið í öllum innréttingum BLUM mjúk-lokun á skúffum og skápahurðum*

35% afsláttur

HORIZONTAL
*Amerísk hnota spónlögð*





Verð kr. 228.630,- með afslætti

Verð kr. 283.100,- með afslætti

## FATASKÁPAR

*Fataskápar í breiddum: 40, 50, 80 og 100 sm | hæð 240 sm*



*Ljós eik*

35% afsláttur á fataskápum!



*Háglans - sprautulakkaður*

Verð frá 37.300,- stgr.



35% afsláttur

HORIZONTAL
*Amerísk hnota spónlögð*

Verð kr. 483.850,- með afslætti



DUCAL ljós eik

Verð kr. 705.760,- með afslætti

25% afsláttur



LINE Hvítt háglans sprautulakkað

Verð kr. 806.300,- með afslætti

30% afsláttur

## ÞVOTTAHÚS
innréttingar

Verð 59.900,- stgr.



35% afsláttur á þvottahúsa innréttingum

*Þvottahúsa innr. hvít háglans*

*Þvottahúsa innr. - ölur*

kynntu þér úrvalið á www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Hvað er fram undan?

**UMRÆÐAN**

Ellert B. Schram skrifar um samfélagsástandið



ELLERT B. SCHRAM

Fólk heldur áfram að efna til mótmæla, sem ég skil vel. Hef jafnvel mætt á suma þessara funda og klappað fyrir ræðumönnum. Enda af nógu að taka og margt mætti betur fara. Fólk kallar eftir kosningum og ég tek undir þá kröfu að þjóðin veiti Alþingi nýtt umboð til að takast á við vandann. Þess vegna sömu flokkum og nú stjórna. Það ræðst af því sem kemur upp úr kjörkössunum. Þetta snýst um lýðræði.

En um leið og ég segi þetta, verða Íslendingar að horfast í augu við þá staðreynd, að hver svo sem stýrir stjórnarskútunni næstu misserin, kemst ekki hjá því að takast á við ástandið og þar er brýnast að koma á stöðugleika og draga úr halla fjárlaganna. Sníða sér stakk eftir vexti. Það verkefni verður ekki umflúið.

Mótmælin gegn niðurskurði í heilbrigðismálum eru skiljanleg en því miður, sá niðurskurður er óhjákvæmilegur. Þar sem annars staðar í ríkisrekstrinum. Og hann þarf að vera meiri og dýpri við gerð næstu fjárlaga. Það er hinn napri veruleiki. Á öllum sviðum. Við getum auðvitað haft okkar skoðanir á því hvernig staðið er að niðurskurði í heilbrigðiskerfinu og annars staðar, en eftir stendur að það er eins og fólk vilji ekki horfast augu við veruleikann. Við stöndum nefnilega á þeim krossgötum að fylleríinu er lokið. Timburmennirnir eru að koma í ljós.

Þar með er ekki sagt að menn eigi að leggja upp laupana. Þjóðin hefur áður gengið í gegnum kreppur og lifað það af. Íslendingar voru raunar fátæk þjóð allt fram á miðja síðustu öld. Fólk bjó í bröggum, engir lífeyrissjóðir og ömmur og afar minnar kynslóðar komust aldrei til útlanda. Áttu hvorki ísskápa né ryksugur. Þau lifðu samt. Ég er nógu gamall til að muna, þegar ég var í sveit sem unglingur, að þar á bæ var ekki að finna hreinlætistæki, önnur en þau að kamarinn stóð á hlaðinu og lækurinn var baðherbergið. Samt leið mér vel í sveitinni.

Með þessu er ég ekki að segja að við hverfum aftur til þessara sultarára, síður en svo. Heldur hitt að við getum og verðum að draga saman seglin um stundarsakir og getum samt lifað það af.

Á umliðnum áratugum hafa lífskjör batnað og við höfum búið við velmegun. Við erum orðin góðu vön. Og allt gott um það að segja. En við hljótum líka að hafa þann arf og það þrek að geta tímabundið dregið úr kröfunum og yfirbyggingunni og séð á eftir ýmissi þjónustu hins opinbera, án þess að líta á það sem heimsendi. Og neitað okkur um ýmsa þá neyslu og aðstöðu, sem við höfum gengið út frá sem sjálfsagðri í seinni tíð. Það er nefnilega ekkert sjálfgefið og lífið þarf ekki að verða óbærilegt, þótt ekki sé allt til alls.

Það er þetta sem verið er að gera og þarf að gera, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Og hver svo sem stjórnar þeirri ferð. Og til þess þarf að setja undir sig hausinn, ekki bara vondir kallar í ríkisstjórn, heldur við öll.

*En við hljótum líka að hafa þann arf og það þrek að geta tímabundið dregið úr kröfunum og yfirbyggingunni og séð á eftir ýmissi þjónustu hins opinbera, án þess að líta á það sem heimsendi.*

Svo er það hitt, hvort við viljum halda okkur við krónuna. Sem auðvitað er þá umræðan um aðild að Evrópusambandinu og evrunni eða ekki. Margt hefur verið upplýst að undanförnu um kosti og galla Evrópuaðildar. En enginn, hversu fróður sem hann er um ESB eða hversu hann er mikið með eða á móti ESB aðild, veit í rauninni hvað felst í aðild, fyrr en það liggur á borðinu. Þess vegna eiga menn að leggja þessar deilur niður, ganga strax til aðildarviðræðna og leggja þau spil á borðið, sem gefin eru. Og kjósa síðan um það hvort við sættum okkur við þá stöðu eða ekki.

Segja já eða nei. Þetta eru engin trúarbrögð. Þetta snýst um hagsmuni íslenskrar þjóðar, framtíðina, börnin okkar.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Slæm staða Hafnarfjarðar

**UMRÆÐAN**

Rósa Guðbjartsdóttir skrifar um fjármál Hafnarfjarðar



RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

Illa hefur verið haldið á fjármálum Hafnarfjarðarbæjar á undanförnum árum. Dapurlegt er að meirihlutinn í bæjarstjórn skyldi ekki haustið 2007 taka tilboði Orkuveitu Reykjavíkur í eignarhlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja eins og sjálfstæðismenn lögðu til og sveitarfélög á Suðurnesjum höfðu gert. Þannig hefði verið hægt að lækka skuldir bæjarins um 7,5 milljarða króna, en þá voru langtímaskuldir um 10 milljarðar króna. Samfylkingin hikaði og bærinn tapaði. Óljóst er á þessari stundu hvort Orkuveitan geti keypt hlutinn enda virðist hún hvorki vilja það né geta og ekki mega það samkvæmt úrskurði samkeppnisráðs. Tilboð Orkuveitunnar var auðvitað barns síns tíma, sett fram á hápunkti þenslunnar í þjóðfélaginu. Synd að Samfylkingin skyldi ekki hafa borið gæfu til að samþykkja það strax.

Í stað þess að Hafnarfjörður hefði grætt 7,5 milljarða króna á sölunni sem hægt hefði verið að nýta í niðurgreiðslu erlendra lána á meðan krónan var enn sterk, þá var tekið 3 milljarða erlent lán. Margir muna þegar bæjarstjórinn hreykti sér af því í fjölmiðlum hve hagstætt lánið hefði verið. Þetta lán stendur nú í 6 milljörðum. Í stað þess að vera með hóflega skuldsettan bæjarsjóð nema heildarskuldir Hafnarfjarðar nú um 34 milljörðum króna. Í stað þess að vera í hvað sterkasti stöðu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á bæjarsjóður í vandræðum með að greiða reikninga.

Mikil er fjármálasnilld meirihluta Samfylkingarinnar sem stærði sig af því að árið 2008 hafi verið mesta framkvæmdaár í sögu Hafnarfjarðarbæjar. Við sjálfstæðismenn vöruðum við þessari framkvæmdagleði á þenslutímum og nú er því miður lítið svigrúm til að fara í framkvæmdir. Bæjarstjórinn segir í sjónvarpsfréttum að allar framkvæmdir ársins 2008 hafi verið fjármagnaðar af eigin fé. Reikningar bæjarins sýna annað.

*Margir muna þegar bæjarstjórinn hreykti sér af því í fjölmiðlum hve hagstætt lánið hefði verið. Þetta lán stendur nú í 6 milljörðum*

Fyrsta verk meirihluta Samfylkingarinnar nú á nýju ári var að taka nýtt 400 milljóna króna lán. Það lán fæst hjá Nýja Kaupþingi og er verðtryggt með 9,8% vöxtum! Athyglisvert er að til þess að fá lánið þurfti Hafnarfjarðarbær að veðsetja tvær af fasteignum sínum. Þessi lántaka og lánakjör segja meira en mörg orð um stöðu bæjarsjóðs Hafnarfjarðar í dag.

*Höfundur er bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.*



*Þessi bifreið er visthæf og fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**HAPPYGREENKIDS.IS** er netverslun sem selur meðal annars barnafatnað úr lífrænt ræktaðri bómull. Í netversluninni er að finna föt á börn að fimm ára aldri, leikföng, handklæði, rúmföt og gjafavöru.



**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



Svanhildur er ekki alveg viss um hvað kalla skuli flíkina frá Henrik Vibskov en lýsti henni þó sem nokkurs konar anorakk eða mussu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sígilt og endingargott

**Svanhildur Einarsdóttir hefur mikinn áhuga á fötum og rekur nú barnafataverslunina Rumputuska á Laugaveginum. Þar fást litskrúðug og skemmtileg föt en fatastíll Svanhildar er ekki síður athyglisverður.**

„Ég held mikið upp á þessa flík sem er eins konar anorakkur eða mussa. Hún var keypt í Danmörku í Henrik Vibskov-verslun síðasta sumar, en þetta er hans hönnun," segir Svanhildur Einarsdóttir, kennari og verslunareigandi. „Ég nota anorakkinn mikið og við mörg tækifæri," segir hún en fjölbreytt notagildi heillaði hana á sínum tíma.

„Hægt er að nota flíkina bæði úti og inni. Einfalt er að klæða sig í eitthvað hlýtt undir en annars er ég stundum í úlpu yfir," segir Svanhildur brosandi og bætir við að flíkin henti vel við íslenskar aðstæður þar sem allra veðra er von. „Ég er mikið í þægilegum fötum og upp á síðkastið hef ég oft klæðst dökkum fötum. Ég heillast líka af sígildum fatnaði sem nota má við ýmis tækifæri," segir hún.

Uppáhaldsverslanir Svanhildar á Íslandi eru Kronkron og KVK. „Þar má finna vönduð og endingargóð föt en það líkar mér. Síðan vil ég hafa fötin mín straufrí, ég nota ekki mikið föt sem þarf að strauja," segir hún og hlær. Svanhildur viðurkennir að henni þyki skemmtilegt að klæðast öðruvísi fötum. „Oft er ég þó í ósköp venjulegum fötum svona hversdags en krydda þetta þó af og til."

Svanhildur hefur lengi haft áhuga á fatnaði og á til að mynda barnafataverslunina Rumputusku á Laugavegi 27. „Búðin er um ársgömul og þar má finna mjög litskrúðug dönsk og sænsk gæðaföt. Ég er meðal annars með föt úr lífrænni bómull og hefur sú framleiðsla verið að aukast. Þá er líka verið að hugsa um umhverfið í allri framleiðslu. Er þá til dæmis horft til þess að pakkningar séu umhverfisvænar og að barnaþrælkun tengist ekki framleiðslunni," útskýrir hún. Misjafnt er þó hversu meðvitaðir neytendur eru um þessa hluti. „Flestir eru ekki mikið að spá í þetta en þó kemur það fyrir. Þó hefur áhuginn verið smám saman að aukast," segir Svanhildur og bætir við að öll fötin séu eiturefnaprófuð og endist vel. *hrefna@frettabladid.is*

MaxMara MARINA RINALDI
ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR
MaxMara Hverfisgötu 6 • 101 Reykjavík • Sími 562 2862

ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI
Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri
System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 29.900.-
Heimir Karlsson
allt fyrir kroppinn
HREYSTI Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

White-Westinghouse
ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

LYFJA – Lifið heil
20% verðlækkun+
ORIGINAL ARCTIC ROOT
Gegn streitu og álagi, extra sterkt og fljótvirkandi.
~~2.450 kr.~~ 1.960 kr.
20% verðlækkun+
UDO'S Omega fitusýrur eru meðal vinsælustu bætiefnanna hjá íþróttafólki. Hreysti úthald og vellíðan.
500 ml. ~~2.619 kr.~~ 2.095 kr.
250 ml. ~~2.240 kr.~~ 1.792 kr.
20% verðlækkun+
ANGELICA veitir styrk og hugarró.
60 töflur ~~2.692 kr.~~ 2.154 kr.
100 ml. ~~1.679 kr.~~ 1.343 kr.
www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju
+ Gildir til 31.1.2009
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 44706 01/09



**UPPHÁIR SOKKAR** eru góðir við pils þegar kalt er í veðri. Lítið mál er að búa sér til háa og hlýja sokka með því að klippa neðan af þykkum sokkabuxum. Þá er líka hægt að ráða hversu hátt þeir ná.



Auður notar sína yfirhöfn mikið í kuldanum á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Sigríður spókar sig í sinni flík í Róm.

# Flíkin sem hentar öllum

**Fyrirtækið Skali var stofnað af Sigríði Rún Siggeirsdóttur og Auði Þórhallsdóttur en þær mæðgur hafa verið í óða önn að sauma yfirhafnir á kvenþjóðina eftir hönnun Sigríðar síðan síðastliðið haust.**

„Áður en ég vissi af var ég sest fyrir framan saumavélina og byrjuð að sauma eftir pöntunum," segir Auður Þórhallsdóttir, fræðslustjóri Samskipa, en hún og dóttir hennar, Sigríður Rún Siggeirsdóttir, sem stundar nám við Istituto Europeo di Design í Rómaborg, stofnuðu sprotafyrirtækið Skala fyrir jól.

Þær mæðgur hanna og sauma utanyfirflík úr 80-100% ull sem þær kalla múffu. „Þetta er ósköp þægileg flík og hentar vel fyrir alla aldurshópa sem og óléttar konur. Sigríður vildi sauma sér eitthvað sérstakt til að vera í utan um sig og ég ákvað að sauma mér eitt stykki líka. Um leið veitti fólk þessari flík athygli og margir spurðu okkur hvar við hefðum keypt þetta svo við ákváðum að það gæti verið sniðugt að hefja sölu á múffunum þar sem áhuginn var augljós."

Þær mæðgur hafa ekki auglýst mikið, en eru með heimasíðuna www.flickr.com/skali þar sem hægt er að skoða myndir. „Það er búið að vera mikið að gera hjá mér í saumaskapnum en Sigga sér um alla hönnun," segir Auður og augljóst er að sjaldan fellur eplið langt frá eikinni. *agnesosk@frettabladid.is*


**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
Tana® Cosmetics



**Plokkari með ljósi**



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

**Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar**



SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

*ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
**ÚTSÖLUSTAÐIR:** Apótek og snyrtivöruverslanir

**ÚTSALA**
Mikil verðlækkun
Vefta Tískuföt
www.vefta.is
Vefta • Hólagarði • S: 557 2010 • & Mjódd • S: 578 2051



**Útsala**
**30 - 50% afsláttur af völdum vörum.**
Selena
**Síðumúli 3, S. 553-7355**
**Opið virka daga kl: 11-18, laugard. 11-15**

**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**





**ÚTSALAN Í FULLUM GANGI**
**Opið laugardaga 11-17**
BIRNA
Skólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net

**HANSKADAGAR**
**30% AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM RÚSSKINNSHÖNSKUM
*( 2.800.- kr.)*
**Nú 1.960. kr.**



Töskur og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

**NÝKOMINN OG BARA FLOTTUR**



teg. 82001 - haldgóður í C,D,E skál á kr. 3.850,- buxur í stíl í M,L,XL,XXL á kr. 1.950,-"
Misty
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

## Vorið kemur samt

Margir vonuðust eftir því að útsölur björguðu rekstrinum á annars afleitri árstíð sem er nú að enda í tískuheiminum. En þrátt fyrir góða sölu í upphafi er þó alls ekki víst að niðurstöðurnar verði jákvæðar. Útsölurnar standa nefnilega yfir í fimm vikur og þótt byrjunin hafi verið góð þýðir það alls ekki að framhaldið verði það sömuleiðis. Reyndar virðist sem allt loft sé farið úr útsölunum og búðirnar eru farnar að auglýsa aðra verðlækkun í gluggum. Sumar þá þriðju eins og Zara en þar eru vetrarvörurnar niðursettar í hverri viku. Spyrjum því að leikslokum.

Sjaldan hefur eins mikið borið á vangaveltum í upphafi árs um hvernig árið verði fyrir fataiðnaðinn og ekki síður tískuheiminn. Tískuiðnaðurinn er vissulega mikilvægur hér í landi fyrir atvinnulífið þrátt fyrir aukna framleiðslu í Asíulöndum þar sem kostnaður er miklu lægri. Nær allir spá fræðingarnir samdrætti en hönnuðir bregðast einnig við með því að bjóða upp á ódýrari varning eða nýjar tískulínur sem auka fjölbreytni í verði.

Þrátt fyrir kreppu bjóða fataframleiðendur og tískuhús auðvitað upp á nýja vor- og sumartísku. Hún er í nokkurri mótsögn við kreppuna, með gylltum og silfruðum litum og stórum áberandi fylgihlutum til dæmis úr málmi. Því stærri því betri. Lykilatriðið er að þeir séu í yfirstærð. Efnin eru létt og mikið um mússulín úr silki eða þá gerviefnum hjá ódýrari merkjum. Og stutt skal það vera, kannski til að spara efni og lækka verð. Hippablússan fræga í styttri eða lengri sídd verður ómissandi eins og síðustu misseri.

Það er fleira hippalegt í sumartískunni eins og víðu buxurnar með rassinum nærri því á milli hnjánna líkt og í ævintýri úr Þúsund og einni nótt. Mínístuttbuxur eru áfram í tísku en aldrei styttri en nú. Vissara að hugsa fyrir sokkabuxum fyrir íslenskar aðstæður. Þær eru hins vegar ekki fyrir hvern sem er, vissara fyrir þær sem eru þéttari á velli að velja víðu buxurnar sem líkjast helst buxum sem hefur verið stolið frá kærastanum. Þrátt fyrir hina týpísku pastelliti sumarsins er þó meira um sterka liti þetta árið í bleiku eða gulrauðu og ýmis munstur gleðja augað til dæmis indversk eða austurlensk.

Lykilatriði á komandi árstíð er að endurvinna og hlýtur að teljast til tíðinda. Nú þykir ekki hallærislegt að taka fram gömul föt, meira að segja Englandsdrotting gerir slíkt hið sama. Auðvitað reynir þar á góðan smekk hvers og eins og listina að blanda saman nýju og gömlu svo vel sé. Og víst kemur aftur vor þrátt fyrir böl og alheimskreppu.

*bergb75@free.fr*

# Glæsileg í gylltu dressi

**Frú Obama var glæsilega klædd við embættistöku eiginmanns síns á þriðjudag.**

Þess var beðið með eftirvæntingu að sjá hvaða föt yrðu fyrir valinu hjá hinni tískumeðvituðu Michelle Obama við embættistöku eiginmanns hennar, Baracks Obama, á þriðjudag.

Hún valdi gullsleginn kjól og kápu í stíl eftir kúbverskættaða hönnuðinn Isabel Toledo þegar hann sór embættiseiðinn um daginn en fullkomnaði dressið með ólívugrænum hönskum frá verslunarkeðjunni J. Crew og skóm frá Jimmy Choo.

Um kvöldið klæddist hún hvítum síðkjól eftir Jason Wu frá Taívan. „Er konan mín ekki glæsileg?“ spurði Obama viðstadda.

Forsetafrúin þykir hafa nokkuð unglegan stíl og virðist óhrædd við að blanda saman fjöldaframleiddum fatnaði og hönnunarflíkum. *- ve*



Frúin í gullslegnum kjól og kápu í stíl. NORDICPHOTOS/GETTY


;ALLT HELGIN

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;

Jóna María
512 5473

Hugi
512 5447





**Gæða skór fyrir góða menn.**
Úrval af herramokkasíum úr leðri, skinnfóðraðir og á vönduðum sóla.
Verð: 10.850.- 11.500.- 12.450.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



TILBOÐSDAGAR 25%-70% afsláttur
AF ÖLLUM VÖRUM
út janúar.



NÁMSKEIÐ!
Höldum aftur námskeið í febrúar.
Nánari upplýsingar og skráning í verslun okkar, sími 561 0060

Atson

Leðuriðjan ehf. Atson - Brautarholti 4, 105 Reykjavík
Sími 561-0060 - www.atson.is





Útsalan
í fullum gangi

Opið virka daga frá 10-18
LAURA ASHLEY
Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | sími 5516646





Nýkomnir glæsilegir dömuskór úr leðri með skinnfóðri.
Litir: rautt, grátt og svart
Stærðir: 37 - 41
Verð: 14.450

Þessir eru líka flottir úr leðri og með skinnfóðri.
Litir: Svart og rautt
Stærðir: 36 41
Verð: 9.865.-

Fallegir dömuskór á nettum hæl. Leður og skinnfóðraðir.
Litur:svart
Stærðir: 36 - 41
Verð: 9.865.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



ÚTSALA 10-50% afsláttur
Yfirhafnir kvenna í frábæru úrvali



- Jakkar
- Úlpur
- Ullarkápur
- Dúnkápur
- Vattkápur
- Hattar
- Húfur

TOPPHÚSIÐ

Mörkinni 6 • Sími 588 5518
Opnunartímar:
mán.-föstud. 10-18
laugardaga 10-16
sunnudaga 12-16





Útsala!

Gallabuxur
Háar í mittið áður 6990 nú 4890
Stærðir 36-46

Gallapils
áður 5990 nú 3990

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

**AFSLÁTTARKORT** Frístunda Íslands veitir handhöfum þess fimm til tuttugu prósenta afslátt af margvíslegri íþrótta- og tómstundaiðkun. Árgjald kortsins er 1.000 krónur. Nánari upplýsingar er að finna á fristundir.is.




# Enn meiri verðlækkun

OILILY - TICKET TO HEAVEN - MOLO
COTTONFIELD - JACKPOT - DIESEL - LEE

60% afsláttur

ENGLABÖRNIN

Laugavegi 51 - sími 552 2201
Opið virka daga 10-18, lau 10-16




Kári stendur hér á haus en Máni (til vinstri) og Logi (til hægri) gera baby frees og fleiri trix. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Féllu allir fyrir breikinu

**Bræðurnir Logi, Kári og Máni hafa brennandi áhuga á breiki. Þeir æfa oft í viku og fer stöðugt fram. Þeir eru alveg lausir við feimni og finnst gaman að koma fram hvort sem er einir og sér eða saman í hóp.**

Þríburabræðurnir Logi, Kári og Máni, sem eru á áttunda ári, taka broshýrir og tannlausir á móti blaðamanni en allir misstu þeir framtönn um hátíðarnar. Þeir standa á höndum og snúa sér á haus fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins en raða sér svo fallega í sófann þar sem þeir sitja fyrir svörum um aðaláhugamálið, breik.

Móðir drengjanna, Sif Svavarsdóttir, er þeim innan handar og byrjar að segja frá því hvernig breikáhugi þeirra kviknaði. „Ég hafði verið að draga strákana á fótboltaæfingar við lítinn fögnuð en síðan komu þeir heim úr skólanum einn daginn og fóru að gera breiktrix sem þeir höfðu séð unglingsstráka í skólanum gera. Þeir virtust mjög áhugasamir og ég hafði í kjölfarið upp á breikaranum Natöshu sem kennir meðal annars í Dansskóla Jóns Péturs og Köru.“ Í upphafi æfðu bræðurnir einu sinni í viku en fljótlega fjölgaði æfingunum upp í fjórar. „Natasha sá hvað þeir voru áhugasamir og bauð þeim að koma á aukaæfingar.“

Nú er svo komið að bræðurnir eru farnir að snúa sér á haus og gera hin ýmsu spor og trix sem þeir telja upp fyrir blaðamann. „Við gerum six step, four step, baby frees, back spin, head spin, sisi og attitude,“ segja þeir hver í kapp við annan. Bræðurnir eiga allir eitt spor sem þeir eru bestir í og tekur móðir þeirra að sér að greina frá þeim: „Kári er bestur í head spin, Logi í back spin og Máni í baby frees. Þeir eru svo allir með sérstök breik-nöfn og er Máni b-boy big, Kári b-boy storm og Logi b-boy fire.



Flottir á því.

Blaðamanni leikur nú forvitni á að vita hvort mamman sé aldrei hrædd um drengina í loftköstunum. „Jú, þegar við förum í afturábak-flikk og snúum okkur á hausnum,“ svarar Máni en bætir við að þetta sé ekkert hættulegt. „Maður er bara pínulítið hræddur þegar maður byrjar en svo er þetta ekkert hættulegt.“

„Það er helst að mér bregði þegar þeir gera eitthvað sem þeir hafa séð í sjónvarpinu án þess að hafa farið yfir það í tíma en Natasha leggur áherslu á að þeir læri sporin fyrst,“ skýtur Sif inn í. Þegar bræðurnir eru spurðir að því af hverju þeim finnist breikið svona skemmtilegt svarar Logi því til að það sé af því að það sé svo erfitt. En hafið þið allir jafn mikinn áhuga? „Nei, ég hef mestan áhuga,“ svarar einn en um leið gellur í öðrum: „Nei, ég!“ Logi segist svo í það minnsta ætla að æfa þangað til hann verði gamall karl.

En hvað finnst ykkur skemmtilegast við breikið? „Mér finnst skemmtilegast að vera í hringnum,“ segir Kári og því samsinnir Máni en þá fer einn og einn inn í hring af breikurum og sýnir listir sínar. Bræðurnir hafa þegar tekið þátt í fjölmörgum sýningum og keppnum. Þeir eru alveg lausir við feimni og finnst bara gaman að koma fram. Stundum koma þeir allir fram í einu og þá sem hópurinn eða „crewið“ Little rascals.

*vera@frettabladid.is*




Sunnudagar eru barnadagar

í aðalsafni Borgarbókasafns og þar er alltaf eitthvað um að vera fyrir börn klukkan þrjú. Næsta sunnudag, 25. janúar, mun Sigrún Eldjárn rithöfundur lesa úr bókum sínum um Kugg.

Febrúar
01. Þrjúbíó
08. Föndur
15. Klippiljóð
22. Húmor og Amor

Mars
01. Spiladagur
08. Áslaug Jónsdóttir rithöfundur les fyrir börnin
15. Föndur
22. Þrjúbíó
29. Sögustund

Apríl
05. Þrjúbíó
19. Sögustund
26. Föndur

BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

Útsala

erum með útsölu á barnafötum, brjóstagjafabolum, lamaze leikföngum og ýmsu fleiru.



Góð tilboð á völdum vörum.

Móðurást
Hamraborg 7 • Kópavogi
Sími 564 1451 • www.modurast.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



Bragðgóðar vítamíntöflur fyrir börn og unglinga

heilsa –hafðu það gott

# Þorrinn

FIMMTUDAGUR 22. JANÚAR 2009

## Manndómsvígsla í Framsókn

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson ætlar að skella sér á þorrablót Framsóknarflokksins.**

SÍÐA 2






FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Góð veisla lifir lengi
Pantið tímanlega



Þorramatur & Mannfagnaðir



Allar nánari upplýsingar veita matreiðslumenn okkar frá kl. 12:00 - 17:00 alla daga nema sunnudaga í síma 555 1810 eða á heimasíðu okkar www.veislulist.is

Veislulist
skutan.is
veislulist.is

Veislulist og Skútan, Hólshrauni 3 - Hafnarfirði - Sími 555 1810




10 efni í einum brúsa




**FIN LUBE** TEFLON smur og varnarolía fyrir allan iðnað og sjávarútveg. Efnið myndar þurra himnu sem hefur langvarandi smureiginleika og er fullkomin vörn gegn tæringu. **FIN LUBE** þolir vatn, salt og breytilegt hitastig.

kemi ehf.

Sími: 544 5466 / www.kemi.is







FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Á þorranum er matreitt á gamla íslenska mátann en þó má einnig finna nútímalegri útfærslur á bökkunum.**

# Skemmtileg stemning í kringum þorrann

**Hjá Matborðinu fást girnilegir þorrabakkar. Árni V. Kristjánsson matreiðslumeistari segist merkja aukinn áhuga.**

„Hjá okkur eru allar hefbundnu matartegundirnar í þorrabökkum. Hægt er að sjá lista yfir hvað þeir innihalda á vefsíðunni okkar www.matbordid.is, en úrvalið er fjölbreytt,“ segir Árni V. Kristjánsson, matreiðslumeistari og eigandi Matborðsins.

Matborðið hefur boðið upp á þorramat frá byrjun en fyrirtækið er að verða 27 ára. „Ég er að ljúka tuttugasta og fimmta starfsárinu hér í apríl en fyrirtækið var orðið rúmlega tveggja ára gamalt þegar ég keypti það. Við höfum gjarnan haft það mottó að ef það tengist mat þá treystum við okkur til að taka þátt í því,“ segir Árni glaðvær en Matborðið býður upp á fjölbreytta matarþjónustu.

„Gríðarlega mikið er fram undan á þorranum. Þrátt fyrir kreppu virðist ætla að verða talsvert meiri sala í þorramat nú en í fyrra,“ segir Árni og nefnir að hugsanlega hafi fólk meiri þörf fyrir að gera sér glaðan dag. Annars telur hann skýringuna líka að finna í því að hróður Matborðsins hefur borist víða. „Viðskiptavinir okkar eru ánægðir og reynsla og gott orðspor skilar sér í fleiri viðskiptavinum.“



Matborðið vinnur einkum fyrir fyrirtæki, stofnanir og stærri hópa en þó hafa einstaklingar einnig skipt við fyrirtækið. „Ég segi gjarnan að það þurfi svo sem líka að halda litlar veislur,“ segir Árni og brosir. „Nú fáum við þorramatinn frá Kjötvinnslunni Esju. Ég geri alltaf bragðprufur í desember áður en ég ákveð hvar ég kaupi þorramatinn,“ segir hann.

Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi á þorrabökkunum og því þarf ekki að örvænta er þorrinn nálgast. „Ef fólk er ekki hrifið af þessu súra þá má finna ýmislegt annað á bökkunum. Við getum líka raðað á þá eftir óskum, minna af þessu og meira af hinu,“ útskýrir Árni en nefnir að þetta sé yfirleitt mjög svipað. „Undanfarin ár hefur þorramaturinn sótt í sig veðrið og er það kannski helst vegna þess að fólk var tilbúið til að prófa aftur. Það er stemning í kringum þetta og þegar allt kemur til alls þá er þetta kannski ekki eins vont og margir halda.“

- hs



**Árni finnur fyrir auknum áhuga á þorra.**

# Sýnir engan aumingjaskap

Íslendingar streyma nú á þorrablótin að gömlum sveitasið. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, nýkjörinn formaður Framsóknarflokksins, ætlar að demba sér á blót.

„Jú, ég geri nú ráð fyrir því að fara á þorrablót; það er löng hefð fyrir því í Framsóknarflokknum. Ég hef ekki farið áður í hópi á þorrablót, bara verið í heimahúsi hjá foreldrum og hjá ömmu hér áður fyrr.“

Súrir hrútspungar og kæstur hákarl tilheyra þorraborðinu en eru ekki allra. Sigmundur viðurkennir að vera ekki hrifinn af því allra súrasta og lundabaggar og sviðasulta eigi ekki upp á pallborðið hjá sér. Hrútspungana og hangikjötið segir hann þó renna ljúflega niður. Spurður hvort hann þurfi ekki að sanna sig sem harðan framsóknarmann á fyrsta þorrablótinu sem formaður flokksins segist hann ætla að láta sig hafa það.

„Ég hugsa að ég sleppi ekki við að borða það allra súrasta, enda væri það aumingjaskapur að skjóta sér undan því.“

- rat



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson ætlar að standast manndómsvígslu framsóknarmanna á þorrablóti og borða eldsúran þorramat.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KRÓNAN alltaf... þjóðleg!




Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Hafnarfirði | Krónan Lindir | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði

# Gjafir til að gleðja bóndann



Huggulegur trefill skilar hlýju hálsakoti.

Fyrir utan ljúft orð í eyra og atlot blíð þráir eiginmaðurinn ugglaust fátt meira en dýrðlega máltíð á bóndadaginn. Hvort hinn þjóðlegi þorramatur á upp á pallborðið er misjafnt eftir aldri. Þeir sem ólust upp við súrsað og saltað kunna vel að meta þannig mat fallega fram borinn en aðrir taka eflaust safaríka steik fram yfir.

Blóm eiga vissulega við á bóndadaginn, að minnsta kosti ein rauð rós í vasa. Þó eru karlmenn ekki eins veikir fyrir blómum og konur og þess vegna koma ýmsir aðrir hlutir til greina sem bóndadagsgjafir. DVD-diskur með ekta spennumynd ásamt örbylgjupoppi er fyrirtaks hugmynd sem ég ræni hér með frá samstarfskonu og góð bók gleður alltaf. Nýtt hálstau fyrir þorrablótið hlýtur að koma sér vel og trefill ber merki um hlýjan hug. Vinnuþjarkarnir hafa svo bráðgott af slakandi nuddi og gjafabréf í slíkt dekur er ávísun á ánægðan eiginmann, að minnsta kosti eftir á. *- gun*



Gjafabréf á nuddstofu er gott innlegg í sambandið. Karlar eru að sama skapi sólgnir í góða steik.






Bækur eru alltaf vel þegnar á náttborðið. Karlar sem hata konur þykir góð og óneitanlega er kaldhæðni í titlinum. DVD-diskur með eftirlætisgoðunum slær í gegn á bóndadaginn.



„Stundum eru fáir inni og stundum margir. Þetta er allt gert eftir tilfinningunni segir Jóhannes eftirherma sem bregður sér í hin ýmsu gervi á augabragði og er ekki feiminn við að stæla forseta vorn, Ólaf Ragnar Grímsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Maður er alltaf með augu og eyru gapandi

**Þorrinn er að byrja með öll sín blót. Hann er annatími hjá skemmtikröftum, bæði þekktum og óþekktum. Jóhannes Kristjánsson eftirherma tilheyrir fyrrnefnda hópnum. Best að heyra í honum.**

*Jóhannes, ertu að skemmta á mörgum blótum þetta árið?*

„Það er fullt að gera eins og venjulega á þorranum. Þetta er loðnuvertíðin. Sum blótin eru pöntuð með árs fyrirvara og önnur klukkutíma. Maður er við öllu búinn.“

*Undirbýrðu þig þá sérstaklega fyrir þennan árstíma?*

„Já. Eitthvað sérsníðir maður fyrir hvert og eitt tilefni. Það kostar yfirlegu, setu og taugastríð. Stundum þarf maður að henda helmingnum af því sem búið er að leggja í og eins að fylgjast með því sem er að gerast í þjóðfélaginu.“

*Er ekki svekkjandi þegar litríkir menn eins og Guðni Ágústsson ganga út af sviðinu?*

„Hann er nú ekki dauður. Það er verst þegar þeir deyja sem hafa fylgt manni lengi. Það er agalegt. Guðni er vissulega góð týpa til að herma eftir og hann verður með áfram. Svo koma nýir inn.“

*Ertu farinn að herma eftir hinum nýja formanni Framsóknar, Sigmundi Davíð?*

„Ég hef verið að fylgjast með honum og er að bíða eftir að hann geri sig meira gildandi en hann hefur sterka rödd og persónuleika.“

*Hverjir aðrir eru nýir?*

„Það eru alltaf einhverjar breytingar. Sumir stoppa stutt og aðrir detta inn öðru hvoru. Stundum eru fáir inni og stundum margir. Þetta er allt gert eftir tilfinningunni.“

*Nú eru þorrablótin haldin af félögum, fyrirtækjum og stofnunum. Þarftu að kynna þér karaktera innan þess hóps sem þú ert að skemmta?*

„Já, og sums staðar þekkir maður til. Maður er alltaf með gapandi augu og eyru.“

*Teljast eftirhermur ekki til þjóðlegra skemmtiatriða?*

„Ég held þær séu nú iðkaðar um allan heim. En þær eru hvergi þjóðlegri en á Íslandi.“

*Ferðu eitthvað út á land?*

„Þegar ég kemst. Ég held ég hafi skemmt alls staðar. En ekki á þessum tíma meðan mest er að gera hér syðra. Það þýðir ekkert að sigla út á hafið þegar aflinn er við bryggjuna.“ *- gun*





Kaldi þorrabjór frá Bruggsmiðjunni á Árskógssandi.

## Þorramungát

Mungát er forníslenska alþýðuheitið á öli og var drykkur almúgans þegar höfðingjar sátu við háborð og kneyfuðu mjöð sem gerður var úr hunangi. Á þorra býður Ölvisholt upp á þorrabjórinn Mungát sem er ríkulega kryddaður með hvönn og mjaðjurt, sem notaðar voru fyrr á öldum við ölgerð og passa einkar vel með þorramat.

Egils þorrabjór er bruggaður úr íslensku byggi, en sækir fyrirmynd til þýsks hátíðabjórs. Bragðið einkennist af fyllingu, en humlar gefa bjórnum þægilega humlalykt og biturleika í góðu jafnvægi við sætleika maltsins.

Bruggsmiðjan á Árskógssandi býður einnig þorrabjór annað árið í röð. Þorrakaldi er bragðmeiri en hefðbundinn Kaldi og bruggaður eftir tékkneskri hefð. Allar bjórtegundir Bruggsmiðjunnar eru án viðbætts sykurs og rotvarnarefna. Á miðanum stendur keik gyðjan Freyja úr norrænni goðafræði.



## Svið á ferðinni

Margir halda að þær kræsingar sem bornar eru á borð á þorranum séu séríslenskar en ef betur er að gáð má sjá að víða finnast keimlíkir réttir. Sviðin eru þar einna mest áberandi.

Ras kharouf er arabísk sviðasulta sem er krydduð og útbúin með súrsuðu grænmeti. Arabar borða lambahausa flegna og sjóða með grænmeti og kryddi. Í Anatólíu í Tyrklandi má kaupa köld svið á götum úti og þar eru þau einnig höfð heit til morgunverðar á markaðsdögum. Í Tíbet eru luggo, eða soðin svið, borin fram á nýársdag. Stundum úrbeina Frakkar hausa og fylla með farsi eða baka í ofni en í evrópskum matreiðslubókum má finna uppskriftir að sviðasúpum. Svið hafa til dæmis verið borðuð í Baskalandi, Noregi og jafnvel í Mexíkó.

# Jafnmargir súrir hrútspungar og áður

Hjá Norðlenska er þó nokkur aðdragandi að þorranum en þar er byrjað að sjóða niður í súr í september. Þar á bæ framleiða menn svipað magn af þorramat nú og í fyrra.

„Jólavertíðin gekk vel og sáum við því ekki ástæðu til að slá slöku við. Fólk virðist velja íslenskt um þessar mundir og eigum við því von á svipaðri eftirspurn og undanfarin ár,“ segir Eggert H. Sigmundsson, vinnslustjóri Norðlenska á Akureyri. Hann segir mesta eftirspurn eftir súrum hrútspungum og sviðasultu en einnig eftir hangikjöti, sviðum og ýmsu öðru.

Árið 2006 framleiddi Norðlenska um 75 tonn af þorramat en í ár segir Eggert magnið nær 90 tonnum. Þorramaturinn frá fyrirtækinu er merktur Goða og fæst um allt land en ratar einnig á þorrablót víðs vegar um heim. *- ve*



Hjá Norðlenska eiga menn von á svipaðri eftirspurn eftir þorramat og undanfarin ár.



Rófustappa er ómissandi með þorramatnum. NORDICPHOTOS/GETTY



HVAR ER ÞÍN AUGLÝSING ?

Eftirfarandi sérblöð fylgja Fréttablaðinu á næstunni

FÖSTUDAGUR 23. JAN.



Föstudagur:

Vikulegt sérrit á léttu nótunum. Viðtöl við þjóðþekkta einstaklinga, allt það nýjasta í tísku, heilsu og hönnun svo dæmi sé tekið.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir í síma 512-5462 eða sigridurdagny@365.is

LAUGARDAGINN 24. JAN.



Ferðir

Sérblað Fréttablaðsins um ferðir

Nánari upplýsingar veitir Benedikt Freyr Jónsson í síma 512-5411 eða á netfangið benediktj@365.is

LAUGARDAGINN 24. JAN.



Heimili & hönnun:

Vikulegt sérrit um heimili & hönnun, hugmyndir fyrir öll rými heimilisins sem og áhugaverðar fréttir úr heimi hönnunar jafnt innanlands sem utan.

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Þ. Steingrímsson í síma 5125439 eða hlynurs@365.is

MÁNUDAGUR 26. JAN.



Fasteignir:

Fasteignablað Fréttablaðsins - alla mánudaga.

Auglýsendur athugið að panta þarf auglýsingar fyrir klukkan 12 föstudaginn 23. janúar.

Nánari upplýsingar veitir Viðar Ingi Pétursson í síma 512-5426 eða vip@365.is

ÞRIÐJUDAGINN 24. JAN.



Nýsköpun

Sérblað um nýsköpun í hinum ýmsu atvinnugreinum

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Þór Sigurðsson í síma 512-5471 eða á netfangið bjarnithor@365.is

MIÐVIKUDAGUR 28. JAN.



Markaðurinn:

Vikulegt sérrit um allt er snýr að viðskiptum og efnhagsmálum – alla miðvikudaga.

Nánari upplýsingar veitir Laila Awad í síma 512-5451 eða laila@frettabladid.is

Markaðsráðgjafar Sérblaðadeildar

| | | |
|---|---|---|
| Benedikt Freyr Jónsson | benedikt@365.is | 512 5411 |
| Bjarni Þór Sigurðsson | bjarnithor@365.is | 512 5471 |
| Hlynur Þór Steingrímsson | hlynurs@365.is | 512 5439 |
| Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir | sigridurdagny@365.is | 512 5462 |



Allt sem þú þarft...




Helga Þórarinsdóttir hefur verið meðlimur í Þjóðdansafélagi Íslands síðan það var stofnað árið 1951. Hún sinnir afgreiðslustörfum í búningaleigu félagsins og kennir gömlu dansana á mánudags- og miðvikudagskvöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Uppábúin á þorranum

**Tilvalið er að klæðast peysufötum, upphlut og öðrum hátíðarklæðnaði á þorranum.**

Þorrinn gengur í garð föstudaginn 23. janúar með tilheyrandi matar- og drykkjarveislum, þar sem hákarl, súrmatur, svið og íslenskt brennivín eru oftar en ekki undirstaðan. Við slík tilefni prúðbúast margir og kjósa sumir að klæðast þjóðbúningum til að fanga betur stemninguna. Þá má meðal annars leigja hjá Þjóðdansafélagi Íslands.

„Hér erum við með allar tegundir af íslenska þjóðbúningnum; upphlut, peysuföt, skautbúning og kyrtil, sem hafa annaðhvort verið keyptir eða fengist gefins. Ætli þeir elstu séu ekki frá árinu 1930,“ segir Helga Þórarinsdóttir, sem sinnir afgreiðslustörfum hjá búningaleigu félagsins við Álfabakka 14a.

Helga bendir á að hægt sé að fá bæði búninga í anda gamalla og nýrri tíma, því eins og kunnugt er hafi hann tekið nokkrum breytingum í tímans rás. Sem dæmi um þær má nefna að frá seinni hluta 19. aldar og á 20. öld var tekið að sauma húfuna og peysuna við peysufötin í stað þess að prjóna þau og hálsklútinn vék fyrir breiðum borða eða slifsi. Nú er hann saumaður úr svörtu ullarefni, skotthúfan prjónuð úr svörtu ullargarni og svuntan gerð úr köflóttu eða langröndóttu silki.

„Mest er óskað eftir peysufötum og upphlutnum frá 20. öld, þessum svarta sem er algengastur og fólk þekkir best. Enda var þetta helsti sparibúningur kvenna hér áður fyrr. Hann er ekki skreyttur silfri eins og 19. aldar upphluturinn en hann hentar kannski betur þeim sem vilja vera sem mest skreyttir.“

Karlpeningurinn ætti svo ekki að koma að tómum kofunum hjá félaginu að sögn Helgu, þar sem hann getur bæði fengið á sig þjóð- og hátíðabúning. „Hér er til dæmis hægt að fá hnébuxur og vesti. Þetta er gert úr ull og auðvitað mjög ólíkt hátíðabúningnum,“ bendir hún á og bætir við að búningarnir séu ekki síður vinsælir meðal menntaskóladrengja en í þorrablót. Þetta sé yfirhöfuð sá árstími þegar eftirsóknin er einna mest eftir búningum beggja kynja, til dæmis í brúðkaup og fermingarveislur. *- rve*

# Hátíðleg hjónaskemmtun

„Hefðin er sú að hver kemur með sinn mat, hann er látinn í trog og snæddur upp úr þeim með vasahníf. Þeir sem eru með áhugabúskap koma oft með mat þaðan; annars er þorramaturinn seldur í búðunum,“ segir Þóra Hansdóttir, tryggingafulltrúi sýslumannsins í Bolungarvík, um fyrirkomulag þorrablótsins í Bolungarvík, sem hefur verið haldið óslitið frá 1944.

Að sögn Þóru er þorrablótið að auki hálfgerð skemmtun fyrir hjón. „Hér er hefð fyrir því að konurnar bjóði mönnunum sínum á blótið þar sem bóndadag ber upp á fyrsta degi þorrans. Nauðsynlegt er að eiga maka til að mega mæta á þorrablótið í Bolungarvík. Auðvitað kemur fyrir að mennirnir eru úti á sjó, en konurnar mega að sjálfsögðu taka þátt,“ segir Þóra, sem hefur mætt á yfir þrjátíu þorrablót á staðnum, ætíð í samfloti við sama fólkið.

Falið fylgi var kynnt leikhússtjóra LA fyrir fáum misserum og unnið fyrir svið nyrðra. Það fellur vel að stærð verka fyrir lítið og fjárvana leikhús, leikurinn gerist á einum stað, leikendur aðeins fjórir. Frumsýningin var á föstudagskvöld í Rýminu, gömlu Dynheimum, en þar er lítill svartur kassi sem tekur hæfilega marga í sæti svo rekstrargrunnur sýninga sé hagstæður. Leikrýmið er sett í miðju en áhorfendur sitja á alla vegu. Það er nokkuð krefjandi sviðsform, en hentar leiknum vel: hér gefur að líta kosningaskrifstofu félagsmálafulltrúa í litlum bæ sem er að keppa í prófkjöri. Finnur Arnar skapar leiknum mynd og hún er vel hugsuð og þénanleg leiknum á alla vegu, búningar og gervi eru eins og leikmyndin fyrsta flokks. Rými af þessari gerð er erfitt sökum þess að þungamiðjan í hverri stöðu verður að vera kvik svo áhorfendum á allar hliðar sé gert jafnt undir höfði, aldrei verði langt hlé í stöðu milli leikenda þannig að áhorfendur á eina hlið missi ekki af viðbrögðum, svip og samtali. Leikstjórinn Jón Gunnar vinnur vel með þann vanda sviðsetningar sinnar sem er jafnframt skynsamlega unnin að öllu leyti í hraða og viðbrögðum: leikendur allir eru vel yfir meðallagi - svo langt sem komast má með persónur þær sem Bjarni skapar. Að því sögðu verður einkum að finna að því að í leiknum er vægið meira á persónulegt uppgjör úr fortíð, vettvangurinn sem er markaður í titli og meginramma er lítið kannaður: hvernig einstaklingur sem vill matreiða pólitískar skoðanir eða skoðanaleysi vinnur í vélum sínum um almenningsálitið. Frambjóðandinn hverfur í bakgrunn en verður að konu með fortíð. Átökin snúast mest um uppgjör hennar og snjóskoðunarmanns



**LEIKLIST**
**Falið fylgi eftir Bjarna Jónsson.**
Leikstjóri: Jón Gunnar Þórðarson
Leikmynd: Finnur Arnar Arnarson
Búningar: Rannveig Eva Karlsdóttir
Tónlist: Anddrea Gylfadóttir
Ljós: Halldór Örn Óskarsson
★★★
Tvíbent tilraun sem heppnast ekki

sem hún hefur unnið með á öðrum tíma og öðrum stað. Kynningin á öllum persónum er fyrr bundin við starfskraft sem óvænt riðlar hugmyndum kosningastjórans um starfið. Sá partur verksins er best heppnaður.

Þrátt fyrir þessa brotalöm – erindisleysu – er leiksýningin þægileg kvöldstund. Lilja Guðrún fær hér fá tækifæri til að njóta sín, en Guðmundur Ólafsson sýnir hér alla sína nettu hæfni til að spanna stóran boga frá snotru spaugi yfir í niðurbrot einnar manneskju. Viktor Már og Anna Svava standa sig bæði af mikilli prýði: hann sem yfirborðsmaður og kosningastjóri, hún sem stelpuskott sem hefur brennt allt að baki sér.

Lyktir leiksins eru í handriti boðun um algeran ósigur gæsku og ábyrgðar á blótpalli sölumennsku og yfirdrepsskapar, háðulegt söngatriði sem virkar því miður sem einhvers konar hylling í bragði leikstjórans sem er snjallt en missir merkilega marks í merkingu textans og um leið verksins alls.

**Páll Baldvin Baldvinsson**


GLÆSILEG
JANÚARTILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
MESTA ÚRVAL LANDSINS AF CREATIVE
A300
2.1 CREATIVE HLJÓÐKERFI
3.990
AÐEINS ÞESSA HELGI
20"
HÁGÆÐA SKJÁR
HVERGI LÆGRA VERÐ
26.900
50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ CREATIVE
HVERGI BETRA VERÐ
500GB
SJÓNVARPS FLAKKARI
29.900
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is


LONEY, DEAR


ANDREW BIRD

## > Í SPILARANUM

Loney, Dear - Dear John
Antony And The Johnsons - The Crying Light
Timber Timbre - Timber Timbre
Bruce Peninsula - A Mountain is A Mouth
Andrew Bird - Noble Beast

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Mínus sver eið

Að sögn Krumma er nú „geðveikur æsingur“ í hljómsveitinni Mínus að setja allt í gang á ný eftir pásu. „Við höfum svarið þess eið að koma með nýja plötu á þessu ári,“ segir söngvarinn. „Það er mikill metnaður í okkur og við erum byrjaðir að hittast og ræða málin. Næst á dagskrá er bara að hendast í hús, semja, æfa og koma sér í gírinn.“

Síðast var Mínus á ferðinni árið 2007 með plötuna „The Great Northern Whalekill“ en um svipað leyti og platan kom út urðu mannaskipti í bandinu. Frosti og Þröstur hættu, en Bjössi, Bjarni og Krummi héldu áfram og fengu bassaleikarann Sigurð Oddsson inn. „Þetta band hefur bara tekið upp eitt lag og við erum spenntir fyrir að gera fleiri. Menn hafa verið að sýsla við hitt og þetta en þetta ár verður Mínuss.“

Krummi á von á beittari textum en vanalega enda árferðið kjörið til þess. „Það er ekki hægt annað en að vera pólitískur í dag. Ekki nema maður sé heiladauður, það er að segja,“ segir Krummi. Hann ætlar jafnvel að taka pólitísku línuna enn þéttar í hliðarbandinu Deadfuck. „Það er nú bara svona týpískt fyllirísband, sem ég og nokkrir vinir höfum talað um, hálfgert djók. Hugmyndin er að Deadfuck spili industrial tónlist, pólitískan og pönkaðan framtíðarmetal. Kannski verður einhvern tímann eitthvað úr þessu.“

- drg


**MÍNUS** Nýja fjögurra manna útgáfan.




## > Plata vikunnar

Sin Fang Bous - Clangour

★★★

Skrautlegt og dúllulegt hljóðdútl sem vantar sterkari melódíur.

**Dr. Gunni**



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Púsl í heildarmyndina*

Neil Young er búinn að vera að vinna í endurútgáfuverkefninu „Neil Young Archives“ síðan á níunda áratugnum. Það skiptist í tvo meginhluta. Í fyrsta lagi diskakassar með óútgefnu efni frá ferlinum. Útgáfu á þeim fyrsta af fjórum sem á að ná yfir árin 1963-1972 hefur verið margfrestað, en nú er boðaður útgáfudagur 24. febrúar 2009. Í þessum fyrsta kassa verða tíu diskar.

Í öðru lagi er það svo Performance Series-röðin sem samanstendur af eftirminnilegum og mikilvægum tónleikaupptökum frá ferlinum. Þegar eru komnir út þrír diskar. 2006 kom Live at Filmore East sem Neil hljóðritaði með Crazy Horse í mars 1970. 2007 kom Live at Massey Hall frá janúar 1971 og í lok síðasta árs kom Sugar Mountain sem hefur að geyma upptökur frá tvennum tónleikum í Canterbury House í Ann Arbour í Michigan 9. og 10. nóvember 1968.


**SUGAR MOUNTAIN** Neil Young einn með gítarinn.

Tónleikarnir í Canterbury House fóru fram þegar Neil var í millibilsástandi. Hann var nýhættur í Buffalo Springfield og var enn ekki búinn að senda frá sér sína fyrstu sólóplötu. Hann bókaði þessa tvo tónleika og kom þar fram einn með kassagítarinn. Titillagið, Sugar Mountain, hefur áður komið út á nokkrum safnplötum, en stærsti hluti þessarar 70 mínútna upptöku er fyrst að koma út núna, 40 árum eftir að hann var hljóðritaður.

Sagan segir að Elliot Roberts sem Neil réði sem umboðsmann eftir að hann yfirgaf Buffalo Springfield hafi vilja með þessum tónleikum sjá hvernig viðtökur Neil fengi einn og óstuddur. Á dagskránni voru bæði lög sem hann samdi fyrir Buffalo Springfield og ný lög. Hann spjallaði mikið á milli laga og viðtökurnar voru mjög góðar. Lögin koma mörg mjög vel út svona berstrípuð og tónleikarnir verða mjög persónulegir. Neil Young aðdáendur hafa tekið útgáfunni fagnandi, enda fá þeir þarna frábæra tónleika og eitt púsl enn í heildarmyndina.

# Enn til peningar fyrir íslenska tónlistarmenn

**Íslenskt tónlistarlíf, poppið og rokkið ekki síður en annað, hefur á undanförnum árum verið að miklu leyti styrkt af stórfyrirtækjum og auðjöfrum. Nú, þegar heldur betur kreppir að, er spurning hvernig spilast úr. Dr. Gunni tékkaði á stöðunni og komst að því að staðan er bara fín.**


**FJÓRAR MILLUR** Mugison hristir spaðann á Ólafi Ólafssyni þegar hann fékk úthlutað úr sjóði Kraums í fyrra.

Að undanförnu hefur styr staðið um auðmanninn Ólaf Ólafsson, kenndan við Samskip. Hann er sagður hafa óhreint mjöl í pokahorninu og stór orð eins og „landráð“ heyrast um viðskipti hans. Einn af þeim brauðmolum sem hrotið hafa af milljarðaborði Ólafs er velgerðasjóðurinn Aurora, sem hann stofnaði með eiginkonu sinni. Styrktarsjóðurinn Kraumur er á vegum Auroru og hefur fimmtíu milljónir til skiptanna. Fyrstu 20 millunum var úthlutað á síðasta ári. Þá fékk Mugison mest, fjórar milljónir til að stunda tónleikahald og kynna sig á erlendum vettvangi. Píanistinn Víkingur Heiðar Ólafsson fékk 1,5 milljón og Amina 1,2 milljónir. Þá fengu sex aðilar hálfa milljón hver, hljómsveitirnar Celestine, Dikta, FM Belfast og Skakkamanage, og tónlistarkonurnar Elfa Rún Kristinsdóttir og Ólöf Arnalds. Þá hefur Kraumur styrkt fjölda annarra verkefna, meðal annars veitti sjóðurinn fjármunum í að styrkja hljómsveitir til tónleikahalds á landsbyggðinni.

### Enn kraumar vel

„Við erum komin inn í annað starfsár og höldum sjó og gott betur,“ segir Eldar Ástþórsson, framkvæmdastjóri Kraums. Hann segir rekstrargrundvöll Kraums tryggðan næstu tvö árin, fimmtán milljónum verði veitt úr sjóðnum á þessu ári og fimmtán til viðbótar árið 2010. „Við erum að fara yfir umsóknir og skipuleggja árið. Ég á von á að við kynnum starfsemina á næstu vikum og bæði stjórnin og fagráðið eru virkilega ánægð að geta haldið áfram með jafn góðan hlut og Kraumur er.“

### Ellefta Airwaves á þurru

Engan bilbug er að finna á Þorsteini Stephensen og félögum hans hjá Airwaves. Ellefta hátíðin verður haldin í október. „Við erum nú þegar farin að fá fyrirspurnir frá böndum að utan,“ segir Steini. „Það eru náttúrulega tíu mánuðir í þetta og við þurfum að sjá hvernig gengið þróast. Ég held samt að við getum farið að tilkynna um fyrstu böndin um mánaðamótin febrúar/mars. Það verða líklega minni nöfn en oft áður, sem er allt í lagi. Reynslan er sú að minni bönd vekja oft meiri athygli til langs tíma litið en stærri bönd eins og Kaiser Chiefs eða hvað þetta heitir. Ég held þetta verði flott hátíð með flottu lænöppi.“

Eitt ár er eftir af samningi hátíðarinnar við Reykjavíkurborg og Icelandair svo reksturinn er tryggður, að minnsta kosti fyrir eina hátíð í viðbót. „Það eru fundir fyrirhugaðir til að skoða framhaldið. Það er náttúrulega nauðsynlegt að hægt sé að sjá lengra inn í framtíðina en bara eitt ár,“ segir Þorsteinn.

Reykjavík Loftbrú var stofnað árið 2003 af borginni og Icelandair. Sjóðnum er ætlað að styðja tónlistarfólk við að hasla sér völl erlendis og felst styrkurinn í að borga undir listamenn í flug til áfangastaða Icelandair. Listamennirnir borga sjálfir skatta og gjöld af miðunum. Stjórnarfundur verður hjá Loftbrúnni á morgun og er ekki búist við miklum breytingum á fyrirkomulagi styrksins.


föstudagur

fylgir Fréttablaðinu á morgun




**Hera Björk Þórhallsdóttir:**
Er komin í hörkuform fyrir dönsku Eurovision-keppnina

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft


# Þriggja stjörnu diskórokk

Þriðja breiðskífa Franz Ferdinand, Tonight, kemur út á mánudaginn. Margir bíða hennar með mikilli eftirvæntingu enda sló sveitin rækilega í gegn fyrir fimm árum með sinni fyrstu plötu.

Hljómsveitin er Íslendingum að góðu kunn því tvívegis hefur hún spilað hér á landi, fyrst í Kaplakrika árið 2005 og síðan á Nasa tveimur árum síðar.

Tonight fær þrjár stjörnur af fimm mögulegum í bresku tónlistartímaritunum Q og Uncut og einnig þrjár stjörnur í dagblöðunum The Guardian og Daily Telegraph. Flestir gagnrýnendur eru sammála um að platan hafi að geyma slatta af hressilegu diskórokki en helsti gallinn sé hversu lítið hljómsveitin hafi þróast síðan hún kom fyrst fram á sjónarsviðið og að lögin á plötunni séu of lík hvert öðru. „Hún hljómar ekki alltaf nógu vel en ætti samt að falla í kramið þar sem henni er ætlað að hljóma: af fullum krafti á indí-diskóstöðum,“ segir í dómi Daily Telegraph.

Rúmt þrjú og hálft ár er liðið síðan síðasta plata Franz Ferdinand, You Could Have It So Much Better, kom út. „Síðasta plata hljómaði eins og unglingur að stunda kynlíf. Þessi er öruggari og hentar dansgólfinu aðeins betur,“ sagði söngvarinn Alex Kapranos um Tonight.

Hljómsveitin ætlar í tónleikaferð um Evrópu til að fylgja gripnum eftir og hefst hún í Dublin 1. mars.


**FRANZ FERDINAND** Þriðja breiðskífa Franz Ferdinand, Tonight, kemur út á mánudaginn.

# Í fótspor Franz Ferdinand

Indísveitin Who Knew er stödd í Berlín þar sem hún heldur tónleika á Roter Salon, sem er með vinsælli tónleikastöðum í borginni. Á meðal hljómsveita sem hafa spilað þar er hin breska Franz Ferdinand.

Tónleikarnir verða haldnir á morgun undir yfirskriftinni Icelandic Music Laboratory og stendur þýska kvikmyndagerðarkonan Wera Uschakowa fyrir þeim. Á síðasta ári spilaði trúbadorinn Siggi Ármann einmitt í Berlín fyrir tilstuðlan Weru, sem er mikill Íslandsvinur. Tengjast tónleikarnir verkefninu 101 Berlín sem hefur verið starfrækt um nokkurt skeið í borginni.

Who Knew, sem hefur verið starfandi í nokkur ár, er skipuð strákum í kringum tvítugt. Stefna þeir á útgáfu sinnar fyrstu plötu eftir einn til tvo mánuði en fyrst ætla þeir að spila í Berlín, sem verða fyrstu tónleikar þeirra erlendis. „Það er mikill spenningur og þetta er búið að vera rosagaman,“ segir hljómborðsleikarinn Matthías Sindri Jónsson, en sveitin kom til Berlínar á sunnudag. Bætir hann við að Who Knew hafi fengið jákvæða umfjöllun í þýskum fjölmiðlum og nýlega fór sveitin í viðtal hjá einni af stærstu indí-útvarpsstöðvum Þýskalands, Motor FM. - fb



**WHO KNEW** Hljómsveitin Who Knew heldur tónleika í Roter Salon í Berlín á föstudag.

# Heiðra Nick Drake



Eddie Vedder, söngvari Pearl Jam, Dave Grohl úr Foo Fighters og Norah Jones eru á meðal þeirra sem syngja á nýrri plötu til heiðurs enska tónlistarmanninum Nick Drake.

Platan kemur út hjá útgáfufyrirtækinu Brushfire Records sem er í eigu Jack Johnson, sem mun einnig syngja á plötunni. Heimildarmynd um upptökurnar verður gefin út með plötunni á DVD-diski. Á honum verður einnig myndefni með hinum sáluga Heath Ledger þar sem hann syngur lag Drake, Black Eyed Dog. Drake var lítt þekktur þegar hann lést árið 1974 úr ofneyslu eiturlyfja aðeins 26 ára. Síðan þá hefur vegur hans vaxið jafnt og þétt.



**KIRA KIRA** Kira Kira er á tónleikaferð um Evrópu ásamt hljómsveit sinni.

# Tónleikaferð um Evrópu

Kira Kira, eða Kristín Björk Kristjánsdóttir, hóf í síðustu viku tónleikaferð um Evrópu. Ferðin stendur yfir til 7. febrúar og alls spilar Kira Kira á tuttugu tónleikum, þar á meðal í Þýskalandi, Ítalíu, Frakklandi, Hollandi og Danmörku. Einnig er í bígerð tónleikaferð um Bretland í apríl og um Austur-Evrópu í sumar.

Kira Kira gaf út plötuna Our Map to the Monster Olympics síðasta sumar hjá Smekkleysu á Íslandi og í Japan og seldist fyrsta upplagið upp á skömmum tíma í Japan.

# Coldplay og Duffy líkleg til sigurs

Duffy og Coldplay fengu flestar tilnefningar til Brit-verðlaunanna sem verða afhent 18. febrúar í London. Fengu þær hvor um sig fjórar tilnefningar, þar á meðal fyrir bestu bresku plötuna árið 2008.

Coldplay, sem gaf út plötuna Viva La Vida or Death and All His Friends, hafði áður hlotið sjö tilnefningar til Grammy-verðlaunanna sem verða einnig afhent í næsta mánuði. Duffy gaf á síðasta ári út sína fyrstu plötu, Rockferry, sem var sú söluhæsta í Bretlandi.

Adele, Elbow og Scouting for Girls fengu þrjár tilnefningar hver á meðan Ting Tings, Radiohead, Girls Aloud og Estelle hlutu tvær.

Sömu fimm hljómsveitirnar utan Bretlandseyja voru tilnefndar sem besta alþjóðlega hljómsveitin og fyrir bestu plötuna, eða AC/DC, Fleet Foxes, The Killers, Kings of Leon og MGMT. Hljómsveitin Pet Shop Boys verður á athöfninni verðlaunuð fyrir framlag sitt til tónlistarheimsins.



**DUFFY** Söngkonan Duffy hefur verið tilnefnd til fernra Brit-verðlauna, rétt eins og hljómsveitin Coldplay.

Útsala

Vorum að bæta við mikið af haustvörum á útsöluna !

Menn koma á Laugaveg 7 og Konur á Laugaveg 86-94.

Andersen & Lauth
Reykjavík
established 1934

Herraverzlun, Laugavegi 7, Kvenverzlun, Laugavegi 86-94
www.andersenlauth.com

**> KATIE Í GAMANMYND**

Katie Holmes hefur tryggt sér aðalhlutverkið í gamanmyndinni The Extra Man. Á móti henni leika Paul Dano, John C. Reilly og Kevin Kline. Holmes hefur lítið sést á hvíta tjaldinu síðan hún giftist Tom Cruise en nú virðist hún tilbúin til að stíga aftur fram í sviðsljósið.



# bíó

bio@frettabladid.is

## Leika ástfangið par

Jim Carrey og Ewan McGregor leika ástfangið par í svörtu kómedíunni I Love You Phillip Morris sem var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni fyrir skömmu.

Myndin fjallar um svindlara frá Texas (Carrey) sem er stungið í fangelsi og verður ástfanginn af klefafélaga sínum (McGregor). Hún er byggð á sönnum atburðum og er fyrsta leikstjórnarverkefni þeirra Glenns Ficarra og Johns Requa, sem eru þekktastir fyrir handrit sitt að Bad Santa.

I Love You Phillip Morris fær prýðilega dóma á heimasíðu Variety. Þar segir að Jim Carrey leiki sitt flóknasta grínhlutverk síðan í The Cable Guy. „Persóna hans er svo glæpsamleg og samkynhneigð að áhorfendur geta ekki annað en hlegið og á sama tíma verið í sjokki," segir gagnrýnandinn.



**ÁSTFANGNIR** Jim Carrey og Ewan McGregor kyssast í svörtu kómedíunni I Love You Phillip Morris.

„Hið hráa handrit Glenns Ficarra og Johns Requa og það hversu samband Carreys og Ewans McGregor er opinskátt gæti dregið úr vinsældum myndarinnar en forvitnin um „umbreytingu" Carreys mun örugglega fá fullt af fólki í bíó."

## Ósáttur við endurgerð

Ralph Macchio, sem lék aðalhlutverkið í Karate Kid á níunda áratugnum, vill ekki að myndin verði endurgerð. Hann er ánægður með að aðdáendur fyrstu myndanna hafi mótmælt endurgerðinni. „Það er gott ef fólki finnst að menn eigi ekki að snerta við ákveðnum hlutum. Stundum gera menn það en hefðu kannski betur sleppt því," sagði hinn 47 ára Macchio. „Að mínu mati verður erfiðast að fylla skarð Hr. Miyagi og ná fram þeim töfrum sem sú persóna hafði yfir að ráða." Jackie Chan mun líklega leika Hr. Miyagi og sonur Wills Smith leikur karatestrákinn.

## Grín og hryllingur

Gamanmyndin Role Models og spennumyndin Underworld: Rise of the Lycans verða frumsýndar á morgun. Role Models fjallar um óábyrgu sölumennina Danny og Wheeler sem fara á fyllerí og skemma bíl vinnuveitanda síns. Í réttarsalnum mega þeir velja um að fara í fangelsi eða vera leiðbeinendur fyrir vandræðaunglinga. Með aðalhlutverkin fara Paul Rudd og Seann William Scott, sem er þekktastur sem Stifler í American Pie. Role Models fær fína dóma, eða 7,8 af 10 á síðunni Imdb.com og 76% á Rottentomatoes.com.

Underworld: Rise of the Lycans er þriðja myndin í þessari blóðugu seríu sem fjallar um baráttu vampíra og varúlfa. Rhona Mitra hefur tekið við aðalhlutverkinu af Kate Beckinsale og bregður sér því í þröngt leðurdressið á meðan þeir Bill Nighy og Michael Sheen mæta aftur til leiks sem hinir hrikalegu Viktor og Lucian. Myndin fær 6,9 á Imdb.com.



**UNDERWORLD** Rhona Mitra leikur aðalhlutverið í Underworld: Rise of the Lycans.

## Lost hefst að nýju

Sýningar á Lost hófust að nýju í gærkvöldi á ABC sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum með tveimur fyrstu þáttum fimmtu seríunnar. Tveimur söguþráðum verður fylgt í sautján þáttum þessarar seríu. Annars vegar verður fylgst með atburðum á eyjunni sem leiddu til dauða Lockes árið 2007 en Benjamin var sem kunnugt er búinn að færa eyjuna til bæði í tíma og rúmi. Hins vegar verður fylgst með afdrifum sexmenninganna sem sluppu af eyjunni, þá aðallega Jacks og Bens, sem reyna að fá alla til að sameinast um að snúa aftur með líkið af Locke. Gefið hefur verið út að svikahrappurinn Sawyer verði fyrirferðarmikill í þessari seríu, en hann er einn af þeim sem urðu eftir á eyjunni. Sjötta og síðasta Lost-serían verður svo sýnd á næsta ári og verður öllum spurningum svarað, að sögn höfundа. Ríkissjónvarpið byrjar að sýna fimmtu seríuna í apríl.






# Aðdáendur Batmans vilja tilnefningu til Óskarsins

**Tilkynnt verður um tilnefningar til Óskarsins í dag og bíða margir kvikmyndaunnendur spenntir eftir því hvort The Dark Knight hljóti náð fyrir augum akademíunnar.**



**THE DARK KNIGHT** Margir kvikmyndaunnendur vonast til að The Dark Knight hljóti náð fyrir augum Óskarsakademíunnar. Víst má telja að Heath Ledger verði tilnefndur fyrir leik sinn í hlutverki The Joker, en óvíst er hvort The Dark Knight fá tilnefningu sem besta myndin.

Hingað til hafa vinsælar sumarmyndir á borð við The Dark Knight ekki þótt merkilegur pappír í augum Óskarsakademíunnar. Myndir sjálfstæðra framleiðenda sem sumir telja „listrænni" og „alvarlegri" (Crash, No Country for Old Men, Million Dollar Baby) hafa hingað til verið inni í hlýjunni og sankað að sér Óskarsverðlaunum. Núna telja samt margir að ekki verði hægt að líta fram hjá Leðurblökumanninum, myndin sé einfaldlega of vönduð til þess og hún verðskuldi tilnefningu í virtasta flokknum, sem besta myndin.

Flestir telja öruggt að Golden Globe-verðlaunahafinn Slumdog Millionaire fái þá tilnefningu ásamt The Curious Case of Benjamin Button, Frost/Nixon og Milk. Óvissa er á hinn bóginn um fimmtu tilnefninguna og talið er að kapphlaupið þar standi á milli The Dark Knight, Gran Torino, Doubt og The Wrestler.

Talið er nánast pottþétt að hinn sálugi Heath Ledger fái tilnefningu sem Jókerinn enda hefur hann sópað til sín verðlaunum að undanförnu. Líkurnar á því að Nolan verði tilnefndur sem besti leikstjórinn og að handritið verði tilnefnt eru einnig taldar þónokkrar. Hvort The Dark Knight fái stærstu tilnefninguna er aftur á móti stóra spurningin. Til dæmis hlaut hún níu tilnefningar til bresku Bafta-verðlaunanna á dögunum en samt ekki sem besta myndin. „Ég veit ekki betur en að kvikmyndir séu gerðar til þess að almenningur komi að sjá þær," sagði Peter Guber, sem framleiddi fyrstu Batman-myndina árið 1989. Hann hefur áhyggjur af því að vinsældirnar hái The Dark Knight þegar Óskarinn er annars vegar. „Ef mynd er mjög vinsæl ætti hún ekki sjálfkrafa að vera dæmd niður í aðra deild."

Þrátt fyrir að vinsældir hafi hingað til verið ávísun á tilnefningaleysi hjá akademíunni eru undantekningar frá þeirri reglu. Má þar nefna Star Wars, Rocky og Titanic sem voru allar tilnefndar sem bestu myndirnar. Hlutu þær tvær síðarnefndu á endanum verðlaunin eftirsóttu og skaut Rocky til að mynda Taxi Driver í leikstjórn Martins Scorsese ref fyrir rass. Möguleikinn er því vel fyrir hendi og hver veit nema Batman fái loksins að leika sér á meðal þeirra bestu? Það kemur allt saman í ljós í dag.

freyr@frettabladid.is

## Neistaflugið enn til staðar

Titanic-parið Kate Winslet og Leonardo DiCaprio leiða aftur saman hesta sína í hinni dramatísku Revolutionary Road sem verður frumsýnd á morgun.

Mörgum er eflaust enn í fersku minni ástarsamband Winslet og DiCaprio í hinni ógnarvinsælu Titanic árið 1997. Neistaflugið á milli þeirra var umtalað og átti tvímælalaust stóran þátt í vinsældum myndarinnar.

Síðan þá hefur vegur þeirra beggja aukist jafnt og þétt og skín stjarna þeirra skærar núna en nokkru sinni fyrr, sérstaklega Winslet sem hampaði nýlega tvennum Golden Globe-verðlaunum. Voru önnur þeirra einmitt fyrir frammistöðuna í Revolutionary Road.

Á þessum tólf árum síðan Titanic gerði allt vitlaust hafa peningamenn í Hollywood beitt öllum brögðum til að fá gamla dúettinn til að endurvekja töfrana en án árangurs, allt þar til nú. Skipti þar eflaust mestu máli að leikstjóri myndarinnar er enginn annar en eiginmaður Winslet, hinn virti Sam Mendes sem á að baki fín verk á borð við American Beauty, Road to Perdition og Jarhead. Revolutionary Road fjallar um April og Frank, ung hjón með tvö börn í úthverfi Connecticut um miðjan sjötta áratuginn. Þrátt fyrir að allt sé slétt og fellt á yfirborðinu finnst þeim eitthvað vanta í lífið. Frank skaffar vel í skrifstofustarfi sem honum hundleiðist og April átti sér drauma um að verða leikkona en sinnir nú húsmóðurstörfum. Þau taka sig til og ákveða að flytja til Frakklands í von um nýtt og betra líf. Þessi umbreyting gengur aftur á móti afar brösuglega með sífelldum rifrildum sem gætu mögulega bundið enda á samband þeirra.



**REVOLUTIONARY ROAD** Kate Winslet og Leonardo DiCapro í Revolutionary Road.

Myndin fær mjög góða dóma í erlendu pressunni og svo virðist sem neistinn á milli Winslet og DiCaprio hafi hvergi nærri dofnað. Myndin fær 7,9 af 10 mögulegum á síðunni Imdb.com og 67% á Rottentomatoes.com.

- fb

# ÚTSALA

## 30-90% afsláttur

**Mögnuð útsala á húsgögnum í Pennanum Holtagörðum**



Penninn Húsgögn



**Opnunartími**
mán. - fös. 10-19 lau. 10-18 sun. 13-18

HOLTAGARÐAR
Ein frábær ferð

## > VILL FARA AÐ LEIKA

Kryddpían fyrrverandi Emma Bunton hefur hug á að reyna fyrir sér í Hollywood, í von um að komast aftur í sviðsljósið. Söngkonan er nú þegar farin að sækja leiklistartíma til að undirbúa sig, en eftir að Spice Girls lagði upp laupana hefur hún einnig reynt fyrir sér sem sjónvarpskynnir. Emma segist vera tilbúin að leggja söngferilinn á hilluna fyrir leiklistina þrátt fyrir að það krefjist mikils tíma og vinnu.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Eurobandið verðlaunað

Friðrik Ómar og Regína Ósk voru heiðruð fyrir hönd Eurobandsins í sannkallaðri Eurovision-veislu sem haldin var í München á laugardaginn. Þessi árlega árshátíð Eurovision-nörda stóð yfir í heilan dag og var haldin í glæsilegum salarkynnum Wirtshaus zum Isartal. Fólk alls staðar að úr Evrópu mætti til að berja Eurovision-stjörnurnar augum en yfir tvö hundruð manns fylltu salinn.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir jól var tvíeykið tilnefnt til sjö verðlauna hjá aðdáendavefsíðu Eurovisionkeppninnar og fór síður en svo tómhent heim. Var meðal annars valin besta hljómsveitin í síðustu Eurovisionkeppni. Og fengu verðlaunagrip því til staðfestingar frá framkvæmdastjóra ESC Radio, Matthiasi Petermann. En ESC Radio er útvarpsstöð sem er alfarið tileinkuð þessari vinsælu en umdeildu lagakeppni.

Eurobandið var auglýslega hugsað sem stjarna kvöldsins því sjálf Sandra Kim hitaði upp fyrir íslensku tónlistarmennina sem stigu síðust á svið. Regína lét óléttuna ekki aftra sér heldur söng tvíeykið vinsæl Eurovisionlög á borð við My Number One, Wild Dances og Eurovisionslagarann A-Ba-Ni-Bi. Að sjálfsögðu fékk svo íslenska framlagið, This is my Life, að fljóta með við mikinn fögnuð viðstaddra enda naut lagið mikilla vinsælda meðal evrópskra Eurovisionspekinga. **-fgg**



**KÁT AÐ LOKNUM TÓNLEIKUM** Regína Ósk og Friðrik Ómar tóku við verðlaununum úr hendi Matthíasar Peterman, framkvæmdastjóra ESC Radio.

# U2 setja í gang

Tólfta hljóðversplata U2 kemur út í byrjun mars en fyrsta lagið af henni „Get on your boots“ er byrjað að heyrast. Lagið er hressandi rokkpopp drifið áfram af gítarriffi og venst ágætlega. Þá hefur umslag nýju plötunnar verið opinberað. Það er eftir japanska listamanninn Hiroshi Sugimoto, heldur grámygluleg mynd af sjóndeildarhring en rímar vel við titil plötunnar, No line on the horizon. Umslagið er nánast eins og á minimalískri plötu Richards Chartier og Taylors Deupree, Specification. Fifteen, sem kom út fyrir nokkrum árum. Félagarnir ætla þó ekki að kæra.



**UMSLAG NÝRRAR PLÖTU U2** Engin lína á sjóndeildarhringnum.

# Winslet með tilbúna ræðu á Bafta

Leikkonan Kate Winslet ætlar að semja þakkarræðu fyrir Bafta-verðlaunin sem verða afhent í næsta mánuði. Ástæðan er tilfinningarík og algjörlega óundirbúin ræða sem hún hélt á Golden Globe-hátíðinni á dögunum. „Ég ætti að hafa ræðu tilbúna vegna þess að á Golden Globe hélt ég að ég myndi ekki vinna,“ sagði Winslet. Winslet er tilnefnd til Bafta-verðlaunanna fyrir hlutverk sín í Revolutionary Road og The Reader.



**KATE WINSLET** Leikkonan Kate Winslet ætlar að hafa þakkarræðuna tilbúna á Bafta-verðlaununum.

# Leitar að arftökum Quarashi

**Athafnamaðurinn Steinar Jónsson leitar þessa dagana að arftökum rappsveitarinnar vinsælu Quarashi. Hann hefur stofnað hljóðverið Stúdíó Róm ásamt félögum sínum og vonast til lokka þangað hæfileikaríka tónlistarmenn, þar á meðal sjóðheita rappara.**



**Í STÚDÍÓ RÓM** Steinar Jónsson ásamt félögum sínum Óskari Axeli Óskarssyni og Tóna í nýja hljóðverinu, Stúdíó Róm. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta er konsept sem ég er mjög svo til í að endurnýja. Þeir sjálfir hafa sagt að það hafi engin hljómsveit komið eins og Quarashi eftir að þeir hættu, enda eru þeir mjög sérstakt „sánd“,“ segir hinn sautján ára gamli Steinar Jónsson sem nú leitar að hæfileikaríkum tónlistarmönnum til að prófa sig í hljóðveri hans. Steinar játar að hafa verið mikill aðdáandi þegar hann var yngri. „Ég keypti allar plöturnar þeirra en reyndar fékk ég aldrei að mæta á tónleika með þeim því ég var of ungur.“

Þrátt fyrir aldurinn hefur Steinar verið iðinn við kolann undanfarin ár. Hann hélt tónlistarhátíðina Iceland Music Festival á Tunglinu í fyrra þar sem ungar hljómsveitir fengu að spreyta sig og einnig gaf hann út fyrstu plötu rapparans Dabba T.

Í framhaldinu stofnaði hann útgáfufyrirtækið MediaStream Records og var um tíma umboðsmaður nokkurra tónlistarmanna.

Steinar ætlaði á síðasta ári að sýna söngleik byggðan á söngvamyndinni vinsælu High School Musical en hætti við á síðustu stundu. „Ég held að það sé ekki nógu stór markaður fyrir þetta á Íslandi. Það var búið að þýða söngleikinn og semja um öll leyfin en síðan gekk dæmið ekki upp,“ segir hann.

Þeir sem hafa áhuga á að reyna fyrir sér í tónlistinni með hjálp Steinars geta sent honum póst á netfangið hamraborg@mediastreamrecords.com. **freyr@frettabladid.is**




Vertu góð við bóndann um helgina

Um helgina er Bóndadagshelgi á veitingahúsinu Einar Ben.
Eintóm gleði og hamingja, komdu karlinum á óvart
og bjóddu honum í 3ja rétta rómantískan kvöldverð.

Bóndasúpa með fíntskornum gulrótum,
rófum og kartöflum eða
Saltfisk Carpaccio með salati
og Sharlott vinaigrette

Pönnusteiktur skötuselur með lauk
og fennelragu á ætiþistilsósu eða
Nautalund með parmesan kartöflum,
gulrótum og koníakssósu

Heit Súkkulaðikaka með Vanilluís
og ferskum berjum

5.500 kr.

BERINGER

ROSEMOUNT ESTATE

Einar Ben RESTAURANT

MASI

Veltusundi 1/Sími: 511 5090


# Landslið tengt hommamynd

Ísland er stundum ekki alveg jafn stórt og íbúar þess vilja láta. Það sannast kannski best í spænsku myndbandablaði.

Starfsmenn þess hlupu aðeins á sig fyrir skömmu. Íslenska kvikmyndin Strákarnir okkar kom út á spænskar myndbandaleigur fyrir skömmu. Myndin, sem er í leikstjórn Júlíusar Kemp, fjallar um knattspyrnukappann Óttar Þór sem leikur með meistaraliði KR. Hann kemur út úr skápnum í blaðaviðtali og í kjölfarið hefst kolsvört kómedía, Óttar byrjar að spila með hommaliði og myndin fjallar um ástalíf þessarar fyrrum hetju Vestubæjarstórveldisins.

Spænska myndbandablaðið tæpir aðeins á söguþræði myndarinnar og birtir opinbert veggspjald hennar. Og þetta væri eflaust ekki í frásögur færandi ef ekki væri fyrir litla mynd sem skotið er með í umfjöllun blaðsins.

Þar gefur nefnilega hvorki að líta Björn Hlyn Haraldsson né aðra leikendur myndarinnar heldur þá Loga Geirsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson, silfurdrengi íslenska landsliðsins í handbolta. Vissulega eru leikmennirnir í innilegum faðmlögum eftir einhvern frækinn sigur landsliðsins en þeir Logi og Ásgeir koma hvergi fyrir í myndinni. Svo vitað sé. Sé orðinu „Strákarnir okkar“ slegið inn á myndaleit google-leitarvélarinnar skýrist málið hins vegar því myndin af silfurdrengjunum er ein af þeim fyrstu sem koma upp þegar niðurstöðurnar birtast. Svo er náttúrulega spurning hvort um sé að ræða gáskafullan hrekk spænskra blaðamanna sem máttu horfa upp á „strákana okkar“ rúlla spænska liðinu upp í undanúrslitaleik Ólympíuleikanna síðasta sumar. **- fgg**



**ÓTTAR OG UNNUSTINN** Íþróttamaðurinn Óttar kemur óvænt út úr skápnum. Hann er hins vegar knattspyrnumaður en ekki handboltakappi eins og spænskt myndbandablað vill meina.


Fuera del vestuario

ELEVEN MEN OUT

**SKONDIÐ** Þeir Logi Geirsson og Ásgeir Örn fagna innilega sigri íslenska landsliðsins. Þeir hafa þó vafalítið ekki búist við því að myndin yrði bendluð við hommakvikmynd.

# SNYRTIVÖRUÚTSALA

í Holtagörðum og á Akureyri




ÚTSALA

Enn fleiri vörur á snyrtivöruútsölunni
í Holtagörðum og á Akureyri

**30%** af völdum vörum:

- Ilmum
- Förðunarvörum
- Gjafakössum

**15%** af allri annarri snyrtivöru

Gildir til 29. janúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Gúrúinn með sjö tilnefningar



THE LOVE GURU Hin misheppnaða gamanmynd Mikes Myers fékk sjö tilnefningar til Razzies-verðlaunanna.

Hin misheppnaða gamanmynd Mike Myers, The Love Guru, hefur fengið sjö tilnefningar til Razzies-verðlaunanna. Um skammarverðlaun er að ræða þar sem verstu kvikmyndir og leikarar ársins fá viðurkenningar.

Myers var tilnefndur fyrir leik sinn í myndinni ásamt mótleikurunum Jessicu Alba, Sir Ben Kingsley og dvergnum Verne Troyer. The Love Guru var einnig tilnefnd sem versta myndin ásamt The Happening, The Hottie and the Nottie, Disaster Movie, Meet the Spartans og In the Name of the King. „Sá fjöldi tilnefninga sem Love Guru fékk var viðeigandi miðað við hversu persónulegt verkefni þetta var fyrir Myers. Hann lék ekki aðeins aðalhlutverkið heldur samdi handritið og framleiddi myndina,“ sagði John Wilson, upphafsmaður Razzies. „Ég held að fólk sé orðið þreytt á honum. Hann hefur ekki leikið í góðri mynd í langan tíma.“

Hótelerfinginn Paris Hilton fékk þrjár tilnefningar og þau Cameron Diaz, Eddie Murphy og sjálfur Al Pacino fengu tvær tilnefningar. Verðlaunin verða afhent 21. febrúar, eða degi á undan Óskarnum.

# FJÖLBREYTNIN Í FYRIRRÚMI

**Þriðji skammtur af Eurovisionlögum ársins verður borinn fyrir landsmenn á laugardaginn, fjögur lög að vanda.**



SÖNGVARAR ÞRIÐJA KVÖLDSINS Uppi er Kaja og frá vinstri eru Edgar Smári, Kristín Ósk og Seth Sharp.

Fyrst er „Close to you“ eftir Grétar Sigurbergsson geðlækni. Lagið er djassskotin ballaða sungin af þriggja barna móður, Kristínu Ósk Wium. Hún gerði garðinn frægan í Bugsy Malone söngleiknum en syngur nú með fríkirkjukórnum í Hafnarfirði.

Eina lag kvöldsins á íslensku er næst, „Lygin ein“ eftir Albert G. Jónsson. Þetta er nútímalegt popplag sem Kaja Halldórsdóttir syngur. Hún söng í ýmsum Versló-söngleikjum og sendi frá sér plötuna Away from me árið 2005.

Næst í röðinni er amerískt kántrírokk í anda The Eagles, „Easy to fool“ eftir Torfa Ólafsson með texta eftir Þorkel Olgeirsson. Þar er sungið um rútuferð með Greyhound til Maine – ekki alveg týpískt Eurovision!

Arnar Jónsson, áður í Lúxor er í aðalhlutverki, en annar fyrrverandi Lúxorkappi. Edgar Smári, leggur honum lið. Auk þess syngja synir Torfa í laginu, þeir Sverrir Baldur og Ólafur. Síðasta lagið er „Family“, annað lagið sem Óskar Páll Sveinsson keppir með í ár. Hann er þegar farinn áfram með lagið sem Jóhanna Guðrún syngur. „Family“ er hressileg soulballaða sungin af Seth Sharp, sem nokkuð hefur fengist við Eurovisionsöng til þessa.





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SEVEN POUNDS D | kl. 530 - 8 - 10.30 | L |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| AUSTRALIA D | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TAKEN | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| AUSTRALIA | kl. 6.30 - 10 | 12 |
| INKHEART | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| REFURINN & BARNIÐ / ÍSL. TEXTI | kl. 6 | L |
| BORGIN LOUVRE / ENSKUR TEXTI | kl. 6 | L |
| ÞAU SEM VERÐA EFTIR / ENSKUR TEXTI | kl. 6 | L |
| SKÓLABEKKURINN / ENSKUR TEXTI | kl. 8 | L |
| NIÐDIMM NÓTT / ENSKUR TEXTI | kl. 10.15 | 12 |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEVEN POUNDS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| TRANSPORTER 3 | kl. 8 - 10.15 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| TRANSPORTER 3 | kl. 10.10 | L |
| SEVEN POUNDS | kl. 6 - 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 12 |
| CHANGELING | kl. 6 og 9 | 16 |
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 5:50D - 8D - 10:20D | | L |
| ROCKNROLLA | kl. 8 - 10:20 | DIGTAL | 16 |
| ROCKNROLLA | kl. 5:30 - 10:20 | | VIP |
| CHANGELING | kl. 5:30 - 8:30 | | 16 |
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | | 7 |
| YES MAN | kl. 8 | | VIP |
| THE SPIRIT | kl. 10:20 | DIGTAL-3D | 12 |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali | kl. 5:50 | DIGTAL-3D | L |
| CITY OF EMBER | kl. 5:50 | | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 | | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | DIGTAL | L |
| ROCKNROLLA | kl. 10:20 | DIGTAL | 16 |
| YES MAN | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | | 7 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 6 | DIGTAL-3D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 8 | L |
| THE SPIRIT | kl. 10:10 | L |
| SÓLSKINSDRENGUR | kl. 8 | L |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 10:10 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 8 | L |
| ROCKNROLLA | kl. 10 | 16 |
| YES MEN | kl 8 | 7 |
| THE CHANGELING | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 8 | L |
| THE SPIRIT | kl. 10:10 | 16 |
| SÓLSKINSDRENGUR | kl. 8 | L |
| TWILIGHT | kl. 10:10 | 12 |



# Aldrei fór ég á Rex um helgina

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég á Rex verður haldin á þremur stöðum um helgina. Um er að ræða órafmagnaða hátíð þar sem tæplega fjörutíu tónlistaratriði verða kynnt til sögunnar. Verða þau mestmegnis í höndum trúbadora.

„Yfirskriftin er Aldrei fór ég á Rex en við bjóðum samt fólk alveg velkomið sem hefur farið á Rex," segir skipuleggjandinn og trúbadorinn Svavar Knútur. „Ég fagna því að ruglið er svolítið að víkja. Ég vona að þetta sé í síðasta skipti sem við Íslendingar erum í stórum kappakstri og að tími lúxusbíla og fyrirtækja-„sponsora" sé að víkja," segir hann og vonar að samhjálp og nægjusemi taki nú völdin í þjóðfélaginu.



**SVAVAR KNÚTUR** Trúbadorinn knái skipuleggur tónlistarhátíðina Aldrei fór ég á Rex um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sams konar hátíð var haldin í fyrsta sinn hérlendis síðasta haust við góðar undirtektir. Þá var hún minni í sniðum, enda aðeins haldin á Kaffi Rósenberg en núna hafa Hljómalind og Nýlenduverslun Hemma og Valda bæst í hópinn. Á meðal þeirra sem koma fram eru Helgi Valur, Myrra Rós, Árstíðir, Elíza Geirs, Ragnar Sólberg, Elín Ey, Svavar Knútur og Pikknikk. Einnig koma fram bresku trúbadorarnir Sisha PM og Kid Decker.

Svavar segir að hátíðin sé haldin til að efla grasrótina og skapa tengsl við erlenda listamenn, enda hefur sams konar hátíð verið haldin í Ástralíu og Þýskalandi. Eftir hátíðina hyggur Svavar til að mynda í tónleikaferðalag um Þýskaland og Ítalíu í von um að skapa enn frekari tengsl.

Ókeypis er inn á Aldrei fór ég á Rex og verða fyrstu tónarnir slegnir á Kaffi Rósenberg á föstudag klukkan 19. - fb

# Stundar jóga í flugvél

Uma Thurman kom farþegum á óvart þegar hún hóf að stunda jógaæfingar í flugi milli New York og Salt Lake City í Utah nýverið. Samkvæmt heimildum dagblaðsins New York Post stóð leikkonan upp og fór að gera jógaæfingar í gangveginum milli sætanna, og notaði vagn einnar flugfreyjunnar sem slá á meðan hún teygði á og gerði hnébeygjur í tuttugu mínútur.

Flestir farþeganna reyndu kurteislega að horfa í aðra átt á meðan hin 38 ára Thurman gerði æfingarnar, sem þeir töldu eflaust hluta af heilsusamlegu líferni leikkonunnar. Mörgum var því brugðið þegar vélin lenti og Thurman rauk út til að kveikja sér í sígarettu.



**ÆFIR STANSLAUST** Uma Thurman segir æfingar og verslunarferðir hjálpa sér að slaka á en mörgum var brugðið þegar hún hóf að gera jógaæfingar í flugi nýverið.



**TÖKULÖG** Marianne Faithfull er 62 ára.

# Stjörnufans hjá Faithfull

**Mikill stjörnufans er á nýjustu sólóplötu Marianne Faithfull sem heitir Easy Come, Easy Go. Keith Richards leggur sinni gömlu vinkonu lið ásamt yngri mönnum eins og Antony Hagarty, Rufus Wainwright, Jarvis Cocker og Nick Cave. Þetta er fyrsta plata Marianne frá 2004 og á henni eru eingöngu tökulög, meðal annars eftir Dolly Parton, Randy Newman og Brian Eno.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 22. janúar**

### → Kvikmyndir

**Frönsk kvikmyndahátíð** stendur yfir í Háskólabíói 16.-29. jan. Nánari upplýsingar

á www.graenaljosid.is og www.midi.is.

### → Tónleikar

**18.00 Fimmtudagstónleikar** hjá nemendum Tónlistarskólans á Akureyri, Hvannavöllum 14. Nemendur úr öllum deildum og flytja fjölbreytta tónlist. Allir velkomir og aðgangur ókeypis.

### → Fyrirlestrar



**15.00 Dr. Hilmar J. Malmquist** flytur erindi í Listaháskóla Íslands í hönnunar- og arkitektúrdeild í stofu 113, Skipholti 1-5. Fyrirlesturinn verður á ensku. Allir velkomnir.

**17.15 Jón Yngvi Jóhannsson** fjallar um jólabókaflóðið í Bókasafni Kópavogs við Hamraborg 6a. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

### → Sýningar

**17.00** Tvær sýningar verða opnaðar í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Annars vegar er það sýning á verkum **Ásmundar Ásmundssonar** í A-sal en einnig verður opnuð sýning á verkum **Péturs Más Gunnarssonar** í D-sal.

Sýningin **Ást við fyrstu sýn** í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg, hefur verið framlengt til 30. janúar. Þar stendur einnig yfir sýningin Kvikar myndir í sal 2 þar sem sýnd eru myndbandsverk eftir Ástu Ólafsdóttur, Sigrúnu Harðardóttur og Steinu. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

### → Hugleiðsla

**20.00 Hóphugleiðsla** alla fimmtudaga í Rajadhiraja Jógamiðstöðinni við Efstasund 26. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



### > Jóhann Gunnar eftirsóttur

Skyttan örvhenta hjá Fram, Jóhann Gunnar Einarsson, gæti verið á leið frá Fram. Svissneska félagið Kadetten Schaffhausen og þýska B-deildarliðið Aue hafa borið víurnar í Jóhann sem og þýska C-deildarliðið Kassel. Jóhann segist reikna með því að kíkja á aðstæður hjá einhverjum félögum strax í febrúar og stefnan sé að komast út næsta sumar. Daníel Berg Grétarsson, fyrrum Framari, er aftur á móti líklega á leið til Kassel eftir að hafa skoðað aðstæður þar nýlega.



# sport

sport@frettabladid.is

**AÐALSTEINN REYNIR EYJÓLFSSON:** BYRJAR FRÁBÆRLEGA MEÐ ÞÝSKA C-DEILDARLIÐIÐ KASSEL

# *Ekki byrjað að kalla mig kónginn frá Kassel*

Handknattleiksþjálfarinn Aðalsteinn Reynir Eyjólfsson, sem náð hefur frábærum árangri í þjálfun kvennaliða undanfarin ár, söðlaði um í desember. Hætti hjá Fylki og samdi við þýska C-deildarliðið Kassel þar sem hann þjálfar meistaraflokk hjá körlum í fyrsta skipti.

Byrjunin hjá Aðalsteini lofar góðu en liðið hefur unnið fjóra af fimm fyrstu leikjunum undir hans stjórn. Fimmta leiknum lyktaði með jafntefli og því er Aðalsteinn enn ósigraður í þýska boltanum. Kassel situr í fjórða sæti í deildinni, þrem stigum frá öðru sæti og níu stigum frá toppnum.

„Nei, það er ekki enn byrjað að kalla mig kónginn frá Kassel en ég set það inn í nýja samninginn,“ sagði Aðalsteinn Reynir léttur við Fréttablaðið í gær. „Það er búið að ganga mjög vel fyrir utan jafnteflið sem var hálfgert klúður. Við höfum lagað vörnina mikið og erum að gera færri tæknifeila. Þetta er allt að koma.“

Aðalsteinn lætur liðið æfa meira en það var að gera og hann segir leikmenn bregðast vel við því sem hann er að predika. „Ég er mjög sáttur við þeirra framlag.



Annars hefur margt verið að koma mér á óvart hérna. Bæði gæðin á deildinni og hversu sterkir leikmennirnir eru. Flest hér hefur farið fram úr mínum björtustu vonum,“ sagði Aðalsteinn en aðeins eitt lið í deildinni fer upp. Þrátt fyrir það eru enn möguleikar að Kassel komist upp enda er fjárhagur margra liða í Þýskalandi ekki góður og Kassel gæti hagnast á því fari einhver lið í þrot.

Aðalsteinn er búinn að koma sér vel fyrir í fínni íbúð og hann segir lífið leika við sig í nýju landi.

„Þetta er mjög fínt allt saman. Allt vel skipulagt, félagið flott og vel séð um mig. Þetta er 250 þúsund manna borg og allar aðstæður eins og best verður á kosið. Ég er því bara hamingjusamur en ekki í þunglyndinu heima,“ sagði Aðalsteinn sem hefur sjö atvinnumenn innan sinna raða og svo sjö hálfatvinnumenn. „Það er stefnt að því að komast upp í efstu deild á fjórum árum. Það eru peningar hjá félaginu og fari liðið upp er von á fleirum,“ sagði hamingjusamur Aðalsteinn að lokum.



**KÁRI ÁRNASON** Fær meira að spila næstu vikurnar. MYND/OLE NIELSEN

Kári Árnason:

## Lánaður frá AGF til Esbjerg

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Kári Árnason hefur verið lánaður frá AGF til Esjberg út þessa leiktíð. Hjá Esbjerg hittir Kári fyrir Eyjamanninn Gunnar Heiðar Þorvaldsson.

Kári hefur verið mikið meiddur og ekki gengið sem skyldi að vinna sér sæti í liði AGF og því var ákveðið að senda hann til Esbjerg þar sem hann fær að spila.

Forráðamenn Esbjerg fagna liðstyrknum en liðið er í mikilli fallbaráttu. - hbg

TV2 í Noregi í gær:

## Þórir tekur við af Breivik

**HANDBOLTI** Vefur norska sjónvarpsins TV2 segist hafa heimildir fyrir því að Þórir Hergeirsson verði kynntur sem nýr landsliðsþjálfari Evrópu- og Ólympíumeistara Noregs á næstu dögum.

Þórir tekur við af Marit Breivik sem hefur stýrt liðinu í fjórtán ár en Þórir hefur verið henni til aðstoðar síðustu ár. - óþ

# Uppgjör efnilegustu leikmannanna

**Topplið Fram heimsækir nýliða FH í kvöld en innan raða félaganna eru tveir efnilegustu handknattleiksmenn landsins, Rúnar Kárason hjá Fram og Aron Pálmarsson hjá FH, sem halda brátt báðir til Þýskalands.**

**HANDBOLTI** N1-deild karla í handbolta hefst að nýju í kvöld eftir langt frí en þá fer fram heil umferð og hefjast allir leikirnir kl. 19.30. Hinir stórefnilegu Rúnar Kárason hjá Fram og Aron Pálmarsson hjá FH verða í eldlínunni þegar félögin tvö mætast í Krikanum en báðir hafa þeir samþykkt að ganga í raðir þýskra félaga eftir yfirstandandi tímabil, Rúnar til Füchse Berlin og Aron til Kiel.

„Það er mikil eftirvænting að byrja aftur og ég held að við séum bara með alla leikmennina heila heilsu og Viggó þjálfari er búinn að tala um að hann verði í vandræðum með að velja liðið, í fyrsta skiptið í vetur. Við erum búnir að vera að spila ágætlega í vetur en samt ekkert frábærir og ég tel okkur enn eiga slatta inni,“ segir Rúnar.

Fram og FH gerðu 28-28 jafntefli í fyrri leik félaganna í Framhúsinu.

„Leikurinn í Framhúsinu var mjög jafn og við lentum satt best að segja í miklu basli með FH-ingana. FH-ingarnir komu á óvart til að byrja með en svo fóru liðin kannski að læra aðeins á þá en þeir eru engu að síður með hörkulið og hafa líka verið að styrkja sig mikið,“ segir Rúnar.

FH-ingar hafa notað fríið vel og fengið til sín landsliðsmanninn Bjarna Fritzson og hægri skyttuna efnilegu Hermann Björnsson frá Stjörnunni og verða þeir báðir með í kvöld.

„Það er óhætt að segja að það sé mikil spenna í mannskapnum eftir í raun annað undirbúningstímabil þar sem við erum ekkert búnir að spila í fimm vikur. Við mætum hins vegar á allt öðrum forsendum til leiks núna heldur en í upphafi móts þar sem við vitum alveg hvað við getum gert gegn hinum liðunum í deildinni og höfum því sett okkur ný markmið. Við erum líka búnir að styrkja leikmannahópinn með tveimur mjög góðum leikmönnum sem hafa verið að koma ekkert smá vel út á æfingum og smellpassa báðir inn í okkar leik,“ segir Aron Pálmarsson sem er klár eftir að hafa meiðst á nára á æfingarmóti með landsliðinu í byrjun janúar.

„Ég tognaði eitthvað aðeins en er alveg orðinn hundrað prósent klár og við erum búnir að nota tímann vel og æfa af krafti og erum allir í frábæru formi. Við gerðum jafntefli við Fram í fyrri leiknum en okkur fannst við eiga meira skilið út úr þeim leik og við hræðumst ekkert lið í deildinni. Við förum bara í alla leiki til þess að vinna þá, það er ekkert flókið,“ segir Aron. omar@frettabladid.is





**MAGNAÐIR** Efnilegustu handboltamenn landsins etja kappi í Kaplakrikanum í kvöld.

| RÚNAR KÁRASON | (FRAM) |
|---|---|
| Fæddur: | 24. maí 1988 |
| Hæð: | 194 sm. |
| Þyngd: | 105 kg. |

**Aron um Rúnar:** „Rúnar er búinn að eiga frábært tímabil og hann reyndist okkur mjög erfiður í fyrri leiknum í Framhúsinu þar sem hann setti fimmtán „slummur“. Hann er gífurlega kraftmikill og frábær skytta og við þurfum að reyna að mæta honum framarlega til að stoppa hann,“ segir Aron um Rúnar.

| ARON PÁLMARSSON | (FH) |
|---|---|
| Fæddur: | 19. júlí 1990 |
| Hæð: | 193 sm. |
| Þyngd: | 95 kg. |

**Rúnar um Aron:** „Það er lykilatriði ef þú ætlar að vinna FH að stoppa Aron því hann er í hörkuformi strákurinn. Hans helsti kostur er að það er ekkert sem hann getur ekki gert og veikleikar hans eru fáir. Hann er frábær skotmaður, með gott auga fyrir leiknum og vanmetinn varnarmaður,“ segir Rúnar um Aron.


Hressandi starf

Vegna breytinga á dreifingarfyrirkomulagi erum við að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð á morgnana frá kl.06 - c.a. 07.

Um er að ræða hverfi í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ.



Dreifing fer fram 6 daga vikunnar, mánudaga til laugardaga.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330 og 585 8330

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | posthusid.is


Tottenham gekk í gærdag frá kaupunum á Wilson Palacios frá Wigan:

## Palacios í raðir Tottenham

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Wilson Palacios hefur ákveðið að yfirgefa Wigan og ganga í raðir Tottenham og er þegar búinn að gangast undir læknisskoðun og ná samkomulagi um fimm ára samning við Lundúnafélagið, en aðeins á eftir að fá atvinnuleyfi leikmannsins samþykkt hjá ensku úrvalsdeildinni. Talið er að kaupverðið sé á bilinu 12-14 milljónir punda en Palacios kom til Wigan fyrir ári síðan á eina milljón punda.

Hinn 24 ára gamli Palacios hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir frábæra spilamennsku með Wigan í vetur og verið orðaður við stórlið á borð við Manchester United og Real Madrid og knattspyrnustjórinn Harry Redknapp hjá Tottenham er því afar ánægður með nýja leikmanninn.

„Palacios er leikmaður sem mér líkaði mjög vel við um leið og ég sá hann fyrst spila og ég bind vonir við að hann eigi eftir að verða enn betri í framtíðinni fyrir Tottenham. Hann mun koma með mikla baráttu inn í liðið og hann er mjög vinnusamur og lokar svæðum vel og er einmitt sá maður sem okkur vantar,“ segir Redknapp.

Redknapp er þekktur refur á leikmannamarkaðnum og samkvæmt breskum fjölmiðlum í gær er hann hvergi nærri hættur að kaupa í janúar-félagsskiptaglugganum. Redknapp er sagður vera búinn að leggja fram fyrirspurn til Inter um möguleikann á að fá til sín varnarmennina Marco Materazzi, Nicolas Burdisso, miðjumanninn Patrick Vieira og sóknarmanninn Mario Balotelli. - óþ



**PALACIOS** Í leik með Wigan gegn Tottenham í byrjun janúar. NORDIC PHOTOS/GETTY


ALLTAF BETRA VERÐ
Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.
LOGITECH X-240 Logitech
Vandað hátalarakerfi með tengimöguleika við MP3 spilara
9.990
Logitech
LOGITECH QUICKCAM
QuickCam Deluxe er flott vefmyndavél fyrir fartölvur, USB
12.990
22"
V223WBD
• Glæsilegur 22" breiðtjaldsskjár
• 1680x1050 í upplausn
• 2500:1 í skerpu
• 5ms viðbragðstími
• VGA og DVI-D tengi
• 300 cd/m² í birtu
acer
36.990
Logitech
LOGITECH LS1
Ný laser mús sem sameinar bæði stílhreina hönnun og þægindi
5.990
LOGITECH WAVE Logitech
Logitech Wave lyklaborðið er hannað með þægindi í fyrirrúmi
6.990
ASUS
EEE Box borðtölvan er örsmá og ein sú fyrirferðaminnsta í heiminum, aðeins 1L rúmmál. Hentar vel á skrifstofuna eða sem auka tölva fyrir heimilið. Einstaklega hljóðlát tölva með flotta stílhreina hönnun.
ASUS EEE BOX BORÐTÖLVA
• 1.6GHz Intel Atom N270 örgjörvi
• 1GB vinnsluminni
• 160GB harður diskur
• DVI og 4xUSB tengi
• Windows XP stýrikerfi
• Þráðlaust b/g/n netkort
69.990
msi
MSI GEFORCE 9500GT
512MB GDDR2 skjákort, HDMI, DVI, HDTV og Direct X10
17.990
bitdefender
ÖRUGG VÍRUSVÖRN
Vírusleitarvél, stöðvar upplýsingaþjófnað, eldveggur, ruslpóstsía, aðgangsstýringar o.fl
4.990
WD
250GB PASSPORT
250GB flakkari frá WD með háhraða USB 2.0 tengi
19.990
CREATIVE
CREATIVE XMOD
Með XMOD hljóðkortinu færð þú 24 bita X-Fi hljóm úr tölvunni þinni
7.990
TÖLVULISTINN
TL.IS
www.tolvulistinn.is
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR
NÓATÚNI 17 S: 414 1700
STRANDGÖTU 9 S: 414 1730
MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735
HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740
AUSTURVEGI 34 S: 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750
HLÍÐASMÁRA 10 S: 414 1760

# ÚRSLIT

## *Iceland Express-deild kvk*

| | |
|---|---|
| Valur-Keflavík | 74-80 (43-48) |

**Stig Vals:** Signý Hermannsdóttir 18 (27 frák., 10 varin), Kristín Óladóttir 14, Guðrún Baldursdóttir 13, Lovísa Guðmundsdóttir 12 (7 frák., 7 stoðs.), Kristjana Magnúsdóttir 10, Þórunn Bjarnadóttir 7 (12 frák., 11 stoðs.).
**Stig Keflavíkur:** Birna Valgarðsdóttir 18, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 14, Rannveig Randversdóttir 14, Halldóra Andrésdóttir 13, Pálína Gunnlaugs dóttir 11 (5 stoðs.), Svava Ósk Stefánsdóttir 6 (8 stoðs., 7 frák.), Lóa Dís Másdóttir 2, Marín Rós Karlsdóttir 2.

| | |
|---|---|
| Hamar-Haukar | 73-79 (37-35) |

**Stig Hamars:** Lakiste Barkus 36 (12 frák.), Julia Demirer 20 (12 frák.), Hafrún Hálfdánardóttir 6, Íris Ásgeirsdóttir 6, Fanney Lind Guðmundsdóttir 4, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 1.
**Stig Hauka:** Slavica Dimovska 33 (4 stoðs.), Moneka Knight 13 (5 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 11 (9 frák., 4 stoðs.), Helena Hólm 7, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 6 (11 frák.), María Lind Sigurðardóttir 6, Guðbjörg Sverrisdóttir 2, Sara Pálmadóttir 1.

| | |
|---|---|
| Grindavík-Snæfell | 68-81 (33-41) |

**Stig Grindavíkur:** Helga Hallgrímsdóttir 18 (10 frák.), Íris Sverrisdóttir 13, Jovana Lilja Stefánsdóttir 13, Petrúnella Skúladóttir 9, Berglind Anna Magnúsdóttir 6, Ólöf Helga Pálsdóttir 4, Ingibjörg Jakobsdóttir 3, Lilja Ósk Sigmarsdóttir 2.
**Stig Snæfells:** Kristen Green 23 (11 frák., 7 stoðs.), Gunnhildur Gunnarsdóttir 20 (7 stoðs.), Berglind Gunnarsdóttir 13, Sara Sædal Andrésdóttir 10 (8 frák.), Sara Mjöll Magnúsdóttir 8, Unnur Ásgeirsdóttir 5, Ellen Högnadóttir 2.

## *Eimskipsbikar kvenna*

| | |
|---|---|
| FH-Fram | 29-27 (15-11) |

**Mörk FH:** Ragnhildur Guðmundsdóttir 10, Guðrún Tryggvadóttir 4, Gunnur Sveindóttir 4, Ásdís Sigurðardóttir 4, Ebba Særun Brynjarsdóttir 3, Hildur Þorgeirsdóttir 3, Brina Íris Helgadóttir 1.
**Mörk Fram:** Stella Sigurðardóttir 11, Þórey Rósa Stefánsdóttir 4, Karen Knútsdóttir 3, Pavla Nevarilova 3, Marthe Sördal 2, Ásta Birna Gunnarsdóttir 2, Sara Sigurðardóttir 1, Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 1.

| | |
|---|---|
| Fylkir-Haukar | 27-33 (12-15) |

## *Enski deildarbikarinn*

| | |
|---|---|
| Burnley-Tottenham | 3-2 (3-0) |

1-0 Robbie Blake (34.), 2-0 Chris McCann (73.), 3-0 Jay Rodriguez (88.), 3-1 Roman Pavlyuchenko (118.), 3-2 Jermain Defoe (120).
*Tottenham mætir Man. Utd í úrslitaleik 1. mars.

## *HM í handbolta*

**A-riðill:**

| | |
|---|---|
| Austurríki-Rúmenía | 20-40 (9-21) |
| Ungverjaland-Argentína | 31-20 (17-8) |
| Slóvakía-Frakkland | 9-15 (26-35) |

*Nicola Karabatic skoraði 9 mörk fyrir Frakkland.

**B-riðill:**

| | |
|---|---|
| Kúba-Suður Kórea | 26-31 (13-17) |
| Svíþjóð-Kúveit | 30-19 (17-9) |
| Spánn-Króatía | 22-32 (11-18) |

**C-riðill:**

| | |
|---|---|
| Alsír-Rússland | 28-29 (14-17) |
| Makedónía-Þýskaland | 23-33 (14-13) |
| Pólland-Túnis | 31-27 (16-11) |

*Tomasz Tluczynski skoraði 11 mörk fyrir Pólland.

**D-riðill:**

| | |
|---|---|
| Saudi-Arabía-Brasilía | 24-26 (10-14) |
| Noregur-Serbía | 26-27 (10-12) |
| Egyptaland-Danmörk | 17-26 (7-12) |



**27 FRÁKÖST EKKI NÓG** Signý Hermannsdóttir átti teiginn gegn Keflavík en það dugði ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ekki af því að hann er pabbastrákur

**Valur Orri Valsson er yngsti leikmaður til að spila, byrja inn á og skora í úrvalsdeild karla en hann var aðeins 14 ára, 6 mánaða og 25 daga þegar faðir hans skellti honum beint í byrjunarliðið í fyrsta leik ársins. Valur Orri er einn fjölmargra framtíðarmanna Njarðvíkur sem faðir hans hefur gefið tækifæri í vetur.**

**KÖRFUBOLTI** Valur Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkur, kom mörgum á óvart með því að skella fjórtán ára syni sínum inn í byrjunarliðið í fyrsta leiknum á nýju ári en strákurinn, Valur Orri, hefur staðið sig vel í krefjandi hlutverki leikstjórnanda. Valur hefur gefið fjölmörgum ungum og efnilegum strákum tækifæri í vetur, tækifæri eins og hann fékk sjálfur í Njarðvík fyrir þremur áratugum.

Valur Orri Valsson varð yngsti leikmaður úrvalsdeildar karla til þess að spila, byrja inn á og skora þegar hann spilaði sinn fyrsta leik í vetur. Valur var 14 ára, 6 mánaða og 25 daga þegar hann spilaði á móti FSu 9. janúar 2009 og bætti þar með met Pavels Ermolinskij sem var 14 ára, 9 mánaða og 17 daga þegar hann spilaði sínar fyrstu mínútur í úrvalsdeild í leik með Skallagrími gegn KR 2001.

Valur segir aðstæður í Njarðvíkurliðinu, meiðsli og leikbönn hafa kallað á að hann fór að taka strákinn sinn með á æfingar milli jóla og nýárs. „Það var enginn bakvörður á æfingum og ég fékk Val til þess að fara með mér á æfingu. Hann stóð sig bara vel og ég ákvað bara að nota hann í leiknum,“ segir Valur en Valur yngri spilaði í 16 mínútur í fyrsta leiknum á móti FSu og skoraði tvö stig.

### Fær mikinn stuðning frá liðinu

„Hann byrjaði inn á og stóð sig vel. Hann hefur spilað þrjá leiki með okkur og hefur staðið sig rosalega vel í þeim. Hann sýnir mikla yfirvegun og missir mjög lítið boltann. Hann fær gríðarlegan stuðning frá Loga, Frikka, Magga og öllum strákunum,“ segir Valur en Valur hefur hækkað sig í stigum og framlagi með hverjum leik og var nú síðast með 8 stig og 3 stoðsendingar í sigri á Stjörnunni.

Valur er líka ánægður með að tilkoma Vals Orra losar Loga Gunnarsson og Magnús Þór Gunnarsson við að koma upp með boltann. „Hann hefur ótrúlegan leikskilning miðað við svona ungan krakka,“ segir Valur.

Valur Orri er ekki eini kornungi leikmaður Njarðvíkur í vetur þó svo að hann sé sá yngsti. Fimm aðrir strákar, 17 ára eða yngri, hafa fengið að spila. „Ég hef gefið öllum ungu strákunum tækifæri og flestir hafa fengið töluvert mikil tækifæri,“ segir Valur og þetta hefur ekkert með það að gera að hann sé sonur hans.

### Hefur hjálpað okkur

„Hann hefur hjálpað okkur og meðan hann gerir það þá fær hann tækifæri. Þetta er ekki af því að hann er pabbastrákur,“ segir Valur í léttum tón. Hann passar þó alveg ágætlega upp á strákinn sinn.



**VALUR ORRI OG VALUR** Feðgarnir, Valur Orri Valsson og Valur Ingimundarson, saman með boltann á milli sín FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég er tilbúinn á bekknum að kippa honum út af eins og skot ef það eru mikil læti,“ segir Valur og hann hefur samt séð sáralítið stress hjá stráknum sínum.

### Fékk sjálfur tækifærið í Njarðvík

Valur Orri er eins og áður hefur komið fram leikstjórnandi Njarðvíkurliðsins en pabbi hans viðurkennir að leikni hans með boltann liggi kannski ekki í genunum.

„Mér finnst svolítið skrýtið hvað hann er góður í að „dripla“ bolta miðað við það að ég gat ekki „driplað“ og móðurbróðir hans, Kristinn Friðriksson, var enn þá verri en ég. Hann hefur verið með boltann í höndunum alla tíð, hann er nánast jafnhentur og það hjálpar honum mikið,“ segir Valur sem lék sinn fyrsta leik fyrir Njarðvík í Kennaraháskólanum 18. október 1979.



**JAFNHENTUR** Valur Orri Valsson hefur haft boltann milli handanna frá fyrstu tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég var sautján ára og þá var ég tiltölulega nýbyrjaður í körfubolta og kunni nánast ekkert. Ég fékk tækifæri í Njarðvík á sínum tíma og það ýtti manni áfram. Fyrir mig var það mikil hvatning að fá tækifærið og ég held að það sé það sama fyrir strákana í Njarðvík í dag,“ segir Valur sem er langstigahæsti leikmaður úrvalsdeildar karla en hann skoraði 7.355 stig í 400 úvalsdeildarleikjum, eða 18,4 að meðaltali í leik.

Þetta er í þriðja sinn sem Valur gerist þjálfari Njarðvíkur í hin tvö skiptin, 1986-87 og 1993-94, þá skilaði hann Íslandsmeistaratitli á fyrsta ári. Valur vissi þó alveg að hann væri að fara inn í allt annað dæmi nú.

### Ánægja með að guttarnir spili

„Ég er ekkert að byrja í þessu og vissi alveg að þetta ár yrði erfitt. Þetta er allt meðvitað hjá okkur og við erum ekki að stressa okkur yfir einu eða neinu. Það eru allir með okkur í þessu í Njarðvík og það hefur meira að segja verið klappað fyrir okkur þegar við höfum tapað. Njarðvíkingar styðja svo sannarlega við sitt lið í dag,“ segir Valur og það hefur verið tekið mjög vel í það að hann sé að nota framtíðarleikmenn félagsins.

„Fólk er mjög ánægt með það að sjá guttana sína fá að spila. Þeir fá mikinn stuðning þegar þeir koma inn á völlinn. Með heppni gætum við komist í Höllina og það er eitthvað sem enginn reiknaði með þegar allir leikmenn voru að fara frá liðinu,“ segir Valur.

Næsti leikur er undanúrslitaleikur bikarsins á sunnudaginn þegar liðið heimsækir Njarðvíkinginn Teit Örlygsson og lærisveina hans í Stjörnunni.

### Höllin væri algjör bónus

„Við erum að taka tímamótaár hjá Njarðvík og að komast í Höllina er algjör bónus ofan á öll plön hjá okkur. Okkar plön fyrir þennan vetur hafa gengið ágætlega og við vitum alveg í hvaða stöðu við erum. Við heitum enn þá Njarðvík þó að við séum með kornungt lið og það eru allir rosalega hissa þegar Njarðvík tapar,“ segir Valur og bætir við.

„Við erum litlir og ungir og mér finnst við búnir að gera ótrúlega hluti miðað við að hafa spilað meirihluta af vetrinum leikstjórnendalausir. Við eigum kornunga leikstjórnendur og Frikki er nánast eini stóri maðurinn í liðinu. Það er ekki alltaf hægt að vera á toppnum. Fólk er mjög ánægt með það að það sé verið að endurnýja liðið. Þessir strákar koma til með að búa að þessum vetri,“ segir Valur að lokum. **ooj@frettabladid.is**

Iceland Express deild kvenna:

## Snæfell vann í Grindavík

**KÖRFUBOLTI** Keflavík og Haukar héldu áfram sigurgöngu sinni í Iceland Express-deild kvenna í gær og þá unnu nýliðar Snæfells sinn annan leik í röð þegar liðið vann öruggan sigur í Grindavík.

Nú verður deildinni skipt í tvennt, Haukar, Keflavík, Hamar og KR verða í efri hlutanum en Valur, Grindavík, Snæfell og Fjölnir í þeim neðri.

Haukar unnu tólfta deildarleikinn í röð þegar liðið vann Hamar 73-79 í Hveragerði í fyrsta leik Moneku Knight.

Keflavík vann sinn sjötta leik í röð þegar vann Val, 80-74, í Vodafone-höllinni. Með því að vinna 68-81 sigur í Grindavík vann kvennalið Snæfells í fyrsta sinn tvo leiki í röð í efstu deild en liðið vann stórsigur á Fjölni í umferðinni á undan. **- óój**

Næstsíðasta umferð riðlakeppninnar á HM í handbolta fór fram í gær:

# Króatar rassskelltu Spánverja

**HANDBOLTI** Línur eru örlítið farnar að skýrast í riðlakeppni HM í handbolta sem fram fer þessa dagana í Króatíu en næst síðasta umferðin var leikin í gær. Þar bar hæst stórsigur Króatíu gegn Spáni í b-riðli. Lokaumferðin fer fram í dag og kvöld þar sem í ljós kemur hvaða þrjú lið úr riðlunum fjórum komast áfram í milliriðla.

Króatar byrjuðu af miklum krafti gegn Spánverjum í gær og voru fljótt komnir með 2-7 forystu. Heimamenn gáfu í rauninni aldrei eftir í leiknum og léku Spánverjana grátt með gríðarlega öflugum varnarleik, frábærri markvörslu og hröðum sóknarleik. Staðan í hálfleik var 11-18 Króötum í vil. Heimamenn héldu uppteknum hætti í síðari hálfleik og bættu í hraðann og Spánverjar áttu engin svör og svo fór að Króatar unnu tíu marka sigur, 22-32.



**FÖGNUÐUR** Króatinn Petar Metalic fagnar í leikslok í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Króatar sitja á toppi b-riðils ásamt Svíum en bæði lið hafa unnið alla fjóra leiki sína hingað til á mótinu og mætast í kvöld í leik sem sker úr um hvort liðið endar í toppsætinu. Spánverjar og Suður-Kóreumenn mætast í úrslitaleik um þriðja sæti riðilsins.

Í a-riðli eru Frakkar í efsta sæti eftir sigur gegn Slóvakíu í gær en Frakkar hafa unnið alla fjóra leiki sína og mæta Ungverjum í úrslitaleik um efsta sætið í kvöld. Slóvakía og Rúmenía mætast í úrslitaleik um þriðja sætið.

Í c-riðli Þjóðverjar efstir og Pólland í öðru sæti en liðin mætast í kvöld í baráttu um efsta sætið í kvöld. Makedónar og Rússar mætast í úrslitaleik um þriðja sætið.

Í d-riðli eru Danir og Norðmenn komnir áfram í milliriðla en liðin mætast í úrslitaleik um efsta sætið í kvöld. Brasilíumenn, Serbar og Egyptar berjast um þriðja sætið. **- óþ**




**FRÁBÆR** Ragnhildur Guðmundsdóttir skoraði tíu mörk í sigri FH gegn Fram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Eimskipsbikar kvenna:

## FH og Haukar í undanúrslitin

**HANDBOLTI** Hafnarfjarðarliðin FH og Haukar komust í undanúrslit Eimskipsbikars kvenna í handbolta í gær. FH vann Fram 29-27 í Kaplakrika og Haukar unnu Fylki 27-33 í Fylkishöll.

Áður voru KA/Þór og Stjarnan búin að tryggja sér farseðilinn í undanúrslitin. **- óþ**


ÓMISSANDI FYRIR ALLA AÐDÁENDUR
SPENNU- OG HRYLLINGSMYNDA.
UNDERWORLD
RISE OF THE LYCANS
HEIMSFRUMSÝND 23. JANÚAR
SENDU SMS ESL DND Á NÚMERIÐ
1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR Á MYNDINA,
TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR, PEPSI OG MARGT FLEIRA
WWW.SENA.IS/UNDERWORLD
BÍÓMIÐI
SMS LEIKUR
9. HVER VINNUR!
Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

> **Jenna Fischer**

„Einu sinni vann ég sem ritari en hafði engan metnað í því starfi. Ég eyddi tveimur klukkustundum í að leysa verkefni sem tók hálftíma svo lét ég sem ég hefði ekki tíma til að sinna öðru.“ Fischer fer með hlutverk móttökuritarans Pam Beesly í þættinum The Office sem sýndur er á Skjáeinum í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HORFIR Á FATLAÐ STRIPP

# *Ýmsar birtingarmyndir jafnréttis*

Fólki verður tíðrætt um jafnrétti. Flestum kemur þá í hug hið sívinsæla jafnrétti kynjanna þar sem í langflestum tilfellum er krafist aukinna valda konum til handa. Til dæmis vilja nú einhverjir meina að bankarnir hefðu verið hógværari ef konur hefðu verið fleiri í æðstu stöðum. Vandi er um slíkt að spá.

Um daginn var ég minnt á það að birtingarmyndir jafnréttis eru miklu fleiri. Ég horfi ekki oft á skandinavísku sjónvarpsstöðvarnar en af einhverjum völdum átti ég leið um þær á sjónvarpsflakki mínu. Eitthvað varð til þess að ég dokaði við á sænsku ríkisrásinni. Þar spilaði kannski inn í sú staðreynd að þar glitti í vel vaxinn karlmann beran að ofan. Hins vegar tel ég að meira máli hafi skipt að þarna var á ferð karlmaður í hjólastól, uppi á sviði með nokkrum öðrum fötluðum mönnum. Voru þeir að tína af sér fötin uppi á sviði í takt við tónlist meðan hópur kvenna hvatti þá áfram. Hvað er nú þetta? Hugsaði ég og varð óneitanlega hugsað til myndarinnar Full Monty enda kom í ljós að það var ekki fjarri lagi.



Hér var á ferðinni bresk heimildarmynd sem unnið hefur til nokkurra verðlauna. Myndin ber yfirskriftina The Crippendales og segir frá hinum lamaða Lee Kemp og draumi hans um að gerast strippari. Lee þykir ekki áberandi ljótur enda hafði hann unnið til titilsins „The sexiest Man in Yorkshire.“ Fylgst er með baráttu Lee við að koma upp fyrstu bresku stripparasveit fatlaðra karlmanna, The Crippendales.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00** Breaking and Entering STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.20** Eli Stone SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Lucky Louie STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.55** Las Vegas STÖÐ 2



▶ **21.00** Flashpoint SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Bella, Boris og Berta** (3:3) (e)

**17.55 Stundin okkar** (e)

**18.25 Skyndiréttir Nigellu** (6:13) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.20 Eli Stone** (5:13) Bandarísk þáttaröð um lögfræðinginn Eli Stone sem verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber og Natasha Henstridge.

**21.05 Lögin í Söngvakeppninni** (2:4) Flutt verða lögin tvö sem komust áfram síðustu helgi.

**21.15 Nynne** (12:13) Dönsk gamanþáttaröð um unga konu sem er illa haldin af neyslubrjálæði, lifir fyrir merkjavöru og skyndikynni við karlmenn, og á nóg af ónotuðum kortum í líkamsræktarstöðvar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Bílfélagar** (Carpoolers) (5:13) Bandarísk gamanþáttaröð um félaga sem eru samferða í vinnuna, úr úthverfi og inn í borg og skrafa saman um lífið og tilveruna á leiðinni. Aðalhlutverk: Faith Ford, Fred Goss, T.J. Miller og Jerry O'Connell.

**22.45 Albúm** (Album) (2:5) (e)

**23.45 Kastljós** (e)

**00.25 Lögin í Söngvakeppninni** (2:4)

**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Beauty Shop**

**10.00 Land Before Time XII. Day of the Flyers**

**12.00 School for Scoundrels**

**14.00 Beauty Shop**

**16.00 Land Before Time XII. Day of the Flyers**

**18.00 School for Scoundrels**

▶**20.00 Breaking and Entering** Áhrifamikil mynd með Jude Law, Robin Wright Penn og Juliette Binoche í aðalhlutverkum.

**22.00 Hostage**

**00.00 Tracker**

**02.00 Saw II**

**04.00 Hostage**

**06.00 Shopgirl**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli kanína og vinir, Refurinn Pablo, Gulla og grænjaxlarnir, Lalli og Ofurhundurinn Krypto.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (236:300)

**10.15 Extreme Makeover. Home Edition** (4:25)

**11.00 The Riches** (1:7)

**12.00 Project Runway** (15:15)

**12.45 Neighbours**

**13.10 Forboðin fegurð** (103:114)

**13.55 Forboðin fegurð** (104:114)

**14.45 Ally McBeal** (5:24)

**15.35 Sabrina - Unglingsnornin**

**15.58 Háheimar**

**16.23 Hlaupin**

**16.38 Doddi litli og Eyrnastór**

**16.48 Smá skrítnir foreldrar**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Neighbours**

**17.58 Friends**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.15 Markaðurinn með Birni Inga**

**19.45 The Simpsons** (15:23) Marge nýtur þess til hins ýtrasta að keyra um á sportbíl þar til akstursslag hennar nær athygli Wiggums lögregluforingja.

**20.10 Amazing Race** (3:13) Amazing Race er ein allra vinsælasta raunveruleikaþáttaröð allra tíma. Í elleftu seríunni mæta til leiks nokkrir af sterkustu keppendunum úr tíu fyrstu seríunum til að fá úr því því skorið hvert sé sterkasta parið frá upphafi.

▶**20.55 Las Vegas** (18:19) Í fimmtu og síðustu þáttaröðinni af Las Vegas fylgjumst við með lífi og starfi öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingar spilafíkla, glæpahyskis, fjárglæframanna og annarra veikgeðja sálna eru ótal margar.

**21.40 Prison Break** (15:22)

**22.30 Diamonds are Forever**

**00.30 Réttur** (1:6)

**01.15 Cold Blood 5**

**02.25 Mad Men** (5:13)

**03.10 The Touch**

**04.55 Single White Female 2. The Psy**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Burnley - Tottenham** Útsending frá leik í enska deildarbikarnum.

**15.20 Burnley - Tottenham** Útsending frá leik í enska deildarbikarnum.

**17.00 Espanyol - Barcelona** Útsending frá leik í spænska bikarnum.

**18.40 PGA Tour 2009** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.

**19.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**20.00 Atvinnumennirnir okkar - Hermann Hreiðarsson** Auðunn Blöndal leiðir áhorfendur í allan sannleikann um atvinnumanninn Hermann Hreiðarsson.

**20.35 Utan vallar með Vodafone** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.

**21.30 NFL-deildin. NFL Gameday** Þáttur þar sem hver umferð í NFL-deildinni er skoðuð í bak og fyrir.

**22.00 NBA-tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.

**22.30 Atvinnumennirnir okkar - Hermann Hreiðarsson**

**23.05 Utan vallar með Vodafone**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.40 West Ham - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildini.

**17.20 Chelsea - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.00 Premier League Review** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.30 Goals of the Season 2007** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**21.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**22.40 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**23.10 Blackburn - Newcastle** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.25 Vörutorg**

**18.25 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.10 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (22:27) (e)

**20.00 Rules of Engagement** (4:13) Bandarísk gamansería um vinahóp sem samanstendur af hjónum, trúlofuðu pari og kvensömum piparsveini. Jeff segir Audrey að þegja yfir framhjáhaldi vinar þeirra því strákar kjafta ekki frá slíku.

**20.30 The Office** (2:19) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Michael stendur fyrir góðgerðarhlaupi meðal starfsmanna skrifstofunnar en það hafa ekki allir jafnmikinn áhuga á að taka þátt í hlaupinu.

▶**21.00 Flashpoint** (2:13) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest. Þetta þrautþjálfaða lið sérfræðinga þarf að fást við mannræningja, hryðjuverkamenn og aðra hættulega einstaklinga og það reynir mikið á líkama og sál. Sérsveitin er send á sjúkrahús þar sem karlmaður heldur fólki í gíslingu og krefst þess að dauðvona dóttir sín fái nýtt hjarta.

**21.50 Law & Order** (16:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Körfuboltastjarna er grunuð um morð á manni sem lögsótti hana út af slagsmálum milli leikmanna og áhorfenda.

**22.40 Jay Leno** Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 Britain's Next Top Model** (2:10)

**00.20 Sugar Rush** (10:10) (e)

**00.45 Vörutorg**

**01.45 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 SPORT KL. 20.00
### Atvinnumennirnir okkar

Annar þátturinn í þessari mögnuðu þáttaröð þar sem skyggnst verður inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar með augum Auðuns Blöndals. Að þessu sinni er það bakvörðurinn knái, Hermann Hreiðarsson í Portsmouth, og kona hans, Ragna Lóa, sem bjóða Audda velkominn og ræða við hann um aðdáendurna, glæsilegt heimilissetur hjónanna og drauminn sem varð að veruleika.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Markaðurinn með Birni Inga
### Stöð 2 kl. 19.15

Aðalgestur í Markaðnum með Birni Inga á Stöð 2 í kvöld er Tryggvi Jónsson, endurskoðandi og fyrrverandi forstjóri Baugs. Hann ræðir meðal annars um hrun íslenska efnahagslífsins, umdeild störf sín fyrir Landsbankann og síðasta mánuð sem hann segir að hafi verið erfiðari sér persónulega en öll þau sex ár sem hafi farið í Baugsmálið fyrir dómstólum. Þá fær Björn Ingi í heimsókn góða gesti úr atvinnulífinu sem ræða atburði síðustu daga. Markaðurinn er í opinni dagskrá.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Svörtu hestarnir
**15.30** Miðdegistónar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Aldraður lingvafónn
**23.10** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (108:260)
**16.30 Hollyoaks** (109:260)
**17.00 Seinfeld** (6:24)
**17.30 Lucky Louie** (1:13)
**18.00 Sex and the City** (9:18)
**18.30 Sex and the City** (10:18)
**19.00 Hollyoaks** (108:260)
**19.30 Hollyoaks** (109:260)
**20.00 Seinfeld** (6:24) Á meðan Kramer kemur gömlu sviðsmyndinni úr spjallþáttum Mervs Griffins fyrir í íbúðinni sinni leggur Jerry á ráðin um að komast yfir gömul gull sem eru falin í fataskápnum hjá vinkonu hans.
▶**20.30 Lucky Louie** (1:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
**21.00 Sex and the City** (9:18) Stöð 2 Extra og Stöð 2 sýna eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**21.30 Sex and the City** (10:18)
**22.00 Gossip Girl** (17:18) Framhaldsþáttur byggður á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra og fordekraðra krakka í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartí.
**22.45 Ghost Whisperer** (58:62) Þriðja þáttaröðin um hina ungu og fallegu Melindu Gordon sem gædd er sjötta skilningarvitinu. Hún er því, oft gegn vilja sínum, í nánu sambandi við hina framliðnu.
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Guðlaugur Þór Þórðarson hæstvirtur heilbrigðisráðherra er á öndverðum meiði við háttvirtan þingmann Jón Bjarnason.
**21.00 Gestir Guðrúnar** Hin landsþekkta blaðakona Guðrún Guðlaugsdóttir hefur sinn fyrsta þátt á ÍNN með viðtali við skáldkonuna Margréti Lóu Jónsdóttur.
**21.30 Íslands safarí Akeem** Richard Oppong stýrir umræðuþætti um málefni innflytjenda.

## DR 1

**12.05** Aftenshowet **12.30** Stemmer fra opgangen **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Update **15.30** Braceface **15.55** Oggy og kakerlakkerne **16.00** Den amerikanske drage **16.25** F for Får **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Rejseholdet **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** V-cup skiskyting **14.30** Ansikt til ansikt **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** V-cup skiskyting **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Sørens ønskestøvler **17.05** Fritt fram **17.35** Suppeopera **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 70-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Life on Mars **21.30** Riksarkivet

## SVT 1

**10.00** Lilla löpsedeln **10.15** Klimatmonstret **10.25** Mellan raderna **10.30** Smalltalk Diaries **10.45** Pip och den stora vida världen **10.55** Ballongsånger **11.00** Rapport **11.05** På spåret **12.05** Andra Avenyn **13.05** Skidskytte **15.00** Rapport **15.05** Konståkning. EM **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** De halvt dolda **21.00** Debatt **21.45** Konståkning. EM




LEIKHÚS- OG TILBOÐSMATSEÐLAR

# HÓTEL HOLT

ÓSKAR LANDSMÖNNUM ÁRS OG FRIÐAR
OG ÞAKKAR FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR Á ÁRINU 2008

**Gallery Restaurant, Hótel Holti, státar af einstökum hópi fagmanna sem töfra fram ómótstæðilega málsverði í anda hins franska eldhúss þar sem lögð er áhersla á íslenskt hráefni. Heimsókn á Gallery Restaurant líður aldrei úr minni.**

***Við stöndum vörð um störf okkar og menningu.***

***Verið hjartanlega velkomin,***
***starfsfólk Hótel Holts, Gallery Restaurant.***

Gallery Restaurant

LEIKHÚSMATSEÐILL

**Leikhúsmatseðill er framreiddur frá kl. 18-20 alla daga vikunnar og er í boði fyrir alla matargesti.**
**Borðapantanir til kl 19.**

Gufusoðin Klausturbleikja með sveppum og beikoni ásamt döðlugljáa

Steikt dádýr eða fersk smálúða, sellerírótarflauel og rauðvínssósa

Hálfbökuð karamellukaka og vanilluís

**Verð aðeins**
**4.990 kr. á mann**



Gallery Restaurant

TILBOÐSMATSEÐILL

**Mánudaga og þriðjudaga**
**Þriggja rétta matseðill á aðeins 4.200 kr. á mann**

FORRÉTTIR

Saltfiskbollur og dill Aioli í salatlaup
Brasseraðir folaldaskankar „Oriental" í opnu ravíolí
Innbökuð gæsalæri í smjördegi umlukin íslenskum aðalbláberjum
Ekta frönsk lauksúpa að hætti Parísarbúa

AÐALRÉTTIR

Steiktur sköturselur, sveppir og beikon í döðlum ásamt flauelismjúkum kartöflum
Gufusoðin lúða á pottaelduðu grænmeti í engiferkrydduðu soði
Íslenskar sjávarafurðir og kanadískur humar í humarsósu að hætti Fernand Point
Dádýrasteik ásamt kremuðum villisveppum, steiktum kartöflum og rauðvínssósu

EFTIRRÉTTUR

Kirsuber í eigin safa ásamt vanilluís og vöfflu
Crème Brûlée

Bergstaðastræti 37 s. 552 5700 holt@holt.is www.holt.is

HÓTEL HOLT

*Borðapantanir í síma 552 5700 og á gallery@holt.is*
*Opið alla daga í hádeginu og á kvöldin.*

## MORGUNMATURINN



*„Það er ein matskeið lýsi, ein matskeið Omega 3, svo fæ ég mér stóra skál fulla af létt AB-mjólk og Kelloggs Bran Flakes. Þetta gefur mér orku og náttúrulega trefjar. Svo hjálpar Omega 3 við að halda ónæmiskerfinu góðu og liðum og taugakerfinu í lagi.“*

Sölvi Fannar Viðarsson einkaþjálfari.

# Guðni Ágústsson setur hús sitt á sölu



**GLÆSIHÚS Á BÖKKUM ÖLFUSÁR** Einbýlishús Guðna er glæsilegt að allri gerð.



**GUÐNI ÁGÚSTSSON** Hugsar sér til hreyfings en er ekki að flýja land.

„Flytja til útlanda? Ertu galinn? Ég er Íslendingur fram í fingurgóma,“ segir Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins.

Glæsilegt einbýlishús hans á Selfossi, 209 fermetrar auk bílskúrs á besta stað við Ölfusá, hefur nú verið sett á sölu. Fasteignamarkaðurinn lýsir húsinu sem einstöku, hiti í gólfum, glæsistofur þar sem hátt er til lofts og vítt til veggja með fallegum arni. „Skáli er út af stofum. Afar fallegs útsýnis nýtur úr stofum og úr skála yfir Ölfusá og víðar“, og þannig má áfram telja: „Baðherbergi er stórt og með glugga, flísalagt í gólf og veggi og bæði með hornbaðkari með nuddi og gólfsturtu með glerveggjum.“ Ekki er gefið upp verð á húsi Guðna en samkvæmt auglýsingu er fasteignamat þess rúmar 35 milljónir króna og brunabótamat rúmar 45 milljónir. Gera má ráð fyrir að væntanlegir kaupendur verði að reiða fram mun hærri upphæð fyrir þetta óðalssetur.

Ljóst má vera að Guðni frá Brúnastöðum hefur enginn kotbóndi verið á Selfossi. Sjálfur vill hann lítt tjá sig um hvað valdi því að hann er nú að selja. „Allir í þessu samfélagi eru að hugsa um sín mál. En ég ætla ekkert að ræða það frekar við þig hvernig ég hagræði mínum eignum,“ segir Guðni. Hann vill ekki heldur segja um hvað standi til með búsetu og hvar hún er nema menn geta treyst því að Guðni Ágústsson er ekki að flýja land. **- jbg**



**LÁRÉTT**
**2.** skraf, **6.** úr hófi, **8.** hyggja, **9.** umrót, **11.** ekki, **12.** svölun, **14.** gáleysi, **16.** í röð, **17.** mjög, **18.** spreia, **20.** frá, **21.** stórra herbergja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** ólæti, **4.** rugla, **5.** nágranni, **7.** agndofa, **10.** eyða, **13.** líða vel, **15.** fugl, **16.** híbýli, **19.** bor.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** of, **8.** trú, **9.** los, **11.** ei, **12.** fróun, **14.** vangá, **16.** hí, **17.** all, **18.** úða, **20.** af, **21.** sala.
**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** at, **4.** brengla, **5.** búi, **7.** forviða, **10.** sóa, **13.** una, **15.** álft, **16.** hús, **19.** al.



**KYNÞOKKAFULLUR ÓLAFUR Á SKRIFSTOFUNNI** Starfsmenn Gámafélagsins létu framleiða dagatal fyrir 2009 og sátu sjálfir fyrir.

ÓLAFUR JÓNSSON: DJARFAR MYNDIR FYRIR STELPUR GÁMAFÉLAGSINS

# Karlkyns kyntákn í rusli










**STARFSMENN GÁMAFÉLAGSINS NAKTIR AÐ OFAN** Ólafur Jónsson, sölu- og þjónustufulltrúi hjá Íslenska gámafélaginu, fór fyrir hópi karlkyns starfsmanna fyrirtækisins sem sátu fáklæddir fyrir á dagatali. Ólafur segir dagatalið tileinkað kvenkyns starfsmönnum fyrirtækisins. Karlarnir hafi skorað á konurnar að toppa þetta framtak.

„Dagatölin eru inni á hverri einustu skrifstofu hjá stelpunum hér og ríflega það – heima hjá þeim líka,“ segir Ólafur Jónsson sölu- og þjónustufulltrúa hjá Íslenska Gámafélaginu.

Starfsmenn Gámafélagsins tóku sig til fyrir jólin og létu taka af sér erótískar myndir til að setja á dagatal sem gefið var út í tilefni nýs árs. Þar getur að líta karlkyns starfsmenn fyrirtækisins bera að ofan og hina kynþokkafyllstu. Að sögn Ólafs var dagatalið unnið af starfsmönnum og tók Sigurður Ástgeirsson áhugaljósmyndari myndirnar í desember. Þá var frost en karlmennin í Gámafélaginu létu það ekki slá sig út af laginu nema síður væri. Reyndar kaus Ólafur, herra Júní, hlýju skrifstofu sinnar en er undantekningin sem sannar regluna. „Þetta gekk svona prýðilega og enginn færðist undan því að sitja fyrir. Við hefðum getað gefið út margar útgáfur með mismunandi fyrirsætum og erum þegar farnir að skipuleggja næsta dagatal. Við erum búnir að skora á stelpurnar hér að toppa þetta en þær eru mjög ánægðar með þetta framtak.“

Starfsmenn Gámafélagsins eru um 230 og þar af um 15 konur, miklir kvenskörungar en dagatalið er tileinkað þeim. Ólafur segir eintóma gleði og hamingju í ruslinu. Ekkert vanti upp á það. „Hér er góður mórall. Toppurinn að vera í ruslinu. Við vorum einmitt að furða okkur á því hér nokkru þegar nánast var haft í hótunum við mann af barnaskólakennurum sem sögðu að ef menn lærðu ekki heima þá myndu þeir enda í ruslinu. Ég lærði ekki heima og sé ekki eftir því. Hvað eru margir atvinnulausir viðskiptafræðingar sem mæla göturnar,“ spyr Ólafur.

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þeir urðu undrandi fréttamenn sem í upphafi viku ætluðu að taka viðtal við **Guðlaug Þór Þórðarson** heilbrigðisráðherra. Hann var þá alveg frá vegna þursabits en Guðlaugur er, sem kunnugt er, kvæntur **Ágústu Johnson** líkamsræktarfrömuði en virðist samkvæmt þessu ekki í mjög góðu formi. Reyndar liggja orsakir þursabits ekki fyrir en talið er að um lífsstílstengt fyrirbæri sé að ræða.



**Halldór Blöndal,** formaður bankaráðs Seðlabankans, kom askvaðandi inn í útvarpshús við Efstaleiti síðdegis í gær og var ekki skemmt. Hafði Halldór verið að hlusta á Víðsjá Eiríks Guðmundssonar sem lýsti atburðum í miðbænum eins og þeir horfðu við honum: að hugsanlega væri hinn íslenski kapítalismi að hrynja fyrir framan nef okkar. Halldór hafði sínar meiningar um útvarpsmennsku RÚVara, hlutverk RÚV og hitti fyrir Pál Magnússon útvarpsstjóra. Páll lét Halldór ekkert eiga inni hjá sér og urðu hressileg orðaskipti þeirra á milli.



Bræðurnir **Hjörleifur** og Loftur Guttormssynir bíða spenntir þriðjudags en þá verða veitt hin íslensku bókmenntaverðlaun að Bessastöðum og báðir eru tilnefndir í flokki fræðibóka. Ingunn Ásdísardóttir og Kristín Ragna Gunnarsdóttir eru fulltrúar kvenkyns í þeim flokki tilnefndra fyrir bókina Örlög guðanna. Aðrir eru Vilhjálmur Árnason og Þorvaldur Kristinsson. Þær gætu þó átt við margnum því margir spá að nú sé loks komið að Einari Kárasyni í flokki fagurbókmennta og þá gæti kynjakvótinn farið að telja. **-jbg**



# Lögregla keyrði á tónlistarmann



**ÓSÁTTUR** Árni segir sárt að uppskera bíl í fangið og kylfu í bakið fyrir friðsamleg mótmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég stóð þarna og var að láta skoðun mína í ljós, án ofbeldis af nokkru tagi, og uppskar lögreglubíl í fangið og kylfu í bakið,“ segir Árni Rúnar Hlöðversson, tónlistarmaður og meðlimur í hljómsveitinni FM Belfast. Árni segir lögreglubíl með fanga innanborðs hafa keyrt á sig á leið frá Alþingishúsinu í mótmælunum á þriðjudag.

„Ég stóð þarna við húsið sem er við hliðina á Alþingishúsinu og stillti mótmælum mínum algjörlega í hóf, ég kastaði engu og lyfti ekki hendi. Þá keyrði lögreglubíll í ofboði á mig og þegar hann var horfinn komu á vettvang aðrir lögregluþjónar sem börðu mig í bakið með kylfum,“ segir Árni og bætir við að hann hafi fengið áverkavottorð á slysadeild og ætli sér að kæra atvikið. „Ég er ekki lífshættulega slasaður, en ég er bólginn á öxlum. Ég hvet alla sem lent hafa í svipuðu til að kæra, þótt vonin um árangur af slíku sé ekki mikil. Kærufjöldinn skiptir líka miklu máli.“

Árni segir lögregluna hafa misst gjörsamlega stjórn á sér fyrir framan Alþingishúsið. „Þeim fannst eins og allir væru að ógna sér, en sú var ekki raunin. Það er ansi sárt að ætla sér að mótmæla á friðsaman hátt og verða fyrir svona árás í staðinn,“ segir Árni Rúnar Hlöðversson. **- kg**









# OUTLET 10

+++ Merki fyrir minna +++

# ÚTSALA

# 99-500 KR

## MIKIÐ ÚRVAL AF VÖLDUM VÖRUM

## DÖMU,  HERRA OG BARNAFATNAÐUR

VERÐDÆMI
HERRA BUXUR: 500 KR
HERRA BOLIR: 500 KR

VERÐDÆMI
BARNA LEVI´S BUXUR: 500 KR
BARNA SOKKABUXUR: 500 KR

VERÐDÆMI
DÖMU BUXUR: 500 KR
DÖMU PILS: 500 KR

OUTLET 10 • Faxafeni 10 • Sími 534 4450

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA $11^{00}$- $18^{00}$
LAUGARDAGA $11^{00}$- $18^{00}$ SUNNUDAGA $12^{00}$ - $17^{00}$

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## TF-HFF

Í haugi válegra tíðinda er beinlínis lífsnauðsynlegt að eitthvað lýsi upp svartnættið. Maður getur þolað skammdegið ef maður veit fyrir víst að vorið kemur aftur. Því rígheldur maður í góðu fréttirnar. Barack Obama er frábær frétt og ekki síður upplífgandi fyrir andann var fréttin um hetjudáð Sullenbergers flugmanns í þotunni sem brotlenti á Hudson-á. Hann gekk tvisvar um vélina til að fullvissa sig um að allir væru komnir út og fór svo síðastur frá borði. Alvöru hetja sem „axlaði ábyrgð".

**ÞEGAR** Ísland hrundi voru fyrirferðarmestar myndlíkingar um skip sem strandar. Hætta var á að við „soguðumst niður með bönkunum" og unnið var „björgunarstarf á strandstað". Mun nútímalegra og eðlilegra í ljósi leiðandi ferðamáta hefði verið að líkja hruninu við flugslys. Við erum farþegar í sömu vél og öll á leið á sama ákvörðunarstað. Það ætti að vera kappsmál flugfélagsins að öllum líði vel á ferðalaginu.

**ÞAÐ** voru engar hetjur við stýrið þegar við hröpuðum. Þegar sjórinn kom æðandi á móti okkur sagði flugstjórinn í kallkerfinu: Svona, þetta er ekkert! Hættið að horfa út um gluggann! Eftir brotlendinguna hljóp flugstjórinn fyrstur frá borði, með súperfínu eftirlaunin sín, og síðan var liðinu á Saga Class smalað út og komið á þurrt. Ekki nóg með það. Vesalingunum á Economy Class, sem velktust um í stórsjónum og reyndu að halda sér í eitthvað, var sagt að þeir yrðu að borga Saga Class-miðana fyrir æðislega liðið. Ekki bara þessa ferð, heldur allar aðrar ferðir, bæði í fortíð og framtíð.

**ÞAÐ** er ömurlegur díll að vera almennur farþegi á TF-HFF.

**NÚ,** næstum fjórum mánuðum síðar, ættu farþegarnir að vera komnir á land. Fötin ættu að vera orðin þurr, einhverjir búnir að byggja skýli og einhverjar haldbærar áætlanir uppi um að koma okkur af eyðieyjunni. Það er ekki þannig. Við velkjumst enn um í ölduskóflunum og höfum ekki hugmynd um hvenær og þá hver komi að hífa okkur upp í ylvolga þyrlu. Við vitum bara það eitt að við þiggjum ekki aftur far með gamla flugstjóranum. Okkur langar ekki aftur til að hanga hnípin fyrir aftan Saga Class-liðið vitandi að við borgum miðana þess.

**ÞESS** vegna verður boðað til kosninga í vor. Þess vegna verður skipt um áhöfn.

**GÓÐAN DAG!**

Í dag er fimmtudagurinn 22. janúar, 22. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.37 | 13.39 | 16.43 |
| Akureyri | 10.39 | 13.24 | 16.10 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


